TD Snap
Notandahandbók



tobii dynavox

Notandahandbók TD Snap

Útgáfa 1.18
09/2021
Allur réttur áskilinn.
Copyright © Tobii AB (publ)

Ekki má afrita nokkurn hluta af þessu skjali, geyma það í endurheimtakerfi, eða senda í nokkru formi, með nokkrum leiðum (rafrænum, ljósritun, upptöku eða á annan hátt) án þess að vera með skriflegt leyfi frá útgefanda.

Höfundarréttarvernd nær yfir öll form og efni höfundarréttarvarinna efna og upplýsinga sem gildandi lög leyfa eða eiga eftir að leyfa, þ.m.t. án takmarka, efni sem kemur frá hugbúnaðinum sem sést á skjánum svo sem skjámyndir, valmyndir o.s.frv.

Upplýsingarnar í þessu skjali eru í eigu Tobii Dynavox. Hverskonar endurgerð að hluta eða í heilu lagi án fyrra skriflegs samþykkis Tobii Dynavox er óleyfileg.

Vörur sem er vísað til í þessu skjali geta verið annað hvort vörumerki og/eða skráð vörumerki viðkomandi eigenda. Útgefandi og höfundur gera ekki tilkall til þessara vörumerkja.

Þó að allrar varfærni hafi verið gætt við undirbúning þessa skjals, taka útgefandi og höfundur enga ábyrgð á villum eða yfirsjónum, eða á tjóni sem verður til af notkun upplýsinga í þessu skjali eða af notkun forrita eða forritunarkóða sem gæti fylgt með því. Útgefandi og höfundur bera enga skaðabótaskyldu vegna tapaðs hagnaðar, eða nokkurs annars viðskiptalegs taps sem orsakast af eða er talið hafa orsakast beint eða óbeint af þessu skjali.

Efni getur breyst án fyrirvara.

Athugaðu vefsíðu Tobii Dynavox
www.TobiiDynavox.com fyrir dagrétta útgáfur af þessu skjali.

Tengiliðaupplýsingar:

Tobii Dynavox AB
Karlsrovägen 2D
182 53 Danderyd
Sweden

+46 8 663 69 90

Tobii Dynavox LLC
2100 Wharton Street, Suite 400
Pittsburgh, PA 15203
USA

+1-800-344-1778

Tobii Dynavox Ltd.
Sheffield Technology Parks
Cooper Buildings
Arundel Street
Sheffield S1 2NS
Bretland

+46 8 663 69 90

Tobii Electronics Technology Suzhou Co. Ltd
Room 401, Building 6, No. 5 Xing Han Street Suzhou
P.R.China 215021

+86 512 69362880

Efnisyfirlit

1 Velkomin 8
1.1 Kerfiskröfur 8
1.2 Studd tungumál 9
1.3 Að fá TD Snap 9
1.3.1 Kaupa taleiginleika 9
2 Kennsluleiðbeiningar og stuðningur 10
2.1 Tobii Dynavox Pathways fyrir Core First 10
2.2 Kennsluleiðbeiningar og stuðningur á vefnum 10
2.3 myTobiiDynavox 10
2.4 Learning Hub 10
3 Að byrja 11
3.1 Setja upp nýjan notanda 11
3.2 Endurheimta núverandi notanda 11
3.3 Veldu síðusett 11
3.3.1 Core First 11
3.3.2 Core First skönnunarsíðusett* 12
3.3.3 Textasíðusett* 12
3.3.4 Málstol síðusett* 12
3.4 Veldu rúðustærð 13
4 Yfirlit 14
5 Efsta stika 15
5.1 Til baka 15
5.2 Heima 15
5.3 Stjórnborð 15
5.4 Leita 15
5.5 Félagsgluggavísir 16
5.6 Gagnarakning 17
5.7 Samstilla 17
5.8 Breyta 17
6 Skilaboðaslá 18
6.1 Tala 18
6.2 Skilaboðagluggi 18
6.2.1 Breyta texta í skilaboðaglugga. 18
6.3 Hreinsa 19
6.4 Eyða 19
6.5 Afturkalla 19
6.6 Endurgera 20
6.7 Spjall 20
6.8 Afrita á hnapp 20
6.9 Deila 20
7 Tækjastikan 21
7.1 Til baka 21
7.2 Kjarnaorð 21
7.3 Flýtivísar 22
7.4 Efni 22
7.4.1 Efnisorð 22

7.4.2 Stuðningur 22
7.5 Lyklaborð 24
7.6 Stjórnborð 24
7.7 Orðaform 25
7.8 Studd leiðsögn 25
7.9 Núverandi Boardmaker athöfn 25
7.10 abc (aðeins þýska) 25
8 Breytingar 27
8.1 Breytingasvæði 27
8.2 Bæta við hnappi 27
8.3 Færa hnapp 28
8.4 Breyta stærð hnapps 28
8.5 Hnappabreytingaverkfæri 30
8.5.1 Afturkalla og endurgera 30
8.5.2 Afrita og líma hnapp 30
8.5.3 Velja alla hnappa 31
8.5.4 Velja marga hnappa 31
8.5.5 Renningsval 32
8.5.6 Fela/sýna hnapp 32
8.5.7 Eyða hnappi 33
8.5.8 Víkka / fella saman breytingaverkfæri nöfn 33
8.6 Hnappa efni 33
8.6.1 Merki hnapps 33
8.6.2 Virkt efni 34
8.6.3 Skilaboð hnapps 36
8.6.4 Hljóðmerki hnapps 36
8.6.5 Mynd hnapps 37
8.6.6 Hnappagerðir 38
8.7 Aðgerðir hnapps 39
8.7.1 Eyða aðgerð 43
8.7.2 Endurraða aðgerðum hnapps 43
8.7.3 Veftafla 43
8.7.4 AccessIT 44
8.7.5 Spila Boardmaker athafnir í TD Snap 46
8.8 Stíll hnapps 50
8.8.1 Bakgrunnur hnapps 50
8.8.2 Rammi hnapps 50
8.8.3 Merki hnapps 51
8.9 Tengja á síðu / búa til nýja síðu 52
8.9.1 Búðu til tengla hnapp í tómu hólfi 52
8.9.2 Búa til tengil þar sem hnappur er þegar til 52
8.9.3 Tengja á nýja síðu / búa til nýja síðu 53
8.9.4 Tengja á síðu sem er til 53
8.9.5 Tengja á nýtt afrit af síðu sem er til 53
8.9.6 Flytja inn og tengja á síðu 53
8.9.7 Heimsækja síðu 54
8.10 Stillingar fyrir hnapp aðgangsaðferða 55
8.11 Málareglur hnapps 55
8.12 Fjarstýringar 56
8.13 Breyta síðu 56

8.13.1 Nafn síðu 57
8.13.2 Tákn síðu 57
8.13.3 Stillingar málareglna 58
8.13.4 Rúðustærð síðu 58
8.13.5 Bakgrunnslitur síðu 59
8.13.6 Sýna/fela skilaboðaslá 59
8.13.7 Eyða síðu 60
8.13.8 Flytja inn/út síður 60
8.14 Skannaðir hópar 60
8.14.1 Valkostir skannaðs hóps 61
8.15 Breyta skilaboðaslá 61
8.15.1 Færðu til og breyttu stærð hluta í skilaboðaslá 62
8.15.2 Bæta við hnöppum í skilaboðaslánna 62
8.15.3 Fjarlægja hnappa úr skilaboðaslá 62
8.16 Breyta verkfærastiku 63
8.17 Sérsniðnir litir 63
9 Stillingar síðusetts 65
9.1 Síðusett 65
9.1.1 Veldu síðusett 65
9.1.2 Búa til nýtt síðusett 65
9.1.3 Endurnefna síðusett og breyta lýsingu 65
9.1.4 Eyða síðusetti 66
9.1.5 Stilla heimasíðu 66
9.1.6 Stilla inn lyklaborðssíðu 66
9.2 Rúðustærð 66
9.3 Stíll síðusetts 67
9.3.1 Leturgerð merki hnappa síðusetts 67
9.3.2 Stærð leturgerðar merki hnappa síðusetts 67
9.3.3 Feitletruð merki hnappa síðusetts 67
9.3.4 Uppsetning hnappa síðusetts 68
9.3.5 Útlit tengla síðusetts 68
9.3.6 Rúðujaðar síðusetts 68
9.3.7 Sjálfvaldir bakgrunnslitir síðusetts 69
9.3.8 Leturgerð skilaboðaglugga síðusetts 69
9.3.9 Stærð leturgerðar skilaboðaglugga síðusetts 69
9.3.10 Litur texta skilaboðaglugga síðusetts 69
9.3.11 Bakgrunnslitur texta skilaboðaglugga síðusetts 69
9.3.12 Auðkennislitur texta skilaboðaglugga síðusetts 70
9.3.13 Bakgrunnslitur texta skilaboðaslár síðusetts 70
9.4 Kjörstillingar síðusetts 70
9.5 Aðlögunarhnappar 71
9.6 Um síðusett 71
9.6.1 Stillingar efnishönnuða síðusetts 71
10 Prenta 73
11 Google aðstoð 75
11.1 Tengdu Google aðganginn þinn 75
11.2 Setja upp Google tækið þitt. 75
11.3 Tungumálastuðningur Google Assistant 75
11.4 Tala við Google Assistant 76

12 Deila og vista 78
12.1 Notendur 78
12.1.1 Taka öryggisafrit af notanda 78
12.1.2 Endurheimta notanda 78
12.2 Síðusett 78
12.2.1 Flytja inn síðusett 78
12.2.2 Vista afrit af síðusetti 79
12.2.3 Deila afriti af síðusetti (í gegnum myTobiiDynavox) 79
12.2.4 Samstilla síðusett 80
12.3 Síðubúnt 82
12.3.1 Flytja út síðubúnt 82
12.3.2 Flytja inn síðubúnt 84
13 Notandastillingar 85
13.1 Breyta notanda 85
13.2 Búa til nýjan notanda 85
13.3 Taka öryggisafrit af notanda 85
13.4 Endurheimta notanda 86
13.5 Breyta/Endurnefna notanda 87
13.6 Eyða notanda 87
13.7 Innskráning á myTobiiDynavox reikning 88
13.8 Rödd 88
13.8.1 Talrödd 88
13.8.2 Raddtíðni 89
13.8.3 Undantekningar í framburði 89
13.9 Úttakstæki tals 90
13.10 Tungumála-sértækar raddir 90
13.11 Google aðgangur 91
13.12 Kjörstillingar notanda 91
13.12.1 Talstillingar 91
13.12.2 Stillingar skilaboðaglugga 91
13.12.3 Spástillingar 92
13.12.4 Stillingar samstillingar 92
13.13 Aðgangsaðferð 92
13.13.1 Sjá aðgangsaðferð 93
13.13.2 Snerti valkostur 93
13.13.3 Halda við valkostur 94
13.13.4 Snerta út valkostur 95
13.13.5 Músadvöl valkostir 96
13.13.6 Stillingar augnstýringar 97
13.13.7 Skönnunar valmöguleikar 98
13.14 Gagnarakning 100
13.14.1 Vöktun hnappanotkunar 100
13.14.2 Sýna hnappa á efstu stiku 102
13.14.3 Sýna hnappanotkunartalningu 102
13.14.4 Sýna sýningartalningu 103
13.14.5 Stjórna gögnum 103
14 Kerfisstillingar 105
14.1 Kjörstillingar 105
14.1.1 Aðgangskóði 105

14.1.2 Skjástillingar (aðeins fyrir Windows) 105
14.1.3 Breytingarstilling tungumáls 105
14.2 Tæki 106
14.2.1 Stillingar félagsgluggavísis 106
14.3 Búð 106
14.3.1 Innkaup 106
14.3.2 Endurheimta innkaup (Aðeins Windows) 106
14.3.3 Afvirkja lykil (Aðeins Windows) 107
14.4 Táknasett 107
14.4.1 Leitarstillingar 107
14.4.2 Uppsett og niðurhalanleg tákn 107
14.4.3 Endurraða táknasettum 107
14.5 Hjálp og leiðbeiningar 108
14.5.1 Myndbönd 108
14.5.2 Pathways fyrir Core First 108
14.5.3 Snögg yfirferð 108
14.5.4 Ytri hjálp 108
14.6 Um 108
14.6.1 Senda endurgjöf 108
14.6.2 Hugbúnaðaruppfærslur 108

1 Velkomin



Skýringarmynd 1.1 TD Snap — QuickFires

TD Snap er hátindur tjáskiptahugbúnaðar sem byggir á táknum fyrir tjáskiptaþarfir með táknum. Tjáskiptabúnaðurinn er hannaður til að vera auðveldur í notkun, gæddur innsæi og er lausn sem fáanleg er á markaði bæði fyrir notanda og tjáskiptafélaga. TD Snap Er ákjósanleg lausn fyrir einstaklinga með einhverfu, heilalömun, Downs einkenni, greindarskerðingu og málstol. Með TD Snap veitum við bestu mögulegu tjáskiptareynsluna byggða á táknum ásamt nauðsynlegum þáttum fyrir foreldra, kennara eða meðferðaraðila til að vinna með notendum og hjálpa þeim að öðlast árangursrík tjáskipti.

1.1 Kerfiskröfur

Tafla 1.1 Windows stýrikerfi

	Stjórnkerfi	Arkitektúr	Minni	Snerting	Myndavél
Lágmarks	Windows 10 útgáfa 1803	x86	2 GB	Ekki nauðsynlegt	Ekki nauðsynlegt
Ráðlagt	Windows 10 útgáfa 20H2	x86	4 GB	Samþætt snerting	Samþætt myndavél

Tafla 1.2 iOS

	Stjórnkerfi	Tæki	Minni	Snerting	Myndavél
Lágmarks	iOS 11	iPad Air 2 iPad Mini 4	2 GB	Samþætt snerting	Ekki nauðsynlegt
Ráðlagt	iOS 14	iPad 8nda kynslóð	4 GB	Samþætt snerting	Samþætt myndavél

1.2 Studd tungumál

- Arabíska (SA)
- Kínverska (einfölduð)
- Tékkneska (CZ)
- Danska (DK)
- Hollenska (NL)
- Enska (AU)
- Enska (CA)
- Enska (UK)
- Enska (US)
- Finnska (FI)
- Franska (CA)
- Franska (FR)
- Þýska (DE)
- Þýska (Sviss)
- Íslenska (IS)
- Ítalska (IT)
- Japanska (JP)
- Norska (NO)
- Portúgalska (BR)
- Portúgalska (PT)
- Spænska (ES)
- Spænska (Rómanska Ameríka)
- Spænska (US)
- Sænska (SE)

1.3 Að fá TD Snap

TD Snap er tiltækt í gegnum TobiiDynavox.com fyrir Windows tæki og í Apple App Store fyrir iOS. Veldu TD Snap AAC til að kaupa aðgang að öllum eiginleikum TD Snap fyrirfram. Með TD Snap Lite eru allir eiginleikar án tals tiltækir ókeypis, þ. m.t. efnið, að búa til og breyta síðum, að búa til notanda og afrita, endurheimta og samstilla; hinsvegar er talvirkni takmörkuð. Heildar talvirkni er tiltæk sem kaup í forriti.

Talvirkni sem er óvirk í ókeypis útgáfu forritsins

- Tala skilaboðaglugga
- Hverskonar tal eða upptökuúttak sem kemur frá hnappavirkni
- Hverskonar tal eða upptökuúttak sem kemur frá hegðunarstuðningi
- Hljóðmerki

Talvirkni sem er tiltækt í ókeypis útgáfu forritsins

- Hljóðupptaka (í breytingarham)
- Forskoðun hljóðupptöku (í breytingarham)
- Raddforskoðun
- Forskoðun undantekningar í framburði (í breytingarham)

1.3.1 Kaupa taleiginleika

Opnaðu fyrir taleiginleika TD Snap hratt og örugglega með einskiptiskaupum í forriti.

1. Ræsa TD Snap.
2. Veldu afvirkja tal hnappinn í efstu stikunni.
3. Veldu **kaupa**.
4. Kláraðu öruggu viðskiptin þín.

2 Kennsluleiðbeiningar og stuðningur

Tobii Dynavox býður upp á úrval ókeypis kennsluleiðbeininga til að styðja og bæta við reynslu þína af TD Snap. Ekki missa af þessum verkfærum sem munu hjálpa þér að fá sem mest út úr Tobii Dynavox hugbúnaðinum þínum!

2.1 Tobii Dynavox Pathways fyrir Core First

Pathways fyrir Core First eru ókeypis kennsluleiðbeiningar sem hjálpar þér að innleiða Tobii Dynavox vörur á áhrifaríkasta og skilvirkasta hátt. Þú lærir á þetta rannsóknadrifna tæki sem hámarkar þátttöku, auðvelda notkun og margt fleira.

Pathways fyrir Core First leiðir þig áfram þegar þú byrjar að nota TD Snap Core First og hvetur til vaxtar í þátttöku, tungumáli og læsi. Pathways fyrir Core First mun:

- gefa skýra, sérsniðna leið til að byrja.
- hvetja til vaxtar einstaklinga á hvaða aldri og kunnáttustigi sem er.
- kenna þér að byggja upp kunnáttu á ýmsum sviðum, þ.m.t. notkun á kjarnaorðum, að bæta við orðaforðann, að nota TD Snap Core First við daglegar athafnir og fleira.
- sýna þér hvernig TD Snap Core First getur hjálpað til við félagslega hæfni og aðstæður, svo sem hvernig á að meðhöndla áföll í tjáskiptum, leiðsögn og notkunarkunnáttu og hvetja til jákvæðrar hegðunar.
- byggja upp kunnáttu tjáskiptafélaga með helstu ábendingum.
- Styðja yfirstandandandi sérsnið á Core First.

Heildarútgáfa eiginleika Pathways fyrir Core First er tiltæk sem ókeypis forrit fyrir Windows og iOS. Pathways fyrir Core First Lite er tiltæk á netinu í gegnum netvafra þinn. Heimsæktu www.tobiidynavox.com/learn/pathways fyrir frekari upplýsingar.

2.2 Kennsluleiðbeiningar og stuðningur á vefnum

Ef frekari aðstoð er þörf mælum við með að byrja á Training & Support síðunni á heimasíðu Tobii Dynavox.

2.3 myTobiiDynavox

myTobiiDynavox er persónuleg geymsluvefsíða þín og deiligátt. Hladdu upp notanda öryggisafritaskrám þínum til myTobiiDynavox til varðveislu og til að deila með öllu tjáskiptastuðningsteymi þínu.

Farðu á myTobiiDynavox.com til að skrá þig fyrir ókeypis reikningi.

mytobii dynavox

2.4 Learning Hub

Learning Hub er, eins og er, eingöngu á ensku.

Farðu á learn.tobiidynavox.com fyrir skýrslur, þjálfun og annað kennsluefni, þ.m.t.:

- svör við algengum spurningum
- þjálfunarmyndbönd
- myndbandsupptökur af vefnámskeiðum
- vefnámskeið

3 Að byrja

Þegar þú ræsir TD Snap í fyrsta skipti verður þú spurð/ur nokkurra spurninga til að hjálpa til við að sérsníða hugbúnaðinn að þínum þörfum. Þú getur breytt þessum stillingum síðar ef þú vilt.

3.1 Setja upp nýjan notanda

Veldu **Byrja** og við verðum búin að setja forritið upp á innan við mínútu!

3.2 Endurheimta núverandi notanda

Notaðu þennan valkost ef þú ert þegar með öryggisafritsskrá fyrir notanda sem þú vilt endurheimta.

Endurheimta notandaöryggisafrit frá myTobiiDynavox

1. Veldu **Endurheimta**.
2. Ef þú ert ekki skráð/ur inn á myTobiiDynavox, settu inn netfangið þitt og aðgangsorð og veldu síðan **Næst**.
3. Veldu notandaöryggisafritaskrá úr listanum og veldu síðan **Næst**.

Endurheimta notandaöryggisafrit frá staðbundinni skrá

1. Veldu **Endurheimta**.
2. Veldu **Endurheimta frá staðbundinni skrá**.
3. Vafraðu og veldu notandaöryggisafritaskrá og veldu síðan **Opna**.

3.3 Veldu síðusett

Uppsettningarleiðsögnin sýnir sjálfkrafa þau síðusett sem passa við tungumálastillingar tækisins, ef það er tiltækt í TD Snap. Veldu **tungumál** til að sjá síðusett sem eru tiltæk á öðrum tungumálum.

3.3.1 Core First

Core First er aðalsíðusettið sem er tiltækt í TD Snap hugbúnaðinum. Það er hannað til að hámarka þátttöku, læsi og vöxt í gegnum hin ýmsu tjáskiptaverkfæri sem eru notuð saman á sveigjanlegan og fyrirsjáanlegan hátt.



Skýringarmynd 3.1 Core First síðusett

Aðalsmerki Core First er kjarnaorðatækni. Rannsóknir, klínísk upplifun og notendaprófanir voru notaðar til að finna:

- Orðaval fyrir hámarksnotkun á mörgum sviðum.
- Orðastaðsetning og notandaviðmót
- Röðun orðainnleiðingar.
- Stöðug staðsetning orða á meðan öðrum er kerfisbundið bætt við.

- Skilvirkni leiðsagnar.
- Stuðningur til að kenna notendum merkingu orða og hvernig á að sameina þau til að búa til einkvæm skilaboð.

Frekari tjáskiptaverkfæri innifalin í Core First eru meðal annars:

- Flýtivísar — hröð, fyrirsjáanleg skilaboð sem hægt er nota ein eða með öðrum orðum.
- Lyklaborð — settu stafi inn í skilaboðagluggann til að búa til eða breyta orðum.
- Orðalistar — skipulagðir eftir flokkum svo auðvelt er að finna þá.
- Efni — styður tjáskipti í sérstökum aðstæðum eða í kringum ákveðið efni.
- Stuðningur — hjálpar notendum með hegðun og félagsleg tjáskipti.
- Stjórnborð — fjarstýringar, hljóðstyrksstýring og fleira innan seilingar!

Core First síðusettið er hannað til að vera fyrirmynd í tjáskiptum með hjálp (TST) efni, sem gefur notendum aðgengilegustu upplifunina við að finna efni hratt og hafa hámarks getu til að búa til einstök og sérstök skilaboð. Core First gerir notendum kleift að taka þátt í hröðum, rauntímatjáskiptum um efni sem eru þeim mikilvægust. Það gefur þeim kost á að búa til ný skilaboð sem væri erfitt að spá fyrir um fyrirfram. Með því að fara í gegnum verkfærin sem eru til staðar, geta tjáskiptatækni notendur verið virkir þátttakendur í aðstæðum og átt í tjáskiptum við tjáskiptafélaga sína .

Þróun læsis er mikilvæg hæfni sem þarf að vera hluti af tjáskiptalausninni. Með notkun lyklaborða, auðveldra tengla við rannsóknarprófuð forrit á tækinu og efni sem hannað er til að styðja við tjáskipti í kringum lestrarupplifun styður Core First læsisþróun fyrir alla notendur sína.

Að lokum er Core First ekki ætlað sem ein-stærð-hentar-öllum eða skorðað kerfi. Samfeldni yfir rúðustærðir er helsta leiðarstefið. Um leið og kunnátta notenda vex er hægt er að bæta við frekari valkostum fyrir flóknara tungumál. Þessum nýju valkostum er bætt við Core First án vandkvæða og efnið helst á fyrirsjáanlegum stöðum.

3.3.2 Core First skönnunarsíðusett*

Í þessu síðusetti hefur Core First efnið verið endurhannað til að auka þægindi og skilvirkni með skönnunar aðgangsaðferðinni. Það felur í sér að skanna síður til að hjálpa notendum að venjast að nota skönnunar aðgangsaðferðina.

Síðusett, rúðustærðir: 3X4, 6x4, 7x6, 9x8

* Ekki tiltækt í öllum tungumálum.

3.3.3 Textasíðusett*

Þetta síðusett er hannað fyrir notendur sem reiða sig ekki á tákn fyrir tjáskipti. Mælt er með þessu textasíðusetti fyrir notendur tjáskiptatækni með góða lestrar- og samsetningarkunnáttu.

Síðusett, rúðustærðir: 7x10

* Ekki tiltækt í öllum tungumálum.

3.3.4 Málstol síðusett*

Aphasia textasíðusettið er hannað fyrir notendur með Aphasia. Eiginleikar sem fylgja eru veftafla, efnissíður með rúðum eða sjónrænum senu uppsetningarmöguleikum, dagatal, myndaalbúm og Google Assistant og Alexa síður. Táknin sem notuð eru í Aphasia síðusettinu eru viðeigandi fyrir fullorðna notendur.

Síðusett, rúðustærðir: 6X5, 4x3, 3x3

* Ekki tiltækt í öllum tungumálum.

3.4 Veldu rúðustærð

Val á rúðustærð fer eftir þó nokkrum þáttum: valnákvæmni er mikilvægust, þar á eftir sjónrænar og athyglistakmarkanir. Ef það eru vandamál við hraða eða nákvæmni valsins, skaltu byrja með færri rúður, þannig að notandi hafi stærri hnappa til að vinna með. Það er auðvelt að breyta rúðustærð í síðusettsstillingum, þannig ekki hafa áhyggjur af að finna rétta rúðustærð í fyrstu tilraun. Þú getur stækkað eða minnkað rúðustærð miðað við breytilega tungumála- eða líkamlega getu.

Ef þú vilt sýna skilaboðaslánna og/eða verkfærastiku verður þú að velja rúðustærð með að minnsta kosti 3 raðir og 3 dálka.

Tafla 3.1 Dæmi um rúðustærðir (ekki ítarlegt)

2x3

3x4



6x6

4 Yfirlit

Lestu áfram til að læra hvernig á að fara í gegnum efni í TD Snap og finna allt sem þú þarft til tjáskipta.

Skruna	Þú getur skrunað upp og niður bæði á verkfærastikunni og síðunni. Síðustöðumerkin (punktar til vinstri á verkfærastikunni og hægra megin á síðunni) sýna þér þegar það er meira efni tiltækt fyrir ofan eða neðan. Þú skrunar með því að renna yfir snertiskjáinn eða með því að velja yfirlitshnappinn, en það fer eftir stillingum þínum og aðgangsaðferð. Sjá hluta *13.13.2 Snerti valkostur*.	
Efsta stika	Hnapparnir vinstra megin á efstu stikunni eru meðal annars til baka hnappur, heimahnappur, stjórnborðshnappur og leita hnappur. Sjá hluta *5 Efsta stika*.	
Tengla-hnappur	Tenglahnappar fara með þig á aðra síðu. Sjá hluta *8.9 Tengja á síðu / búa til nýja síðu*.	
Heimsækja hnappur	Heimsækja hnappar fara með þig á aðra síðu, leyfa þér að velja eitt á síðunni og fara síðan með þig aftur á fyrri síðu sjálfvirkt. Sjá hluta *8.9.7 Heimsækja síðu*.	
Til baka hnappur	Til baka hnappurinn virkar eins og til baka hnappur á vefvafra. Veldu til baka hnappinn einu sinni til að fara til baka á fyrri síðu, eða oft til að halda áfram aftur í gegnum síðusögu.	
Boardmaker hnappur	Boardmaker hnapparnir tengjast möppum og athöfnum sem geymdar eru á Boardmaker Online. Skoðaðu og spilaðu athafnirnar hér í TD Snap! Sjá hluta *8.7.5 Spila Boardmaker athafnir í TD Snap*.	

5 Efsta stika

5.1 Til baka

Til baka hnappur fer með þig aftur á fyrri heimsótta síðu.

5.2 Heima

Heimahnappur fer með þig á heimasíðu (fyrsta síðan sem þú sérð þegar þú ræsir TD Snap). Heimahnappurinn er flýtileið sem þú getur notað til að fara til baka á heimasíðu þína hvaðan sem er úr hugbúnaðinum. Til að breyta heimasíðu þinni, sjá kafla *9.1.5 Stilla heimasíðu*.

5.3 Stjórnborð

Notaðu stjórnborðshnappinn til að fá beinan aðgang að stjórnborðssíðu þinni. Stjórnborðssíðan er síða fyrir auðveldan aðgang að hnöppum sem eru notaðir oft, sérstaklega hnappar eins og hljóðstyrkur eða fjarstýringar.

5.4 Leita

Leit er aðeins tiltæk með snertiaðgangsaðferðinni.

Leitarverkfæri sýnir þér hvar þú finnur öll orð í TD Snap. Settu einfaldlega inn leitarhugtak og fylgdu sjónrænu merkingunum. Sjónrænu merkingarnar leiða þig að markorði þannig að þú getir fundið orðið aftur seinna sjálfur.

1. Veldu **Leita** verkfæri í efstu stiku.
2. Settu inn leitarhugtak.



3. Ef á við, veldu **Síur** til að stilla þínar eigin síur:
   - **Leyfa tvöfaldar samsvaranir** — virkja að sýna staðsetningu allra hnappa sem eru eins.
   - **Sýna slóð falinna hnappa** — virkja að sýna faldar slóðir sem nota hnappa sem eru núna faldir.
4. Veldu hnappinn sem þú leitar að í leitarniðurstöðum.



5. Veldu auðkennda hnappinn á hverri síðu þar til þú kemur að markhnappi.

Þú gætir þurft að skruna til að sjá næsta hnapp, þannig að þú skalt líta eftir örvum sem segja þér hvert þú átt að fara!





Taktu eftir hverjum auðkenndum hnappi þannig að þú munir leiðina sjálfur næst.

Þú getur hvenær sem er hætt við leitina með því að velja hvar sem er fyrir utan auðkenndu leiðina.

5.5 Félagsgluggavísir

Félagagluggavísir er aðeins tiltækur á Tobii Dynavox I-13 og I-16 tækjum.

Félagagluggavísir gefur þér upplýsingar um stöðu félagagluggans aftan á tækinu þínu.

Spegla útlit — sýnir textann sem er núna í félagaglugganum.

Tákna útlit— táknið sýnir að kveikt sé á félagaglugga. Þegar slökkt er á félagaglugganum er táknið ekki til staðar.

Til að breyta vísaútliti félagaglugga, sjá hluta *14.2.1 Stillingar félagsgluggavísis*.

5.6 Gagnarakning

Gagnarakning er aðeins aðgengileg með snertingu eða beinum músarsmelli.

Þegar hann er virkjaður, mun gagnarakningarhnappurinn gefa aðgang að eftirfarandi stillingum: Sýningarham, sýna hnappanotkunartalningu, sýna sýningartalningu og stjórna gögnum. Fyrir frekari upplýsingar um gagnarakningu, sjá *13.14 Gagnarakning*.

5.7 Samstilla

Samstilling er aðeins aðgengileg með snertingu eða beinum músarsmelli.

Samstillingarhnappurinn er notaður til að deila síðusetti til samstillingar eða til að uppfæra síðusett sem er þegar deilt fyrir samstillingu. Fyrir frekari upplýsingar um samstillingu, sjá kafla *12.2.4 Samstilla síðusett*.

Til að fela samstillingarhnappinn í notkunarham, sjá kafla *13.12.4 Stillingar samstillingar*.

5.8 Breyta

Breyting er aðeins aðgengileg með snertingu eða beinum músarsmelli.

Veldu breyta hnappinn til að gera breytingar á síðusetti þínu og fara í stillingar.

Fyrir frekari upplýsingar, sjá kafla *8 Breytingar*.

6 Skilaboðaslá

Skilaboðasláin sýnir samsettan skilaboðatexta og hnappana til að deila með heiminum!

Ef þú vilt sýna skilaboðaslánna verður þú að velja rúðustærð með að minnsta kosti 3 raðir og 3 dálka.



Til að breyta skilaboðaslá, sjá *8.15 Breyta skilaboðaslá*.

6.1 Tala

Veldu þennan hnapp til að tala núverandi efni skilaboðagluggans.

6.2 Skilaboðagluggi

Skilaboðaglugginn sýnir textann sem þú vilt tala eða senda sem skilaboð. Hann getur líka sýnt tákn. Þú getur sent skilaboð í skilaboðagluggann frá hnappi, skrifað beint inn í skilaboðagluggann með því að nota lyklaborðssíðuna eða límt texta úr kerfisklippiborðinu.

Fyrir stillingar skilaboðaglugga, sjá kafla *13.12.2 Stillingar skilaboðaglugga, síða 91*.

6.2.1 Breyta texta í skilaboðaglugga.

Þegar texti er færður inn í skilaboðagluggann birtist bendillinn við enda textans sjálfkrafa. Til að færa bendilinn inni í skilaboðaglugganum, notið hnappa forritaða með *Færa bendil* aðgerðinni.

Færa bendil í skilaboðaglugga

- Notið *Færa bendil* aðgerðina til að færa bendilinn á eftirfarandi máta:

- Færa upp eða niður
- Færa áfram eða til baka um staf
- Færa áfram eða til baka um orð
- Færa áfram eða til baka um setningu
- Færa að byrjun eða enda línunnar
- Færa að byrjun eða enda texta skilaboðagluggans
- Færa upp eða niður textasíðu

Til að velja texta, notið hnappa forritaða með *Velja texta* aðgerðinni. Völdum texta í skilaboðaglugga er hægt er að eyða, breyta í feitletrað eða skáletrað, klippa eða afrita, deila yfir í annað forrit, tala og margt fleira. Skoðið skilaboðagluggahlutann í *8.7 Aðgerðir hnapps* til að læra meira um þessar aðgerðir.

Veldu texta í skilaboðaglugga

- Notið *Valinn texti* aðgerðina til að velja texta, færa textann, eða stækka valið á eftirfarandi máta:
  - Færa valið upp eða niður
  - Færa valið áfram eða til baka um staf
  - Færa valið áfram eða til baka um orð
  - Færa valið áfram eða til baka um setningu
  - Lengja valið að byrjun eða enda línunnar
  - Lengja valið að byrjun eða enda texta skilaboðagluggans
  - Lengja valið upp eða niður textasíðu
  - Lengja valið upp eða niður
  - Lengja valið áfram eða til baka um staf
  - Lengja valið áfram eða til baka um orð
  - Lengja valið áfram eða til baka um setningu
  - Velja allt
  - Hætta við val

Auðveldasta leiðin til að byrja að breyta texta í skilaboðaglugganum er að nota fyrirfram forritaðan skilaboðaglugga á breytingarsíðu. Þessar síður eru í boði í úrvali síðusetta. Breytingarsíður skilaboðaglugga eru einnig fáanlegar í miðstöð síðusettawww.mytobiidynavox.com/pagesetcentral

6.3 Hreinsa

Fjarlægja allt efni úr skilaboðaglugganum.

6.4 Eyða

Eyða núverandi orði eða völdum texta úr skilaboðaglugganum.

6.5 Afturkalla

Afturkalla síðustu athafnir í skilaboðaglugganum.

6.6 Endurgera

Endurgera síðustu virkni sem var afturkölluð í skilaboðaglugganum.

6.7 Spjall

Kveikja og slökkva á spjalli. Þegar þú virkjar spjall er efni núverandi skilaboðaglugga settur í flýtiminni og síðan er glugginn hreinsaður. Á meðan þú ert í spjalli getur þú sett nýtt efni inn í skilaboðagluggann og talað. Þegar slökkt er á spjalli er efni skilaboðagluggans endurheimt úr minni þannig að þú getir haldið áfram þar sem þú varst áður.

6.8 Afrita á hnapp

Afritaðu textann í skilaboðaglugganum og bættu honum síðan við hnapp. Þetta er notendavæn leið til að breyta hnöppum á hraðferð!

6.9 Deila



Notaðu þennan handhæga, notendavæna eiginleika til að senda texta skilaboðagluggans yfir á AccessIT 3 tæki (*8.7.4 AccessIT*), hnapp á núverandi síðu (*6.8 Afrita á hnapp*), kerfisklippiborðið eða Google Assistant.

Veldu Annað-hnappinn til að senda skilaboðagluggatextann yfir á app að eigin vali (eins og Twitter, Facebook. o.s.frv.)

Valmyndin fyrir Annað-hnappinn er eingöngu fáanleg í gegnum Touch.



7 Tækjastikan

Til að læra hvernig þú breytir verkfærastikunni, sjá *8.16 Breyta verkfærastiku*.

Valmöguleikar í tækjastikunni fer eftir hvaða síðusett þú notar.

7.1 Til baka



Skýringarmynd 7.1 Til baka hnappur - tækjastika

Til baka hnappurinn virkar eins og til baka hnappur í vafra. Notaðu hann til að fara til baka á síðustu síðu.

7.2 Kjarnaorð



Skýringarmynd 7.2 Kjarnaorðhnappur — Core First verkfærastika

Þessi hnappur opnar kjarnaorðasíðuna. Aðalsmerki Core First er kjarnaorðatækni, sem var byggð á rannsóknum, klínískri reynslu og notendaprófunum. Helstu eiginleikar kjarnaorðasíðu eru meðal annars:

- Orðaval fyrir hámarksnotkun á mörgum sviðum.
- Orðastaðsetning.
- Röðun orðainnleiðingar.
- Stöðug staðsetning orða á meðan öðrum er kerfisbundið bætt við.
- Skilvirkni leiðsagnar.
- Stuðningur sem kennir notendum merkingu orða og hvernig á að sameina þau til að búa til einkvæm skilaboð.

7.3 Flýtivísar

Skýringarmynd 7.3 QuickFires hnappur - tækjastika

Flýtivísar eru hröð, fyrirsjáanleg skilaboð sem hægt er nota ein eða í sameiningu. Þetta eru lítil orð til að halda samtalinu gangandi, ná athygli, eða gera athugasemdir. Einnig eru innifalin skilaboð sem eru oft notuð sem einbeita sér að persónulegum þörfum, kveðjum, félagslegum þáttum, tilfinningum, spurningum og viðgerðum. Flýtivísar tala strax og setja ekki texta inn í skilaboðagluggann.

7.4 Efni



Skýringarmynd 7.4 Viðfangsefni hnappur - tækjastika

Efni styður tjáskipti í sérstökum aðstæðum eða í kringum sérstök þemu. Veldu efni úr efnissíðunni til að sjá viðeigandi orð og setningar. Sérsníddu síðusettið með því að bæta við eigin efni!

7.4.1 Efnisorð



Þessar síður innihalda orð sem oft eru notuð í völdu efni.

7.4.2 Stuðningur



Stuðningur hjálpar notendum með hegðun og félagsleg tjáskipti.

7.4.2.1 Fyst, svo



Skýringarmynd 7.5 Fyst, svo stuðningur

Þessi stuðningur sýnir tveggja skrefa röð atburða sem styrkir orsök og afleiðingu eða rökrétt skref.

7.4.2.2 Athafnaröð

Skýringarmynd 7.6 Stuðningur við athafnaröð

Þessi athafnaröð sýnir fjölskrefa röð atburða sem styrkir hugmyndina um orsök og afleiðingu eða röð rökréttra skrefa.

7.4.2.3 Lýsing

Skýringarmynd 7.7 Stuðningur við lýsingu

Lýsing gefur forgerðar setningar sem eru oft notaðar í kringum gefið efni. Lýsingar eru notaðar til að búa til félagshæfnisögur og hjálpa til að líkja eftir viðeigandi samtali.

7.4.2.4 Sjónrænn tímavaki

Skýringarmynd 7.8 Efsta stika með sjónrænum tímavaka

Sjónræni tímavakinn sýnir niðurtalsklukku og kvikaða litastiku í efstu stiku. Númeraskjárinn telur niður tiltekinn tíma og litastikan minnkar eftir því sem eftirstandandi tími minnkar. Þegar vekjaravalkosturinn er virkjaður heyrist hljóð þegar tíminn er búinn.

Til að hætta við sjónrænan tímavaka skaltu velja **X** hægra megin á efstu stikunni.

Til að breyta kjörstillingum niðurtalstíma eða vekjara, skaltu breyta hnappinum og velja sjónrænn tímavaki aðgerðina.

7.5 Lyklaborð

Skýringarmynd 7.9 Lyklaborð hnappur - tækjastika

Lyklaborðssíðan gefur hnappa fyrir staka stafi sem virka eins og lyklar á lyklaborði. Notaðu þessa síðu til að semja orð sem eru ekki tiltæk í síðusettinu þínu eða til að bæta við greinarmerkjum. Til að stilla inn ákjósanlega lyklaborðssíðu, sjá *9.1.6 Stilla inn lyklaborðssíðu*.

7.6 Stjórnborð

Skýringarmynd 7.10 Stjórnborð hnappur - tækjastika

Stjórnborðssíðan er síða fyrir auðveldan aðgang að hnöppum sem eru notaðir oft, sérstaklega hnappar eins og hljóðstyrkur eða fjarstýringar.

7.7 Orðaform

Skýringarmynd 7.11 Orðaformahnappur — Core First verkfærastika

Orðaformasíðan sýnir mismunandi form (tíðir, númer o.s.frv.) síðasta orðs í skilaboðaglugganum. Veldu ákjósanlegt orðaform til að uppfæra orðið í skilaboðaglugganum.

7.8 Studd leiðsögn



Skýringarmynd 7.12 Studd leiðsögn — Core First verkfærastika

Studd leiðsögn síðan er heimasíða fyrir upphafsrúðustærð(<3x3). Studd leiðsögn hnappurinn í verkfærastikunni gerir síðuna tiltæka í öllum rúðustærðum.

7.9 Núverandi Boardmaker athöfn

Skýringarmynd 7.13 Núverandi Boardmaker athöfn — Core First verkfærastika

Opnaðu Boardmaker athöfnina sem er í gangi, ef það á við. Ef það er engin Boardmaker athöfn í gangi er þessi hnappur óvirkur. Smámynd hnappsins og flipi uppfærist til að sýna framvindu Boardmaker athafnarinnar sem er í gangi.

7.10 abc (aðeins þýska)



Þessi hnappur opnar ABC orðaforðasvæðið sem er þekkt úr „LiterAACy“. Þar er að finna meira en 3.600 orð úr kjarna- og jaðarorðaforða, raðað eftir fyrsta og öðrum staf.

- ABC svæðið styður nám og notkun á læsiskunnáttu.
- Hljóðfræðisvar spilast þegar stafur er valinn.

- Það eru tvær útgáfur af þessum eiginleika, einn sem notar hástafi og annar með lágstafi. Lágstafa abc hnappurinn er sjálfvalinn. Til að nota hástafi skaltu gera (hástafa) ABC hnappinn í verkfærastikunni sjáanlegan og fela (lágstafa) abc hnappinn. Sjá hluta *8.5.6 Fela/sýna hnapp*.

8 Breytingar

Til að breyta hnappi, síðu, stillingum, eða notendum þarf hugbúnaðurinn að vera í breytingaham. Hægt er að fara í breytingaham hvenær sem er með því að velja **Breyta** hnappinn.

Breyta hnappurinn og breytingarhamur eru aðeins tiltækir með snertiaðgangsaðferðinni.

Á meðan þú ert í breytingaham getur þú tvísmellt á flesta síðuhnappa til að sjá hvernig þeir haga sér í notkunarham.

8.1 Breytingasvæði

breytingasvæði inniheldur öll verkfæri og flipa til að gera breytingar á síðusetti þínu og hugbúnaði.



Skýringarmynd 8.1 breytingasvæði (sýndur stækkaður)

Veldu til að stækka breytingagluggann.

Breyttu stærð breytingagluggans til að sérsníða stærðina með því að draga upp eða niður á meðan svæðið er stækkað.

8.2 Bæta við hnappi

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu í tómu hólfi á síðunni til að búa til nýjan hnapp.



Skýringarmynd 8.2 Tómt hólf

8.3 Færa hnapp

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu og haltu inni hnappinum sem þú vilt færa og dragðu hann síðan á ákjósanlegan stað. Það eru tvær leiðir til að setja hnapp á síðuna:
   - Skipta — Þegar þú dregur hnapp beint ofan á annan hnapp munu hnapparnir tveir skipta um stað á síðunni. Svarta útlínan í kringum valinn stað í rúðustærðunum sýnir skipti.



   - Bæta inn í — Þegar þú dregur valinn hnapp á milli tveggja hnappa mun hnappurinn til hægri og neðan færast til að búa til pláss fyrir hnappinn. Hnapparnir munu halda sömu röð vinstri til hægri, ofan frá og niður á síðunni. Staðsetning hnapps sem er bætt inn í er sýnd á lóðréttu slánni.



Þú getur sett inn hnapp lárétt (eins og sýnt er að ofan) eða lóðrétt.

Þegar þú færir hnapp á það aðeins við um núverandi rúðustærð.

8.4 Breyta stærð hnapps

Þú getur breytt stærð hnapps þannig að hann nái yfir jafn margar rúður innan síðu eða tækjastikunni og þú vilt.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp á síðunni eða tækjastikunni.

Aðeins er hægt að breyta stærð hnapps þegar einn hnappur er valinn.

3. Veldu og haltu niðri á einum af bláu punktunum í horninu á völdum hnappi og dragðu síðan til að breyta stærð hnappsins.





Hnappar sem er búið að breyta stærð á geta farið yfir heila síðu- eða tækjastikuhluta.

4. Bíddu þangað til hnappurinn fyllir algjörlega út í rúðurnar og er kominn upp í æskilega stærð og slepptu síðan valinu.



Ekki er hægt að breyta stærð hnapps eða færa hann yfir í hólf sem leiðsagnar (skrun) hnappurinn er í.

Þegar þú stækkar hnapp mun hnappurinn sem er færður úr stað færast í næsta tóma hólf.

Þegar þú breytir stærð hnapps á það aðeins við um núverandi rúðustærð.

8.5 Hnappabreytingaverkfæri

Verkfærin sem er að finna hægra megin í forritaglugganum hjálpa þér að breyta hnöppum sem eru valdir núna.

Skýringarmynd 8.3 Hnappabreytingaverkfæri — (ofan frá og niður) afturkalla, endurgera, afrita, líma, velja allt, fjölval, renningsval, fela/sýna, eyða, víkka / draga saman nöfn verkfæra

8.5.1 Afturkalla og endurgera

Afturkalla verkfærið gerir þér kleift að afturkalla síðustu 100 breytingar sem gerðar voru á núverandi notanda/síðusetti. Endurgera verkfærið setur inn aftur síðustu breytingu sem þú afturkallaðir með afturkalla verkfærinu.

Afturkalla staflinn er endurstilltur þegar nýjum notanda eða öðru síðusetti er hlaðið inn og þegar TD Snap hugbúnaðinum er lokað.

8.5.2 Afrita og líma hnapp

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Afrita** verkfæri.
   Taktu eftir að líma verkfærið sýnir fjölda hnappa sem þú hefur afritað.

4. Veldu **Líma** verkfæri.
   Hnappurinn mun límast á fyrsta tiltæka tóma hólf á síðunni.

8.5.3 Velja alla hnappa

Velja allt verkfærið velur sjálfvirkt alla hnappa á núverandi síðu svo þú getir framkvæmt magnbreytingar aðgerðir.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Hnappinn** flipann.
3. Veldu **Velja allt** verkfæri.

   Eftir að þú velur allt getur þú smellt á einstaka hnappa til að afvelja þá; hinir hnapparnir verða áfram valdir.

4. Gerðu ákjósanlega breytingu á hnöppunum.
5. Til að afvelja alla hnappa, skaltu velja **Fjölval** verkfæri.

8.5.4 Velja marga hnappa

Fjölvals verkfærið gerir þér kleift að velja (handvirkt) marga hnappa í einu, þannig að þú getir framkvæmt breytingar á þeim öllum í einu.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Hnappinn** flipann.
3. Veldu **Fjölval** verkfæri.

   Fjölvalsverkfærið er svart þegar það er óvirkt og blátt þegar það er virkt.

4. Veldu hnappana sem þú vilt breyta á sama tíma.



Skýringarmynd 8.4 Margir valdir hnappar — taktu eftir að fjölvalsverkfærið sýnir hversu margir hnappar eru valdir.

5. Gerðu ákjósanlega breytingu á hnöppunum.
6. Til að afvelja alla hnappa, skaltu velja **Fjölval** verkfæri.

8.5.5 Renningsval

Renningsvalsverkfærið er auðveld leið til að velja marga hnappa. Smelltu einfaldlega og dragðu til að teikna rétthyrning í kringum einn eða fleiri hnappa sem þú vilt velja.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Hnappinn** flipann.
3. Veldu **Renningsvals** verkfærið.
4. Smelltu á (eða snertu), og dragðu síðan skáhalt til að teikna rétthyrning yfir alla hnappana sem þú vilt velja.



Skýringarmynd 8.5 Notkun Renningsvalsins — Hnappar þurfa ekki að vera algjörlega innan rétthyrningsins til að verða valdir.

Smelltu á staka hnappa hvern fyrir sig til að velja/afvelja þá.

Hnappaval er hægt að framkvæma á tækjastikunni eða á síðunni en ekki samtímis.

5. Gerðu þær breytingar sem þú óskar eftir á völdu hnöppunum.
6. Til að afvelja alla hnappa, skaltu velja **Fjölval** verkfæri.

8.5.6 Fela/sýna hnapp

Hnappar sem eru faldir eru ekki sýnilegir í notkunarham. Hnappar sem eru tímabundið of erfiðir eða truflandi, til dæmis, má fela og sýna (af-fela) síðan seinna.

Í breytingaham eru faldir hnappar gefnir til kynna með gráu yfirlagi.

Skýringarmynd 8.6 Falinn hnappur við hlið sýnilegs hnapps eins og séð í breytingaham.

8.5.6.1 Fela

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp sem þú vilt fela.
3. Veldu **Fela** verkfæri.

Sjálfvalin aðgerð fyrir fela/sýna verkfæri er að setja sýnileika á þann hnapp allstaðar þar sem hann birtist í síðusettinu. Til að stilla sýnileika aðeins fyrir valið tilvik af hnappinum skaltu smella og halda (ýta lengi) á fela/sýna verkfærið og velja **Breyta sýnileika hér**.

8.5.6.2 Sýna

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu falinn hnapp.
3. Veldu **Sýna** verkfæri.

Sjálfvalin aðgerð fyrir fela/sýna verkfæri er að setja sýnileika á þann hnapp allstaðar þar sem hann birtist í síðusettinu. Til að stilla sýnileika aðeins fyrir valið tilvik af hnappinum skaltu smella og halda (ýta lengi) á fela/sýna verkfærið og velja **Breyta sýnileika hér**.

8.5.7 Eyða hnappi

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Eyða** verkfæri.

8.5.8 Víkka / fella saman breytingaverkfæri nöfn

Veldu tvöföldu örvarnar til að sýna nöfn breytingaverkfæra. Veldu tvöföldu örvarnar til að fela nöfn verkfæra.

8.6 Hnappa efni

Skýringarmynd 8.7 Hnappur með merki, tákni, bakgrunnslit og meðalramma.

8.6.1 Merki hnapps

Hnappamerkið er textinn sem birtist á hnappinum.

8.6.1.1 Breyta merki hnapps

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.

3. Sláðu inn í **Merki** textareitinn.



Skýringarmynd 8.8 Textareitur hnappamerki

Ef þú vilt breyta öðrum einkennum merkis (leturgerð, lit, staðsetningu, stærð o.s.frv.) sjá kafla *8.8.3 Merki hnapps*.

8.6.2 Virkt efni

Virkt efni gerir þér kleift að sýna virkar upplýsingar á hnappi. Merki hnapps og tákn breytast til að endurspegla núverandi upplýsingastöðu.

8.6.2.1 Bæta virku efni við hnapp

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Virkt efni**. (Eingöngu fáanlegt ef **Hnappagerð** er stillt á **Venjuleg**)



Skýringarmynd 8.9 Virkt efni

4. Veldu gerð virks efnis.

Gerð virks efnis	Lýsing
Ekkert	Veldu Ekkert til að fjarlægja Virkt efni af hnappinum.
Aðgangsaðferð hlé staða	Athugið: Hlé á aðgangsaðferð er aðeins tiltæk í eftirfarandi aðgangsaðferðum: Augnstýring, músadvöl. Þegar aðrar aðgangsaðferðir eru í notkun, eru hnappar sem nota aðgangsaðferð hlé staða virkt efni óvirkir. Ef gera hlé á aðgangsaðferð aðgerð er til staðar á hnappinum (sjálfvalið), sýnir merkið aðgerðir hnappsins: Hefja aðgang eða gera hlé á aðgangi Ef gera hlé á aðgangsaðferð aðgerð er ekki til staðar á hnappinum, sýnir merkið aðgerðir hnappsins: Aðgangur í keyrslu eða Hlé gert á aðgangi.
Aðgangstími	Athugið: Aðgangstími er ekki tiltækur fyrir snertiaðgangsaðferð. Sýnir tímastillingargildið fyrir núgildandi aðgangsaðferð. Raunverulega tímastillingin fer eftir aðgangsaðferð t.d. biðtíma, skönnunarhraða, dvalartíma o.s.frv. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *Tafla 8.1 Aðgangstímagraf, síða 42*

Gerð virks efnis	Lýsing
Tengistaða AccessIT	Sýnir stöðu AccessIT 3 tæki tengingu: Aftengt, aftengi, tengi, eða tengt. Hægt er að tengja við AccessIT aðgerðina til að búa til hnapp sem sýnir stöðu og tengir við AccessIT tæki þegar hann er valinn.
Staða rafhlöðu	Sýnir prósentu núverandi rafhlöðu stöðu: 0–100%. Táknið breytist til að endurspegla stöðu rafhlöðunnar og sýna hvenær tækið er í sambandi og í hleðslu.
Spjallhamur	Ef víxla spjallham aðgerð er til staðar á hnappinum (sjálfvalið), sýnir merkið aðgerðir hnappsins: Spjalla eða stöðva spjall. Ef víxla spjallham aðgerð er ekki til staðar á hnappinum, sýnir merkið núverandi stöðu spjallhams: Spjallhamur á eða spjallhamur af.
Núverandi Boardmaker athöfn	Sýna titla og smámyndir af Boardmaker athöfn sem er í gangi (ef einhver). Hægt er að para við núverandi Boardmaker athöfnina til að búa til hnapp sem opnar á Boardmaker athöfnina sem er í gangi og sýnir einnig titil og smámynd athafnarinnar.
Dagsetning	Sýnir núverandi dag, mánuð og ár. Snið dagsetningar fer eftir staðsetningu.
Vikudagur	Sýnir núverandi vikudag.
Slökkt á hljóðsvörun staða	Ef víxlaðu hljóði af hljóðsvörun aðgerð er til staðar á hnappinum (sjálfvalið), sýnir merkið aðgerðir hnappsins: Taka hljóð af hljóðsvörun eða setja hljóð á hljóðsvörun. Ef víxlaðu hljóði af hljóðsvörun aðgerð er ekki til staðar á hnappinum, sýnir merki hnappsins núverandi stöðu hljóð af hljóðsvörun: Hljóð af hljóðsvörun eða hljóð á hljóðsvörun.
Hljóðstyrkur hljóðsvörunar	Sýnir styrk hljóðsvörunar. 0–100%. Má para við hækka hljóðsvörun aðgerð eða lækka hljóðsvörun aðgerð til að búa til hnapp sem stjórnar hljóðstyrk og sýnir líka hljóðstyrksstig hljóðsvörunar.
Birtustig félagsgluggavísis	Aðeins Tobii Dynavox I-13 og I-16 tæki. Sýnir birtustig félagaglugga: 0–100%. Má para við hækka birtustig félagaglugga aðgerðina eða lækka birtustig félagaglugga til að búa til hnapp sem stjórnar birtustigi félagaglugga og sýnir einnig núverandi birtustig félagaglugga.
Félagaglugga straumstaða	Aðeins Tobii Dynavox I-13 og I-16 tæki. Ef víxla straum félagaglugga aðgerð er til staðar á hnappinum (sjálfvalið), sýnir merkið aðgerðir hnappsins: Kveikja á félagaglugga eða Slökkva á félagaglugga. Ef víxla straum félagaglugga er ekki til staðar á hnappinum, sýnir merkið núverandi stöðu félagaglugga: Kveikt á félagaglugga eða Slökkt á félagaglugga.
Talstaða	Ef tala skilaboðaglugga aðgerð er til staðar á hnappinum (sjálfvalið), sýnir merkið aðgerðir hnappsins: Tala eða stoppa. Ef tala skilaboðaglugga er ekki til staðar á hnappinum, sýnir merkið núverandi stöðu tals: Talandi eða ekki talandi.
Hljóð af talhamur	Ef víxlaðu hljóði af tali aðgerð er til staðar á hnappinum (sjálfvalið), sýnir merkið aðgerðir hnappsins: Hljóð af eða hljóð á. Ef víxlaðu hljóði af tali aðgerð er ekki til staðar á hnappinum, sýnir merki hnappsins núverandi stöðu hljóð af tali: Hljóð af eða hljóð á.
Hljóðstyrkur tals	Sýnir hljóðstyrk tals: 0–100%. Má para við hækka hljóðstyrk tals aðgerðina eða lækka hljóðstyrk tals aðgerðina til að búa til hnapp sem stjórnar hljóðstyrk og sýnir líka stig hljóðstyrks tals.
Tími	Sýnir núverandi kerfistíma í klukkustundum og mínútum. Tímasnið fer eftir svæðisstillingu stýrikerfis. Athugið: Táknið er almenn klukka sem breytist ekki með tímanum.

8.6.3 Skilaboð hnapps

Skilaboð hnapps geta verið texti, hljóð sem tekið var upp, eða hljóðskrá valin úr tækinu þínu. Þegar skilaboð hnapps er texti, er textinn textinn settur inn í skilaboðagluggann þegar hnappurinn er valinn. Ef skilaboðaglugginn er ekki til staðar er texti hnappskilaboðanna talaður. Hljóð sem eru tekin upp og hljóðskrár í hnappaskilaboðunum eru spiluð þegar hnappurinn er valinn.

8.6.3.1 Breyta texta hnappaskilaboðanna

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Sláðu inn í **Skilaboð** textareitinn.



Skýringarmynd 8.10 Textareitur hnappskilaboða

8.6.3.2 Taka upp

1. Veldu **Taka upp** Taka upp skilaboð svar opnast.
2. Veldu **Taka upp** til að hefja upptöku.
3. Þegar þú hefur lokið upptökunni, veldu **Stöðva**.
4. Til að heyra upptökuna skaltu velja **Spila**.
5. Þegar þú hefur lokið við að búa til upptökuna, veldu **Vista** til að vista upptökuna. Veldu Hætta við til að loka Taka upp skilaboð svarinu án þess að vista

8.6.3.3 Bæta við hljóðskrá

Bættu við hljóðskrá til að búa til hnapp sem spilar lag eða aðra hljóðrás.

1. Veldu **Bæta við hljóðskrá**.
2. Vafraðu og veldu hljóðskrá á tækinu þínu. Skrár verða að vera <50MB.
   Studdar skráargerðir .aac, .m4a, .mp3, .wav, .wma
3. Veldu **Búið**.

8.6.4 Hljóðmerki hnapps

Hljóðmerkið má nota með snertiútgöngu, músadvöl, augnstýringu og skönnunar aðgangsaðferðum. Hljóðmerkið er forskoðun hnapps sem er talað þegar hnappurinn er auðkenndur en enn ekki búið að velja hann.

8.6.4.1 Breyta hljóðmerk hnapps

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Hljóðmerki** til að stækka röðina.



Skýringarmynd 8.11 Textareitur hljóðmerkis hnapps

4. Sláðu inn í **Hljóðmerki** textareitinn.

Ef þú vilt taka upp sérsniðið hljóðmerki, sjá kafla *8.6.3.2 Taka upp*.

8.6.5 Mynd hnapps

Hnappur getur sýnt eitt tákn eða mynd.

8.6.5.1 Breyta mynd hnapps

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Bæta mynd við hnapp:
   - Til að leita að tákni:
     a. Veldu **Táknaleit** hnappinn.
     Táknaleitarsvar opnast.



     b. Sláðu inn í textareitinn til að fínstilla leitarskilmála.
     c. Veldu viðeigandi tákn.
     d. Veldu **Búið**.
   - Til að nota myndavél til að taka mynd fyrir hnappamynd.
     a. Veldu **Myndavél** hnappinn.
     b. Veldu **Frá myndavél**.
     c. Notaðu myndavélina á tækinu til að taka mynd.
   - Til að nota mynd sem geymd er á tækinu:
     a. Veldu **Myndavél** hnappinn.

b. Veldu **Frá myndagagnasafni**.
c. Notaðu skráavafrann til að fara að ákjósanlegri myndaskrá.

Ef þú vilt ekki hafa tákn á hnappnum skaltu velja **X** í horni núverandi tákns eða stilla uppsetningu hnappa á aðeins merki. Sjá hluta *8.8.3.5 Uppsetning hnappa*.



8.6.5.2 Sía táknleitarniðurstöður

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Tákna sía** hnappinn.
4. Veldu eiginleikana sem þú vilt sjá í táknleitarniðurstöðum þínum (fullorðinn, barn, kona, karl).

Síustillingar þínar munu vera virkar þangað til þú breytir þeim aftur.

8.6.6 Hnappagerðir

Stilling hnappagerðar ákvarðar hvernig hnappurinn hegðar sér.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Gerð hnapps**.
4. Veldu hnappa tegund úr listanum:

- **Venjulegur** — getur verið með tákn, merki, skilaboð og aðgerðir. Sjálfvalin aðgerð er tala / setja inn skilaboð.
- **Spá** — sér fyrir næsta orð miðað við núverandi samsetningu í skilaboðaglugganum. Veldu hnappinn til að setja inn núverandi sýnilegt orð í skilaboðagluggann .
- **Lyklaborð** — hnappar hannaðir til að setja inn stakan staf í skilaboðaglugga og/eða svara ákvæðum eins og shift-lykli eða hástafalás rétt. Lyklaborðshnappar geta einnig spilað hljóð sem tekið var upp eða hljóðskrá þegar þeir eru valdir. Sjá hluta *8.6.3.2 Taka upp* og *8.6.3.3 Bæta við hljóðskrá*.
- **Beygingarlykill** — breytir markorði í sérstakt orðform t.d. fleirtölu, þátíð o.s.frv. Markið er sett á einn tveggja valmöguleika: síðasta orðið í skilaboðaglugganum eða allir málfræðihnappar.



Stillingar málareglu hnapps þurfa að vera nákvæmlega eins og fyrir beygingarhnappinn og málfræðihnappinn til að beygingin virki rétt.

- **Málfræði** — uppfærir sitt eigið merki til að spá fyrir um málfræðilega rétt form sem óskað er eftir miðað við innihald skilaboðagluggans
- **Undanskilið efni** — (aðeins spænska) þegar fyllt er með viðeigandi fornafni er hægt að nota undanskilið efni hnappinn til að beygja málfræðihnappa og einnig setja merki sitt inn í skilaboðagluggann. Þegar hann er valinn einu sinni mun undanskilið efni hnappurinn beygja málfræðihnappa til að passa við fornafnið á hnappinum fyrir undanskilið efni. Ef hann er valinn aftur verður merkið (fornafnið) á hnappinum fyrir undanskilið efni sett í skilaboðagluggann.
  Ef tungumálareglur undirskilins efnis hnappsins eru stilltar á spænsku (Mexíkó, Spánn eða Bandaríkin) gæti eitt af eftirfarandi fornöfnum verið notað á hnappinn:

  – yo
  – tú
  – usted
  – él
  – ella
  – nosotros
  – nosotras
  – vosotros
  – vosotras
  – ustedes
  – ellos
  – ellas

  Stillingar málareglur hnapps þurfa að vera nákvæmlega eins og fyrir undirskilið efni hnappinn og málfræðihnappinn til að beygingin virki rétt.

8.7 Aðgerðir hnapps

Aðgerðir leyfa þér að búa til hnappa sem gera hluti!

Bæta við eða breyta hnappa aðgerðum

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Bæta við aðgerð** til að velja aðgerð til að bæta við hnappinn. (Eingöngu fáanlegt ef **Hnappagerð** er stillt á **Venjuleg**).

Sláðu inn í **Leita að aðgerðum** reitinn til að finna aðgerðir tengdar leitinni þinni. Fyrir frekari upplýsingar um hvað aðgerðirnar gera, veldu upplýsingartáknið í kaflaheitinu.

Uppáhalds aðgerðirnar birtast fyrst í aðgerðarlistanum til að auðvelda aðgang. Veldu útlínustjörnuna til að bæta aðgerðinni á uppáhalds listann. Veldu heilu stjörnuna til að fjarlægja aðgerðina af uppáhalds listanum.

Aðgerðir fyrir tal	Lýsing
Tala skilaboðaglugga	Tala innihald skilaboðagluggans.
Tala eða setja inn skilaboð	Tala eða setja inn skilaboð hnapps
Tala setningu	Tala síðustu setningu í skilaboðaglugganum.
Stöðva allt hljóð	Stöðva allt tal og hljóð sem er nú í spilun eða í bið í TD Snap.

Aðgerðir fyrir skilaboðaglugga	Lýsing
Feitletrað	Gera valinn texta í skilaboðaglugga feitletraðan
Hreinsa skilaboðaglugga	Hreinsa innihald skilaboðagluggans.
Afrita texta í skilaboðaglugga	Afrita núverandi texta skilaboðaglugga á kerfisklippiborðið
Afrita skilaboðaglugga á hnapp	Afrita núverandi texta skilaboðaglugga og bæta honum síðan við merki hnapps.
Klippa texta í skilaboðaglugga	Klippa núverandi texta í skilaboðaglugga á kerfisklippiborðið.
Eyða texta	Eyða völdum texta í skilaboðaglugga eða völdu orði í skilaboðaglugga.
Skáletrað	Gera valinn texta í skilaboðaglugga skáletraðan
Færa bendil	Færa bendil í skilaboðaglugga
Afrita klippiborð yfir á skilaboðaglugga	Líma innihald kerfisklippiborðsins í skilaboðagluggann.
Endurgera skilaboðaglugga	Endurgera síðustu virkni sem var afturkölluð í skilaboðaglugganum.
Veldu texta	Veldu texta í skilaboðaglugga.
Deila texta í skilaboðaglugga	Deila texta í núverandi skilaboðaglugga.
Víxla spjallham	Kveikja og slökkva á spjalli. Þegar spjall er virkjað er efni núverandi skilaboðaglugga sett í minni og síðan er glugginn hreinsaður. Á meðan þú ert í spjalli getur þú sett nýtt efni inn í skilaboðagluggann og talað. Þegar slökkt er á spjalli er efni skilaboðagluggans endurheimt úr minni þannig að þú getir haldið áfram þar sem þú varst áður.
Afturkalla skilaboðaglugga	Afturkalla síðustu athafnir í skilaboðaglugganum.

Aðgerðir fyrir yfirlit	Lýsing
Hætta við heimsókn	Hættir við heimsókn þannig að þú sért áfram á núverandi síðu.
Lengja heimsókn	Hnappur sem inniheldur þessa aðgerð virkjar ekki endursendingu á síðustu síðu á meðan heimsókn er í gangi.
Fara til baka	Fara til baka á síðustu síðu
Fara heim	Fara á heimasíðu.
Tengill	Tengja á aðra síðu.
Opna stjórnborð	Opna stjórnborðssíðu.
Opna lyklaborð	Opna síðu lyklaborðs.
Opna veftöflu***	Opna veftöfluna.
Til baka úr heimsókn	Fara aftur á fyrri síðu, hætta við heimsókn.
Skipta síðusetti	Skipta yfir í annað síðusett.

Aðgerðir fyrir Boardmaker athafnir	Lýsing
Opna Boardmaker athöfn eða möppu ‡	Opna Boardmaker athöfn eða möppu sem TD Snap síðu eða sem sprettiglugga.
Opna Boardmaker athafnasafnið ‡	Opna Boardmaker athafnasafnið í TD Snap. Notandinn getur skoðað möppurnar og spilað athafnirnar í gegnum safnið. Boardmaker athafnasafnið er Snap athafnasafnsmappan á myBoardmaker.com
Opna núverandi Boardmaker athöfn ‡	Opnaðu Boardmaker athöfnina sem er í gangi, ef það á við.

Aðgerðir fyrir hegðunarstuðning	Lýsing
Fyrst svo	Sýna fyrst, svo raðir við sprettiglugga.
Athafnaröð	Sýna athafnaröð í sprettiglugga.
Lýsing	Sýna lýsingu í sprettiglugga.
Sjónrænn tímavaki	Sýna tímavaka í efstu stikunni sem telur niður tiltekinn tíma.

Aðgerðir fyrir aðgangsaðferð	Lýsing
Fínstilla augnstýringu	Hefja fínstillingu augnstýringar.
Gera hlé á aðgangsaðferð	Gerir hlé á og ræsir aftur aðgangsaðferð. Texti á hnappamerki sýnir hvort aðgangsaðferðin er í hléi eða hvort hún er virk. Mögulegar aðgangsaðferðir: Músadvöl, augnstýring.
Stilla aðgangstíma	Stillir aðgangsaðferðartímabreytu á tilgreint gildi. Tímabreytan sem verður fyrir áhrifum ákvarðast af virku aðgangsaðferðinni þegar *Stilla aðgangstíma aðgerðin er virkjuð*† Til dæmis gætirðu bætt aðgerðinni við þegar aðgangsaðferðin er stillt á Snerting en seinna virkjar notandinn hana með augnstýringaraðgangsaðferðinni til að breyta dvalartíma augntillits.
Sýna stöðu augnstýringar	Sýna stöðu rakningar glugga fyrir augnstýringu.

Aðgerðir fyrir hljóðstyrksstjórnun	Lýsing
Víxlaðu hljóði af hljóðsvörun	Taktu hljóðið af eða settu hljóðið á hljóðsvörun.
Styrkur hljóðsvörunar lækkaður	Lækkaðu styrk hljóðsvörunar.
Styrkur hljóðsvörunar hækkaður	Hækkaðu styrk hljóðsvörunar.
Stilla hljóðstyrk	Stilltu hljóðstyrkinn á ákveðið stig.
Víxlaðu tali af	Taktu hljóðið af eða settu hljóðið á kerfi.
Lækka hljóðstyrk tals	Lækkaðu hljóðstyrk kerfis.
Hækka hljóðstyrk tals	Hækkaðu hljóðstyrk kerfis.

Aðgerðir fyrir umhverfisstjórnun	Lýsing
Senda Google Assistant skipun	Senda textaskipun til Google Assistant. Valkostir: Senda skilaboðatexta hnapps eða senda texta í skilaboðaglugga.
Senda IR merki	Senda tiltekið IR merki.

Aðgerðir fyrir AccessIT	Lýsing
Tengja við AccessIT*	Aftengdu tengt AccessIT tæki og sýndu síðan AccessIT tækisveljara.
Endurstilla AccessIT*	Stöðvaðu tilteknar AccessIT aðgerðir: textaflutninga, haldna lyklaborðslykla, smelli og/eða samfelldar músahreyfingar.
Sendu hnappa texta*	Sendu merki eða skilaboð hnapps í AccessIT tækið.
Senda lyklaborðslykil*	Senda lyklaborðslykil til AccessIT tækisins.
Senda texta í skilaboðaglugga*	Senda núverandi texta í skilaboðaglugga til AccessIT tækisins.ᵸ
Senda músasmell*	Senda músasmelli til AccessIT tækisins.
Senda músahreyfingu*	Senda músahreyfingar til AccessIT tækisins.
Senda texta*	Senda texta til AccessIT tækisins.

Aðgerðir fyrir Ræsa önnur forrit	Lýsing
Ræsa forrit	Ræsa tiltekið forrit.

Aðgerðir fyrir tæki	Lýsing
Endurræsa tæki	Endurræsir tækið.
Slökkva á tæki	Slekkur á tækinu.
Víxla heilskjásstillingu	Víxla heilskjásstillingu yfir á kveikt eða slökkt fyrir tækið.

Aðgerðir fyrir Félagaglugga	Lýsing
Félagaglugga birtustig lækkað**	Dregur úr birtustigi félagaglugga.
Félagaglugga birtustig hækkað**	Eykur birtustig félagaglugga.
Víxla straum félagaglugga**	Víxla straum af og á félagaglugga.

* Þessi aðgerð krefst Tobii Dynavox AccessIT 3 tæki. Sjá hluta *8.7.4 AccessIT*

* Þessi aðgerð krefst Tobii Dynavox I-13 eða I-16 tækis.

***Sjá hluta *8.7.3 Veftafla*

‡ Þessi aðgerð þarfnast myBoardmaker.com aðgangs og tengds Boardmaker efnis. Sjá hluta *8.7.5 Spila Boardmaker athafnir í TD Snap*

ᵸ „Núverandi texti“ segir til um valinn texta í skilaboðaglugganum eða ef ekkert er valið, allan textann í skilaboðaglugganum.

† Listi yfir tímabreytur sem verða fyrir áhrifum frá Stilla aðgangstíma aðgerðinni.

Tafla 8.1 Aðgangstímagraf

Aðgangsaðferð	Tímabreyta sem verður fyrir áhrifum
Augnstýring með dvöl.	Dvalartími
Augnstýring með skiptirofa.	Skipta biðtíma
Augnstýring með blikki.	Lágmarks blikktími
Snerta Enter / Snerta Exit	Biðtími
1 rofa sjálfvirk skönnun	Skönnunarhraði
1 rofa skönnun	Gera hlé á tíma

Aðgangsaðferð	Tímabreyta sem verður fyrir áhrifum
1 rofa dvalarskönnun	Gera hlé á tíma
Öfug skönnun	Hraði
Músardvöl	Dvalartími
Snerting	ekkert

8.7.1 Eyða aðgerð

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Eyða** hnappi við hlið aðgerðar.
4. Veldu rauða **Eyða** hnappinn til að staðfesta eyðingu.

8.7.2 Endurraða aðgerðum hnapps

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu og haltu niðri haldi aðgerðar, dragðu hana síðan í nýja stöðu á lista yfir aðgerðir.



8.7.3 Veftafla

Veftafla er aðeins tiltæk með snertiaðgangsaðferðinni.

Veftaflan er svæði þar sem þú getur sýnt myndir og búið til teikningar fríhendis. Búðu til eins margar töflur og þú vilt. Þær munu viðhaldast þar til þú eyðir þeim.

Til að opna veftöflu skal nota Opna veftöflu aðgerðina á hnappi.



1. **Til baka** — Fara til baka á síðusett.
2. **Ný veftafla** — Búðu til nýja veftöflu.
3. **Listi yfir veftöflur sem þegar eru til** — Veldu hvaða veftöflu sem er til að skoða og breyta.
4. **Teiknispjald** — Veldu hvaða lit sem er og teiknaðu síðan fríhendis á veftöfluna.
5. **Strokleður** — Strokaðu út teikningar á ákveðnum svæðum.
6. **Hreinsa** — Hreinsaðu allar teikningar af núverandi veftöflu.
7. **Breyta myndum** — Endurstaðsettu, breyttu stærð eða eyddu myndum af veftöflunni..
8. **Bæta við mynd** — Bættu mynd við veftöfluna. Notaðu innbyggðu myndavélina þína til að taka myndir eða leita að mynd sem geymd er á tækinu þínu.

   Aðgerðir fyrir Bæta við mynd

   - Taktu mynd
   - Veldu mynd — Athugið: Eingöngu er hægt að fara á samtalsgluggann fyrir þessa aðgerð með Snertingu.
   - Hætta við

9. **Velja mynd** — Smelltu og dragðu frá miðju myndar til að endurstaðsetja. Smelltu og dragðu á horni til að breyta stærð.
10. **Eyða mynd** — Eyddu valinni mynd.
11. **Eyða veftöflu** — Eyddu núverandi veftöflu.

8.7.4 AccessIT

TD Snap styður Tobii Dynavox AccessIT 3, USB Bluetooth tæki sem er notað til að senda lyklaborðsinnslátt, músahreyfingar og músasmelli í venjulega Windows 10 tölvu úr tæki sem notar Tobii Dynavox TD Snap forritið. Til að fræðast meira um Tobii Dynavox AccessIT 3 skaltu fara á http://www.tobiidynavox.com/AccessIT

AccessIT síður fylgja með í Core First síðusettum sem búnar eru til með TD Snap útgáfu 1.7 og nýrri. AccessIT síðubúnt eru tiltæk til innflutnings inn í núverandi síðusett þín á https://www.mytobiidynavox.com/PagesetCentral

Héðan í frá í þessu skjali verður vísað til tölvunnar sem fær skipanir sem „tölvan“ og tækisins sem skipanirnar verða sendar frá sem „tjáskiptatækið“.

AccessIT 3 notar Bluetooth® þráðlausa tækni. Minna en 10 metrar (32 fet) þurfa að vera á milli tölvunnar (með tengdu AccessIT 3) og tjáskiptatækisins til að koma á og viðhalda Bluetooth pörun á meðan að AccessIT 3 er í notkun.

Kveikt þarf að vera á bæði tjáskiptatækinu og tölvunni og tækin aflæst áður en byrjað er á skrefunum hér að neðan.

8.7.4.1 Settu upp AccessIT

Tengdu við AccessIT

1. *(Á tölvunni)* Settu AccessIT 3 í USB tengi.

AccessIT 3 krefst USB 2.0 eða hærra.

Virkjaðu Bluetooth — Windows tjáskiptatæki

1. *(Á tjáskiptatækinu)* Veldu **Byrja** valmynd, veldu síðan **Stillingar**.
2. Veldu **Tæki**.
3. Veldu **Bluetooth**.
4. Færðu **Bluetooth** Í KVEIKT stöðu.

Virkjaðu Bluetooth — iOS (iPAD) tjáskiptatæki

1. *(Á tjáskiptatækinu)* Farðu á **Stillingar > Bluetooth** og virkjaðu Bluetooth.

8.7.4.2 AccessIT aðgerðir

AccessIT aðgerðir eru hannaðar til að vera notaðar saman. Algengar tölvuaðgerðir eins og smella og draga munu krefjast meira en einnar aðgerðar. Einstökum aðgerðum er lýst hér að neðan.

Ef AccessIT tæki er ekki tengt þegar hnappur með AccessIT aðgerð er valinn, mun (aðgengilegt) AccessIT tækisveljari opnast sjálfvirkt.

- Tengja við AccessIT — Aftengdu núverandi AccessIT tæki (ef einhver) og sýndu AccessIT tækisveljara. Þessi aðgerð er gagnleg við að skipta frá einu AccessIT tæki yfir í annað AccessIT tæki. Ekki er nauðsynlegt að nota þessa aðgerð til að ræsa allar AccessIT lotur, þar sem allar AccessIT aðgerðir opna sjálfvirkt AccessIT tækisveljara ef AccessIT tæki er ekki tengt.
- Endurstilla AccessIT — Stöðvaðu tilteknar skipanagerðir sem er verið að framkvæma: lyklaborðslyklar, músasmellir, músahreyfingar og/eða texta.
- Sendu hnappa texta — Sendu hnappa texta til AccessIT tækis. Ef hnappurinn er ekki með texta, sendirðu merki hnappsins.
- Senda lyklaborðslykil — sendu tiltekinn lyklaborðslykil. Valkostir: haltu lyklinum niður og/eða bíddu í tiltekinn tíma eftir að þú sendir lyklaborðslykla (áður en þú framkvæmir næstu aðgerðir).
- Senda texta í skilaboðaglugga — Senda núverandi texta í skilaboðaglugga til AccessIT tækisins. Ef skilaboða-glugginn er táknmyndaður eru táknin ekki send.
- Sendu texta — Sendu tiltekin texta til AccessIT tækis.
- Senda músasmell — Sendu tiltekna smellgerð (vinstri smellur, hægri smellur, miðsmellur, vinstri tvísmellur). Valkostir: Bíddu í tiltekinn tíma eftir að þú sendir smellinn (áður en þú framkvæmir næstu aðgerð) og/eða heldur smellinum niðri.
- Senda músahreyfingu — Sendir músahreyfingar til AccessIT tækisins. Músahreyfingar eru gerðar frá núverandi staðsetningu músarinnar. Færðu bláu kúluna í þá stöðu hringsins sem passar við átt ákjósanlegrar músahreyfingar, settu síðan inn tölu í fjarlægðarreitinn. Fjarlægðareining er minnsta skynjanlega músahreyfingin, sem er á milli 1/300 og 1/200 af tommu, en það fer eftir búnaðinum og músahraðastillingar á tölvunni. Valkostir: samfelld hreyfing (músin heldur áfram að fara í tiltekna átt þangað til önnur aðgerð stöðvar/endurbeinir henni eða hún endar á brún skjásins) og/eða bíður í tiltekinn tíma eftir að þú sendir músahreyfinguna (áður en þú framkvæmir næstu aðgerð).

Skýringarmynd 8.12 Músahreyfingaátt — Staðsettu bláu kúluna í hringinn til að stilla inn músahreyfingaáttina.

Sumum AccessIT notendum gæti fundist það gagnlegt að virkja Windows-stillinguna „Sýna staðsetningu bendils þegar ég ýti á CTRL lykil“ á tölvunni. Notaðu Senda lyklaborðslykil aðgerðina til að senda CTRL lyklaborðslykil frá TD Snap og kvikaðir hringir munu birtast tímabundið umhverfis músabendilinn á tölvunni til að gera hann sýnilegri. Til að fara í þessa Windows músastillingu skaltu fara í *Stillingar* > *Tæki* > *Mús* > *Frekari músavalkostir* > *Bendilsvalkostaflipi*.

8.7.4.3 Tölvu orkustillingar og AccessIT

Tölvan getur aðeins móttekið AccessIT skipanir þegar kveikt er á henni og hún er ekki í hvíld. Til að tryggja ótruflaðan tölvuaðgang, skaltu breyta orkustillingum tölvunnar þannig að hún setji tölvuna (harða diskinn) aldrei í hvíldarstöðu á meðan hún er í sambandi.

Tölvan getur ennþá móttekið AccessIT skipanir þó að skjárinn hafi farið í orkusparnaðarham. Þegar AccessIT skipun (lyklaborðslykill, músahreyfing, eða músasmellur) er send úr TD Snap mun það „vekja“ tölvuskjáinn.

Orkustillingar Windows má finna í *Stillingar* > *Kerfi* > *Orka og hvíld*.

8.7.5 Spila Boardmaker athafnir í TD Snap

Boardmaker athafnir eru gagnvirkar og prentefni hannað til fræðslu, tjáskipta og fjörs! Þú getur líka skoðað og spilað Boardmaker athafnirnar beint í TD Snap. Notaðu opna Boardmaker safnaaðgerðina til að skoða og spila athafnir. Eða notaðu opna Boardmaker athafnirnar eða möppurnar til að fara beint í ákveðna athöfn eða möppu. Þú getur einnig gert athafnir aðgengilegar án nettengingar.

Boardmaker athafnir sem eru spilaðar í TD Snap eru hannaðar fyrir heimanotkun, þar sem umönnunaraðili sér um Tobii Dynavox aðganginn fyrir bæði TD Snap og myBoardmaker. Umönnunaraðilinn í þessu tilviki mun hafa beinan aðgang að Boardmaker athafnamöppu þar sem hann getur sett inn Boardmaker athafnir fyrir notandann.

Í kennslustofu eða meðferðarsamhengi, þar sem kennari eða meðferðaraðili úthlutar Boardmaker athöfnum, ætti nemandinn að ljúka verkefnunum með því að nota Boardmaker 7 Student Center forritið. Boardmaker 7 Student Center forritið er ókeypis að setja upp og nota og er samhæft með flestum tækjum sem styðja TD Snap. Nemandinn mun líklegast þurfa sérstaka innskráningu frá kennaranum til að fá aðgang að verkefnunum sínum í Boardmaker 7 Student Center forritinu.

Sumar Boardmaker stillingar og aðgerðir eru ekki studdar í TD Snap. Sjá notendaleiðbeiningarnar fyrir Boardmaker 7 fyrir listann af óstuddum eiginleikum.



Skýringarmynd 8.13 Boardmaker athöfn í gangi í TD Snap

1	Athöfn	Boardmaker athafnirnar spilast sjálfkrafa á aðalsíðu TD Snap svæðisins. Þú getur einnig spilað Boardmaker athafnir í sprettiglugga ef þú heimilar *Spila í sprettiglugga* þegar þú bætir einni athöfninni í Boardmaker athöfnunum á hnapp.
2	Stjórnaðu aðgengi án nettengingar	Veldu athafnir í þessum glugga til að hlaða niður og gera aðgengilegar án nettengingar. Hægt verður að spila völdu athafnirnar án nettengingar í TD Snap.
3	Fara í myBoardmaker	Ræsa myBoardmaker.com í vafraglugga.
4	Boardmaker athafnarvalmyndartákn	Opnaðu Boardmaker athafnavalmyndina til að nálgast eftirfarandi hnappa: • Til baka — Farðu úr athöfninni og snúðu aftur á fyrri síðu. • Safn — Farðu á Boardmaker safnið í TD Snap. • Endurræsa — Byrjaðu upp á nýtt í núverandi athöfn. • Færa — Færðu Boardmaker athafnavalmyndatáknið í annað horn á skjánum.

8.7.5.1 Stilltu athafnir á Boardmaker Online

Til að gera Boardmaker athafnir aðgengilegar í TD Snap verður þú að vera með aðgang á myBoardmaker.com. Aðgangar á Community stigi eru ókeypis. Farðu inn á myBoardmaker.com og skráðu þig inn með Tobii Dynavox aðgangsupplýsingunum sem þú notar í TD Snap til að búa til ókeypis myBoardmaker Community aðgang.

Vefsíðan myBoardmaker er, eins og er, eingöngu á ensku. Hins vegar eru Boardmaker athafnir aðgengilegar á mörgum tungumálum.

Áður en þú byrjar skaltu athuga að þú hafir nettengingu og sért skráð/ur inn á Tobii Dynavox aðganginn þinn í TD Snap.

1. Inni í TD Snap, veldu **Stjórnborð** og veldu síðan **Boardmaker athafnir** hnapinn.

   Ef þú ert ekki með Boardmaker athafnahnappinn á stjórnborðinu þínu geturðu búið til hnapp með opna Boardmaker athafnasafn aðgerðinni, veldu síðan þann hnapp í notkunarham. Þegar opna Boardmaker athafnasafn aðgerðin er notuð í fyrsta skipti býr það til nauðsynlegar möppur á Boardmaker Online aðganginum þínum.

2. Opnaðu vefvafra og farðu á myBoardmaker.com
3. Veldu **Skrá inn**,stimplaðu síðan inn Tobii Dynavox aðgangsorðin þín. Ef þú hefur ekki skráð þig inn á myBoardmaker.com áður, verður þú að nýskrá þig fyrir ókeypis Community aðgang eða hefja áskrift.
4. Veldu **Minn Boardmaker**.
5. Veldu möppuna **Snap athafnir**.
6. Bættu athöfnum og möppum við Snap athafnamöppuna til að gera þær aðgengilegar í gegnum TD Snap aðgerðirnar.

   Snap aðgerðarmappan er forhlaðin með mörgum fríum athöfnum til að hjálpa þér að byrja. Sumar af vinsælustu athöfnunum eru reiknivélin, teningur, og lukkuhjóla athafnir sem finna má í stærðfræðitóla möppunni.

Snap aðgerðarmappan á myBoardmaker er Boardmaker athafnasafnið í TD Snap.

8.7.5.2 Opna Boardmaker athafnasafnið.

Notið þessa aðgerð til að leyfa notandanum að skoða allar Boardmaker athafnirnar í Snap athafnamöppuni á myBoardmaker beint í TD Snap. Í gegnum Boardmaker athafnasafnið getur hann valið sér athöfn til að spila.

Allar athafnir í safninu eru aðgengilegar til að spila ef það er virk nettenging á tækinu. Án nettengingar er eingöngu hægt að spila athafnir sem þegar er búið að hlaða niður eða sem eru í minninu. Sjá hluta *8.7.5.5 Boardmaker athafnir, aðgengi án nettengingar*.

1. Farðu á síðu þar sem þú vilt hafa hnapp sem tengist Boardmaker athafnasafninu þínu.
2. Veldu **Breyta** hnappinn.
3. Veldu hnappinn sem þú vilt nota til að opna Boardmaker athafnasafnið.
4. Veldu **Bæta við aðgerð**.
5. Skrunaðu niður í Boardmaker athafnasafnshlutann og veldu **Opna Boardmaker athafnasafn**.

8.7.5.3 Opna Boardmaker athöfn

Spilaðu ákveðna athöfn í Boardmaker safninu.

Allar athafnir í safninu eru aðgengilegar til að spila ef það er virk nettenging á tækinu. Án nettengingar er eingöngu hægt að spila athafnir sem þegar er búið að hlaða niður eða sem eru í minninu. Sjá hluta *8.7.5.5 Boardmaker athafnir, aðgengi án nettengingar*.

1. Farðu á síðuna sem þú vilt tengja hnapp við sem leiðir á Boardmaker athöfnina.
2. Veldu **Breyta** hnappinn.
3. Veldu hnappinn sem þú vilt nota til að opna Boardmaker athöfnina.
4. Veldu **Bæta við aðgerð**.
5. Skrunaðu niður í Boardmaker athafnasafnshlutann og veldu **Opna Boardmaker athafnasafn**. Snap aðgerðarsíðan mun opnast.
6. Flettu í gegnum möppurnar og finndu athöfnina sem þú vilt spila. Veldu athöfnina.
7. Ef þú vilt að athöfnin opnist í sprettiglugga, virkjaðu **Opna í sprettiglugga**. Annars mun athöfnin opnast sem síða í TD Snap.

   Athafnir sem eru opnaðar í sprettiglugga leyfa notandanum ekki að fara úr glugganum og koma til baka á sama stað og áður. Sprettigluggar er best að nota fyrir stuttar athafnir sem auðvelt er að endurræsa frá byrjun.

8. Veldu **Velja athöfn**. Til að hætta án þess að vista, veldu Hætta við.

Merki hnappsins uppfærist sjálfkrafa með nafni tengdu athafnarinnar.

8.7.5.4 Opna Boardmaker möppur

Opnaðu ákveðna möppu í Boardmaker safninu þínu. Notandinn getur valið athafnir til að spila í TD Snap í frá möppunni.

Þú getur úthlutað Boardmaker athöfnum til notandans með því að búa til möppu fyrir hann í Snap athafnamöppunni á myBoardmaker.com og tengjast síðan möppunni í TD Snap síðusettinu þeirra. Færðu athafnir yfir í möppuna eftir þörfum og notandinn mun sjá athafnirnar á TD Snap (notandinn verður að hafa nettengingu og að vera skráður inn á myTobiiDynavox aðganginn sinn í TD Snap til að fá uppfærðar athafnir).

Allar athafnir í safninu eru aðgengilegar til að spila ef það er virk nettenging á tækinu. Án nettengingar er eingöngu hægt að spila athafnir sem þegar er búið að hlaða niður eða sem eru í minninu. Sjá hluta *8.7.5.5 Boardmaker athafnir, aðgengi án nettengingar*.

1. Farðu á síðuna sem þú vilt tengja hnapp við sem leiðir á Boardmaker athöfnina.
2. Veldu **Breyta** hnappinn.

3. Veldu hnappinn sem þú vilt nota til að opna Boardmaker möppuna.
4. Veldu **Bæta við aðgerð**.
5. Skrunaðu niður í Boardmaker athafnasafnshlutann og veldu **Opna Boardmaker athafnasafn**. Snap aðgerðarsíðan mun opnast.
6. Farðu í möppuna sem þú vilt tengjast, þannig að þú sért innan viðeigandi möppu.
7. Veldu **Velja möppu**. Til að hætta án þess að vista, veldu Hætta við.

Merki hnappsins uppfærist sjálfkrafa með nafni tengdu möppunnar.

8.7.5.5 Boardmaker athafnir, aðgengi án nettengingar

Þú getur hlaðið niður Boardmaker athöfnum á tækið sem þú kýst til að þær séu aðgengilegar til að spila þegar tækið er ekki nettengt.

Athöfnum án nettengingar er hlaðið niður á hvert tæki. Ef að síðusettið er samstillt eða deilt á annað tæki þarf að endurtaka niðurhalsferlið á því tæki til að gera athöfnina aðgengilega án nettengingar.

1. Opnaðu Boardmaker safnið þitt í TD Snap. Sjá hluta *8.7.5.2 Opna Boardmaker athafnasafnið.*.
2. Opnaðu möppu til að sjá lista yfir athafnirnar.
3. Veldu Stjórnaðu aðgengi án nettengingar
4. Hakaðu við boxið við hliðina á athöfninni sem þú vilt hlaða niður á tækið þitt fyrir spilun án nettengingar.

   Á athöfnum sem sýna táknið heppnaðist að hlaða niður og er athöfnin aðgengileg á þessu tæki án nettengingar.
5. Veldu **X** til að loka glugganum þegar þú hefur klárað að hlaða niður athöfnum úr þessari möppu.
6. Endurtaktu skrefin að ofan í hverri möppu sem inniheldur athafnir sem þú vilt geta notað án nettengingar.

Þegar athöfn sem er ekki merkt til notkunar án nettengingar er spiluð þegar það er nettenging, er henni hlaðið niður sem tímabundinni skrá. Af þeirri ástæðu verður hægt að spila sumar athafnir án nettengingar, sem áður hafa verið spilaðar en eru ekki merktar sérstaklega sem aðgengilegar án nettengingar. Aðgengi þessara athafna er ekki tryggt.

8.7.5.6 Opna Boardmaker athöfnina sem er í gangi

Ef að notandinn er að spila Boardmaker athöfn í TD Snap og fer út úr athöfninni yfir á aðra síðu getur hann farið aftur í Boardmaker athöfnina á sama stað og áður.

Þessi aðgerð er bara möguleg með athafnir sem spilaðar eru í aðal TD Snap glugganum. Þetta virkar ekki þegar athafnir eru opnaðar í sprettiglugga.

1. Farðu á síðuna sem þú vilt tengja hnapp við sem leiðir aftur á Boardmaker athöfnina sem er í gangi.
2. Veldu **Breyta** hnappinn.
3. Veldu hnappinn sem þú vilt nota til að fara á Boardmaker athöfnina sem er í gangi.
4. Veldu **Bæta við aðgerð**.
5. Skrunaðu niður í Boardmaker athafnarsafnshlutann og veldu **Opna Boardmaker athafnasafn**.

Ef það er engin Boardmaker athöfn í gangi verður hnappurinn sjálfkrafa óvirkur. Þegar Boardmaker athöfn er í gangi verður hnappurinn sjálfkrafa virkur og miðinn sýnir nafn og smámynd athafnarinnar.

8.8 Stíll hnapps

Breyttu útliti hnappsins í hnappastílflokknum.



8.8.1 Bakgrunnur hnapps

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Litur** undir bakgrunni hnapps.
5. Veldu lit.

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

8.8.2 Rammi hnapps

8.8.2.1 Litur ramma

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Litur** undir hnapparammi.
5. Veldu lit.

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

8.8.2.2 Þykkt ramma

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Þykkt** undir hnapparammi.
5. Veldu þykkt ramma — enginn, mjór, meðal eða þykkur.



Skýringarmynd 8.14 Rammi hnapps: Enginn, mjór, meðal og þykkur.

8.8.3 Merki hnapps

8.8.3.1 Litur

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Litur** undir merki hnapps.
5. Veldu lit.

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

8.8.3.2 Leturgerð

Sjálfvalin stilling er stillt inn á síðusettsflipanum. Ef þú vilt hunsa sjálfvaldar stillingar síðusettsins í þessu tilviki, skaltu stilla jafna síðusett á **Slökkt**. Til að samstilla þessar stillingar með afganginum af síðusettinu, stillirðu jafna síðusett á **Kveikt**.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Leturgerð** undir merki hnapps.
5. Veldu leturgerð.

8.8.3.3 Stærð

Sjálfvalin stilling er stillt inn á síðusettsflipanum. Ef þú vilt hunsa sjálfvaldar stillingar síðusettsins í þessu tilviki, skaltu stilla jafna síðusett á **Slökkt**. Til að samstilla þessar stillingar með afganginum af síðusettinu, stillirðu jafna síðusett á **Kveikt**.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Stærð** undir merki hnapps.
5. Veldu stærð.

8.8.3.4 Feitletrað

Sjálfvalin stilling er stillt inn á síðusettsflipanum. Ef þú vilt hunsa sjálfvaldar stillingar síðusettsins í þessu tilviki, skaltu stilla jafna síðusett á **Slökkt**. Til að samstilla þessar stillingar með afganginum af síðusettinu, stillirðu jafna síðusett á **Kveikt**.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Feitletrað** undir merki hnapps.
5. Settu feitletrun á **Kveikt** eða **Slökkt**.

8.8.3.5 Uppsetning hnappa

Sjálfvalin stilling er stillt inn á síðusettsflipanum. Ef þú vilt hunsa sjálfvaldar stillingar síðusettsins í þessu tilviki, skaltu stilla jafna síðusett á **Slökkt**. Til að samstilla þessar stillingar með afganginum af síðusettinu, stillirðu jafna síðusett á **Kveikt**.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Uppsetning hnappa** undir merki hnapps.
5. Veldu uppsetningu úr listanum.

Merki efst, mynd neðst

Merki neðst, mynd efst



Merki vinstri, mynd hægri

Merki hægri, mynd vinstri

Aðeins merki



Aðeins mynd

8.9 Tengja á síðu / búa til nýja síðu

Tenglahnappur opnar nýja síðu þegar hann er valinn. Sjálfvalið er að tenglahnappar séu auðkenndir með þessu tákni eða heimsækja tákninu . Til að breyta útliti tengla og heimsækja hnappa, sjá kafla *9.3.5 Útlit tengla síðusetts*.

8.9.1 Búðu til tengla hnapp í tómu hólfi

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu tengla táknið í tómu hólfi.



- Til að tengja við glænýja síðu, sjá kafla *8.9.3 Tengja á nýja síðu / búa til nýja síðu*.
- Til að tengja við síðu sem er til, sjá kafla *8.9.4 Tengja á síðu sem er til*.
- Til að tengja við (nýtt) afrit af síðu sem er til, sjá kafla *8.9.5 Tengja á nýtt afrit af síðu sem er til*.
- Til að flytja inn og tengja við síðu, sjá kafla *8.9.6 Flytja inn og tengja á síðu*.

8.9.2 Búa til tengil þar sem hnappur er þegar til

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnappinn sem þú vilt búa til tengil frá.

3. Veldu **Hnappinn** flipann.
4. Veldu **Aðgerð** flokkur.
5. Veldu **Bæta við aðgerð**.
6. Veldu **Tengja**.
   - Til að tengja við glænýja síðu, sjá kafla *8.9.3 Tengja á nýja síðu / búa til nýja síðu*.
   - Til að tengja við síðu sem er til, sjá kafla *8.9.4 Tengja á síðu sem er til*.
   - Til að tengja við (nýtt) afrit af síðu sem er til, sjá kafla *8.9.5 Tengja á nýtt afrit af síðu sem er til*.
   - Til að flytja inn og tengja við síðu, sjá kafla *8.9.6 Flytja inn og tengja á síðu*.

8.9.3 Tengja á nýja síðu / búa til nýja síðu

1. Veldu **Tengja á nýja síðu**. Ný síða svar opnast.
2. Sláðu síðuheiti inn í **Heiti** reitinn. Veldu tákn eða veldu **X** ef þú vilt ekki velja tákn fyrir síðuna.
3. Veldu **Búa til** til að búa til tengil og nýju síðuna. Veldu **Hætta við** til að fara til baka án þess að vista.

8.9.4 Tengja á síðu sem er til

1. Veldu **Tengja á síðu sem er til**. Tengill á síðu sem er til svar opnast.
2. Veldu síðu úr listanum.

   Sláðu inn í leitarreitinn til að finna tiltekna síðu eða veldu nýlega opnað til að finna síðu sem þú heimsóttir nýlega.

3. Veldu **Vista** til að búa til tengil. Veldu **Hætta við** til að fara til baka án þess að vista.

Til að læra um heimsækja síðu, sjá kafla *8.9.7 Heimsækja síðu*.

8.9.5 Tengja á nýtt afrit af síðu sem er til

Þessi tengiaðferð gerir þér kleift að nota síðu sem forsnið fyrir nýju síðuna sem þú býrð til.

1. Veldu **Tengja á afrit af síðu**. Tengill á afrit af síðu svar opnast.
2. Veldu síðu úr listanum.

   Sláðu inn í leitarreitinn til að finna tiltekna síðu eða veldu nýlega opnað til að finna síðu sem þú heimsóttir nýlega.

3. Settu inn heiti fyrir nýju síðuna í heiti reitinn.
4. Veldu **Vista** til að búa til afrit af valinni síðu og tengilinn. Veldu **Hætta við** til að fara til baka án þess að vista.

Til að læra um heimsækja síðu, sjá *8.9.7 Heimsækja síðu*.

8.9.6 Flytja inn og tengja á síðu

Ef þú ert með síðubúntsskrá sem inniheldur síðu sem þú vilt tengja við getur þú flutt inn síðuna og tengt við hana í einu skrefi með flytja inn og tengja á síðu.

1. Veldu **Flytja inn og tengja á síðu**. Þú getur valið að flytja inn frá myTobiiDynavox eða frá staðbundinni skrá:

   Frá myTobiiDynavox

   a. Veldu **Frá myTobiiDynavox**.
      Þú gætir verið beðin/n um að skrá þig inn á TobiiDynavox. Valið síðubúnt frá myTobiiDynavox svar opnast.
   b. Veldu síðubúntið sem þú vilt flytja inn og veldu síðan **Næst**.
   c. Veldu síðuna sem þú vilt tengja við og veldu síðan **Flytja inn**.

Síðuárekstur gerist þegar síðubúntið inniheldur eina eða fleiri síður sem eru þegar til á tækinu en eru ekki eins. Veldu hvert síðuárekstur tákn veldu síðan hvort þú heldur síðunni sem er til eða skrifa yfir með innfluttu síðunni úr síðubúntinu. Þú þarft að leysa úr öllum síðuárekstrum á þennan hátt áður en þú getur haldið áfram með innflutning síðubúntsins.

Frá staðbundinni skrá

a. Veldu **Frá staðbundinni skrá**. Flytja inn síðubúnt frá staðbundinni skrá svarið opnast.
b. Veldu **Vafra**. Farðu á viðeigandi síðubúnt (.spb) og veldu síðan **Opna**.
c. Veldu **Næst**.
d. Veldu síðuna sem þú vilt tengja við og veldu síðan **Flytja inn**.

Síðuárekstur gerist þegar síðubúntið inniheldur eina eða fleiri síður sem eru þegar til á tækinu en eru ekki eins. Veldu hvert síðuárekstur tákn veldu síðan hvort þú heldur síðunni sem er til eða skrifa yfir með innfluttu síðunni úr síðubúntinu. Þú þarft að leysa úr öllum síðuárekstrum á þennan hátt áður en þú getur haldið áfram með innflutning síðubúntsins.

8.9.7 Heimsækja síðu

Þegar þær eru virkjaðar setur heimsækja síðu stillingar inn tengil til að senda notanda aftur á fyrri síðu eftir að hann velur val sem virkjar endursendingu á tengdu síðunni. Tenglahnappar sem hafa heimsækja síðu virkjað sýna þetta tákn:

Svona virkar heimsækja síðu

1. Velja heimsækja síðutengil hnapp. Tengda síðan opnast.
2. Veldu á tengdu síðunni.*
   Fyrri síðan (sem inniheldur heimsækja síðu tengil hnappinn) opnast.

* Til þess að virkja endursendingu á fyrri síðu þarf valinn hnappur *annað hvort* að innihalda eitt af eftirfarandi aðgerðum:

- Tala eða setja inn skilaboð
- Tala setningu
- Til baka úr heimsókn

Eða, vera einn af eftirfarandi hnappagerðum sem virkjar einnig endursendingu á fyrri síðu:

- Málfræðihnappur
- Beygingahnappur
- Spáhnappur
- Lyklaborð á skjá hnappur forritaður með lyklagerð = bil

Eftirfarandi aðgerðir og hnappagerðir framlengja heimsóknarham og *virkja ekki* endursendingu á síðustu síðu:

- Lengja heimsókn
- Fara til baka
- Tengill
- Undirskilið efni
- Gera hlé á aðgangsaðferð
- Spjall

Ef hnappur inniheldur margar aðgerðir (einhverjar sem virkja endursendingu á síðustu síðu og einhverjar sem lengja heimsóknarham) er endursending á síðustu síðu ekki virkjuð nema hnappurinn innihaldi líka Til baka úr heimsókn.

Eftirfarandi aðgerðir hætta við heimsókn:

- Hætta við heimsókn
- Fara heim
- Opna stjórnborð
- Opna lyklaborð

8.9.7.1 Virkja heimsækja síðu á tengill hnappur

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu tengil-hnappinn.

Skýringarmynd 8.15 Tengja við dæmi hnappur

3. Veldu **Aðgerð** flokkur.
4. Veldu **Tengja** aðgerð.
5. Stilltu **Heimsækja síðu** á kveikt.

8.9.7.2 Lengja, hætta við eða endursenda úr heimsókn

Hægt er að nota aðgerðir til að trufla eða framlengja síðuheimsókn sem á sér stað eftir að heimsækja hnappur er valinn. Ef valinn hnappur á heimsækja síðunni inniheldur eina af eftirfarandi aðgerðum mun það breyta venjulegri heimsóknarhegðun á tiltekinn hátt:

- Lengja heimsókn — vera áfram í heimsóknarham, þrátt fyrir aðgerðina(irnar) á þessum hnappi.
- Hætta við heimsókn — fara úr heimsóknarham en vera áfram á núverandi síðu.
- Til baka úr heimsókn — fara úr heimsóknarham strax (áður en eftirfarandi aðgerðir á þessum hnappi eru framkvæmdar) og fara aftur á upphaflega síðu. Allar aðgerðir á hnappnum eru framkvæmdar.

8.10 Stillingar fyrir hnapp aðgangsaðferða

Sérsníddu vissar stillingar aðgangsaðferða á hverjum hnappi.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Aðgangsaðferð** flokkur.
4. Við stillingu hverrar aðgangsaðferðar getur þú valið um að nota notandastillingar eða sérstilla gildið fyrir valinn hnapp sem þú ert á:

Stillingar augnstýringar

- Dvalartími — Stilltu þann dvalartíma sem þarf fyrir notendur augnstýringar til að velja þennan tiltekna hnapp.

8.11 Málareglur hnapps

Stillingar tungumálareglna gera þér kleift að tiltaka tungumálið sem verður notað fyrir táknaleit, táknmyndun, orðaspá, beygingu, sjálfvirka bræðingu og talrödd (ef tungumála-sértæk rödd er stillt inn fyrir tungumálið) fyrir hnappinn.

Hnappar erfa sjálfvaldar stillingar tungumálareglna frá stillingum á síðusettsplani eða stillingum síðusetts. Hægt er að stilla tungumálareglur fyrir hnapp handvirkt með því að fylgja eftirfarandi skrefum:

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Kjörstillingar** flokkur.
4. Veldu **Málareglur**.
5. Veldu tungumál úr listanum:
   a. **Tungumál sem eru studd að fullu** — hefur áhrif á tungumálaleit, táknmyndun, orðaspá, beygingu, sjálfvirka bræðingu og talrödd (ef tungumála-sértæk rödd hefur verið stillt inn fyrir tungumálið).

Tungumál er aðallega notað með sérnöfnum (til dæmis Harriet Tubman eða Amsterdam). Þegar orð sem eru merkt hlutlaus eru send í skilaboðagluggann verða þau sögð í samræmi við tungumálareglur annarra orða sem eru fyrir í skilaboðaglugganum. Ef skilaboðaglugginn er tómur að öðru leyti, verða hlutlausu orðin sögð í samræmi við stillingar tungumálareglna núverandi eða nýlegustu síðu sem var ekki hlutlaus.

b. **Önnur tungumál** — tungumálin í þessum flokki hafa breytilegt stuðningsstig innan TD Snap forritsins.

8.12 Fjarstýringar

Sum Tobii Dynavox tæki, t.d. Indi og I-100, eru búin innrauðum sendi sem hægt er að stjórna í gegnum TD Snap hugbúnað, sem gerir það að verkum að hægt er að nota þessi tæki sem fjarstýringar fyrir búnað eins og sjónvörp og hljómflutningstæki. Core First síðusettið kemur með forgerðum fjarstýringasíðum á stjórnborðinu. Þessar fjarstýringasíður innihalda hnappa sem eru tilbúnir undir forritun með fjarstýringarskipunum.

TD Snap fjarstýringar virka ekki með Tobii Dynavox I-12(+) eða I-15(+) tækjum.

8.12.1 Forritun fjarstýringarhnapps

Aðeins þarf að forrita hvern hnapp einu sinni.

Vertu með fjarstýringuna við höndina. Þú þarft hana til að kenna tækinu þínu IR-skipunina.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnappinn á skjánum sem þú vilt forrita til að senda IR-skipunina.
3. Veldu **Hnappinn** flipann.
4. Veldu **Aðgerð** flokkur.
5. Veldu **Bæta við aðgerð**.
6. Veldu **Senda IR merki**.
7. Veldu **Taka upp**, beindu síðan fjarstýringunni að IR spjaldinu á Tobii Dynavox tækinu og ýttu á hnappinn á fjarstýringunni.
8. Ef þú sérð skilaboðin „upptaka tókst!“ skaltu velja **Búið**.
   Ef þú sérð skilaboðin „Ekkert merki fannst. Reyndu aftur.“ farðu aftur í skref 7.

8.12.2 Notkun fjarstýringa

Fjarstýringar eru aðeins tiltækar fyrir samhæfð Tobii Dynavox tæki.

Þú þarft að stilla fjarstýringuna fyrirfram með því að forrita hvern fjarstýringarhnapp með réttri IR-skipun. Sjá *8.12.1 Forritun fjarstýringarhnapps*.

Skýringarmynd 8.16 Stjórnborð — Fjarstýringarhnappar

1. Farðu á fjarstýringarsíðu sem samsvarar búnaðinum (sjónvarp, hljómflutningstæki o.s.frv.) sem þú vilt stjórna.
2. Beindu IR-glugganum á Tobii Dynavox tækinu í átt að búnaðinum sem þú vilt stjórna.
3. Veldu hnappinn fyrir viðeigandi skipun.

8.13 Breyta síðu

Breytingar gerðar á síðuflipa munu aðeins hafa áhrif á *núverandi síðu*. Hægt er að nota stillingar á síðuflipanum til að hunsa sumar síðustillingar. Til dæmis ef þú vilt að skilaboðasláin sé sjáanleg á flestum síðum en ekki á stjórnborðssíðunni, myndir þú gera eftirfarandi: 1. Virkja skilaboðaslá í síðusettsstillingum. 2. Fara á stjórnborðssíðu. 3. Velja síðuflipann. 4. Velja kjörstillingar 5. Í sýnileiki skilaboðaslár á síðu, skaltu óvirkja jafna stillingar síðusetts: kveikt. 6. Stilltu sýnileika skilaboðaslár á slökkt.

8.13.1 Nafn síðu



Skýringarmynd 8.17 Nafn síðu

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Sláðu inn **Merki** reitinn til að breyta heiti síðu.

8.13.2 Tákn síðu



Skýringarmynd 8.18 Tákn síðu

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Bæta við eða breyta síðutákni:
   - Til að leita að tákni:
     a. Veldu **Táknaleit** hnappinn.

Táknaleitarsvar opnast.



b. Sláðu inn í textareitinn til að fínstilla leitarskilmála.
c. Veldu viðeigandi tákn.
d. Veldu **Búið**.

- Til að nota myndavél til að taka mynd fyrir síðutákn:

  a. Veldu **Myndavél** hnappinn.
  b. Veldu **Frá myndavél**.
  c. Notaðu myndavélina á tækinu til að taka mynd.

- Til að nota mynd sem geymd er á tækinu:

  a. Veldu **Myndavél** hnappinn.
  b. Veldu **Frá myndagagnasafni**.
  c. Notaðu skráavafrann til að fara að ákjósanlegri myndaskrá.

Ef þú vilt ekki nota síðutákn skaltu velja **X** á síðutákn.

8.13.3 Stillingar málareglna

Stillingar málareglna síðu stilla sjálfvirkar málareglur fyrir hnappa á síðunni. Stillingar tungumálareglna stjórna tungumálinu sem verður notað fyrir táknaleit, táknmyndun, orðaspá, beygingu, sjálfvirka bræðingu og talrödd (ef tungumála-sértæk rödd er stillt inn fyrir tungumálið).

Hnappar erfa sjálfvaldar stillingar tungumálareglna frá stillingum á síðusettsplani eða stillingum síðusetts. Þegar þú stillir inn málareglur síðu taka allir hnappar sem eru á síðunni þá stillingu og nýir hnappar sem gerðir eru á síðunni verða líka sjálfkrafa með þá stillingu. Til að breyta málareglum fyrir tiltekna hnappa, sjá kafla *8.11 Málareglur hnapps*.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Málareglur**.
4. Veldu tungumál úr listanum:
   a. **Tungumál sem eru studd að fullu** — hefur áhrif á tungumálaleit, táknmyndun, orðaspá, beygingu, sjálfvirka bræðingu og talrödd (ef tungumála-sértæk rödd hefur verið stillt inn fyrir tungumálið).
   Tungumál tungumál er aðallega notað með sérnöfnum (til dæmis Albert Einstein eða Coca-Cola). Þegar orð sem eru merkt hlutlaus eru send í skilaboðagluggann verða þau sögð í samræmi við tungumálareglur annarra orða sem eru fyrir í skilaboðaglugganum. Ef skilaboðaglugginn er tómur að öðru leyti, verða hlutlausu orðin sögð í samræmi við stillingar tungumálareglna síðusettsins.
   b. **Önnur tungumál** — tungumálin í þessum flokki hafa breytilegt stuðningsstig innan TD Snap forritsins.

8.13.4 Rúðustærð síðu

Sjálfvalin stilling er stillt inn á síðusettsflipanum. Ef þú vilt hunsa sjálfvaldar stillingar síðusettsins í þessu tilviki, skaltu stilla jafna síðusett á **Slökkt**. Til að samstilla þessar stillingar með afganginum af síðusettinu, stillirðu jafna síðusett á **Kveikt**.

8.13.4.1 Breyta rúðustærð síðu

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Rúðustærð** flokkur.
4. Stilltu **Stillingar jafna saman síðusetti** á **Slökkt**.
5. Veldu **rúðustærð**.
6. Veldu fyrirfram tilbúnar rúðustærðir eða stilltu fjölda raða og dálka til að búa til sérsniðna rúðustærð.

Ef þú ert ekki að búa til algjörlega sérsniðna síðu er þér eindregið ráðlagt að nota fyrirfram tilbúnar rúðustærðir síðusettsins. Fyrirfram tilbúnar rúðustærðir munu sýna forútfyllt síðuefnið eins og það er hannað af sérfræðiteymi okkar, en aðrar rúðustærðir gera það ef til vill ekki.

Ef þú vilt sýna skilaboðaslánna og/eða verkfærastiku verður þú að velja rúðustærð 3x3 eða stærri.

Til að breyta stærð bila á milli hnappa, sjá kafla *9.3.6 Rúðujaðar síðusetts*.

Tafla 8.2 Dæmi um rúðustærðir (ekki ítarlegt)

2x3

3x4



6x6

8.13.5 Bakgrunnslitur síðu

Sjálfvalin stilling er stillt inn á síðusettsflipanum. Ef þú vilt hunsa sjálfvaldar stillingar síðusettsins í þessu tilviki, skaltu stilla jafna síðusett á **Slökkt**. Til að samstilla þessar stillingar með afganginum af síðusettinu, stillirðu jafna síðusett á **Kveikt**.

1. Farðu á síðuna sem þú vilt hafa annan bakgrunnslit á.
2. Veldu **Breyta** hnappinn.
3. Velja **síðuflipann**.
4. Veldu **Stíll** kafli.
5. Stilltu bakgrunnslitur síðu jafna saman við síðusett **Slökkt**.
6. Veldu **Lit**. Listi yfir bakgrunnsliti síðu mun opnast.
7. Veldu lit.

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

8.13.6 Sýna/fela skilaboðaslá.

Sjálfvalin stilling er stillt inn á síðusettsflipanum. Ef þú vilt hunsa sjálfvaldar stillingar síðusettsins í þessu tilviki, skaltu stilla jafna síðusett á **Slökkt**. Til að samstilla þessar stillingar með afganginum af síðusettinu, stillirðu jafna síðusett á **Kveikt**.

8.13.6.1 Breyta sýnileika skilaboðaslár

1. Veldu **Breyta** hnappinn.

2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Kjörstillingar** flokkur.
4. Stilltu **Stillingar jafna saman síðusetti** á **Kveikt** til að jafna við tiltekna stillingu eða **Slökkt** til að gera sýnileika skilaboðaslár öðruvísi á þessar síðu en á hinum síðunum í síðusettinu.

8.13.7 Eyða síðu

Eyðing er varanleg aðgerð. Aðeins eyða síðu ef þú ert viss um að þú munir ekki vilja nota hana aftur í framtíðinni.

1. Farðu á síðuna sem þú vilt eyða.
2. Veldu **Breyta** hnappinn.
3. Velja **síðuflipann**.
4. Veldu **Eyða**. Eyða síðu svar opnast.
5. Veldu **Eyða** hnappinn til að eyða síðunni varanlega eða veldu **Hætta við** til að fara aftur í síðustillingar án þess að eyða síðunni.

8.13.8 Flytja inn/út síður

Sjá hluta *12.3 Síðubúnt*.

8.14 Skannaðir hópar

Skannaður hópur er svæði sem inniheldur hnappa sem skanna sem stök eining. Þegar skannaður hópur er valinn eru hnapparnir innan þess svæðis skannaðir. Með því að nota skannaða hópa er mun fljótlegra að nota skönnunaraðgangsaðferðina.

Til að nota skannaða hópa verður Skönnunaraðgangsaðferðin að vera virk með Hópskönnunarstillinguna virka. Fyrir frekari upplýsingar, sjá kafla *13.13.7 Skönnunar valmöguleikar*.

Búa til og breyta skönnuðum hópum

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Skannaðir hópar** verkfærið.
   Fyrsti skannaði hópurinn er búinn til fyrir þig sjálfvikt.
4. Til að bæta svæðum við skannaða hópinn þinn skaltu velja **Teikni**verkfærið, smella síðan á (eða smella og draga yfir) svæði á síðu til að bæta þeim við skannaða hópinn. Svæðin geta verið hvar sem er á síðunni, þau þurfa ekki að snertast.



Skýringarmynd 8.19 Að bæta við skannaðan hóp með teikniverkfærinu.

Þú getur ekki bætt skilaboðaslá eða tækjastiku við skannaðan hóp. Það er vegna þess að skilaboðaslá og tækjastika eru alltaf þeirra eigin skannaði hópur.

5. Til að fjarlægja svæði úr skönnuðum hópi skal velja **Eyða** verkfærið og smella síðan á hvert það svæði sem þú vilt fjarlægja úr hópnum.

Notaðu **Fletta upp** og **Fletta niður** örvar til að fletta á síðunni.

Skannaðir hópar eru skilgreindir sem svæði á síðu, ekki ákveðnir hnappar. Ef þú flytur hnapp gæti hann verið í öðrum skönnuðum hópi í nýju stöðunni.

Skönnunarröðin fylgir vinstri til hægri, upp og niður framgangi. Númer skönnuðu hópanna tengjast ekki skönnunarröðinni.

Hnappar á síðunni sem ekki eru í skönnuðum hópi verða skannaðir hver fyrir sig.

Skannaðir hópar fara eftir rúðustærð.

6. Til að búa til nýjan skannaðan hóp skal velja hnapp í neðra vinstra horninu.
7. Til að fara á milli skannaðra hópa skal velja litaða hringinn sem passar við lit skannaða hópsins sem þú vilt breyta.

8. Til að eyða skönnuðum hópi skal fyrst velja skannaða hópinn eins og lýst er í ofangreindu skrefi og velja síðan **Eyða skönnuðum hópi**.

8.14.1 Valkostir skannaðs hóps

Litur skannaðs hóps

- Veldu litaverkfærið til að velja lit fyrir núverandi skannaðan hóp. Litir skannaða hópsins birtist eingöngu í breytingarham en ekki í notkunarham.

Hljóðmerki skannaðs hóps

- Texti sem sleginn er inn í hljóðmerkisreitinn verður lesinn þegar hópurinn er skannaður (ef Lesa hljóðmerki er virkt).



- Ef þú vilt taka upp sérsniðna hljóðmerkisupptöku, sjá kafla *8.6.3.2 Taka upp*.

Dvelja í hópi

- Þegar hann er virkjaður mun skanninn endurræsast innan skannaða hópsins eftir að valið hefur verið. Þetta gerir notendum kleift að framkvæma fjölval innan eins hóps. Þegar Dvelja í hópi er gert óvirkt endurræsist skönnunarröðin efst á síðu eftir að valið hefur verið.

8.15 Breyta skilaboðaslá

Breytingar á skilaboðaslánni eiga við allt síðusettið.

8.15.1 Færðu til og breyttu stærð hluta í skilaboðaslá

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hlutinn á skilaboðaslánni sem þú vilt breyta um stærð (hnapp eða skilaboðaglugga).
3. Til að breyta stærð hlutarins, veldu og haltu niðri á einum af bláu punktunum í horninu á hlutnum og dragðu síðan að viðkomandi stærð.
   Til að færa hlutinn, veldu og haltu inni í miðju hlutarins og dragðu síðan til vinstri eða hægri í skilaboðaslánni.

Skilaboðagluggann er einungis hægt að stækka inn í tóm hólf.

8.15.2 Bæta við hnöppum í skilaboðaslánna

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu tóman reit í skilaboðaslánni.
   Ef það eru engir tómir reitir í skilaboðaslánni þá hefurðu þrjá möguleika:
   - Að minnka skilaboðagluggann. Sjá hluta *8.15.1 Færðu til og breyttu stærð hluta í skilaboðaslá*.
   - Eyða einum eða fleiri hnöppum í skilaboðaslánni. Sjá hluta *8.15.3 Fjarlægja hnappa úr skilaboðaslá*.
   - Stækka rúðustærð. Sjá hluta *9.2 Rúðustærð*.
3. Veldu hnapp úr valmyndinni og bættu honum við skilaboðaslánna. Til að læra meira um skilaboðasláhnappana, sjá hluta *6 Skilaboðaslá*.

Skýringarmynd 8.20 Skilaboðaslá hnappavalmynd

8.15.3 Fjarlægja hnappa úr skilaboðaslá

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp í skilaboðaslá.
3. Veldu **Eyða**.

Ekki er hægt að eyða skilaboðaglugganum.

8.16 Breyta verkfærastiku

Skýringarmynd 8.21 Core First verkfærastikan, séð í breytingaham, með hnappa, falda hnappa og tómt hólf.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hvaða hnapp sem er á verkfærastikunni til að breyta honum.
   Þú gætir þurft að skruna til að sjá allt efni verkfærastikunnar eða til að fá aðgang að tómum hólfum á verkfærastikunni.
3. Smelltu og haltu niðri, dragðu síðan hnappana til að endurraða hnöppunum innan verkfærastikunnar.

Þú getur ekki dregið hnappa á milli síðunnar og verkfærastikunnar.

8.17 Sérsniðnir litir

Þú getur búið til, breytt og vistað sérsniðna liti úr hvaða litavalmynd sem er í TD Snap.

1. Í breytingarham, veldu hlutinn sem þú vilt breyta litnum á.

   Til að beita litabreytingum á hluti í gegnum síðusettið, veldu **Síðusett** flipann.

2. Veldu **Stíll**.
3. Veldu frumlitinn sem þú vilt breyta (rammi, bakgrunnur, texti o.s.frv.)
4. Veldu breyta lit hnappinn.
5. Veldu **Vista** til að vista nýju litabreytinguna þína. Veldu Hætta við til að fara til baka án þess að vista.

6. Vistaðir sérsniðnir litir eru fáanlegir efst í litavalmyndinni í hvert skipti sem þú opnar litavalmyndina.

   Til að eyða sérsniðnum lit, veldu litinn og veldu síðan Eyða.

9 Stillingar síðusetts

9.1 Síðusett

9.1.1 Veldu síðusett

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu röð undir **Síðusett notandanafns**.
4. Veldu síðusett úr listanum.

9.1.2 Búa til nýtt síðusett

Búa til síðusett úr foruppsettum, afritum af síðusetti notanda sem er til, eða staðbundinni skrá

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu röð undir **Síðusett notandanafns**.
4. Veldu **Búa til síðusett**.
   Veldu síðusett svar opnast.
5. Veldu síðusett:

   Foruppsettur síðusettaflipi

   - Þetta eru tilbúin síðusett sem búið er að setja upp í TD Snap á tækinu þínu.

   Síðusett notanda

   - Veldu eitt af síðusettum þínum sem er til nú þegar til að nota sem forsnið (búa til afrit).

   Staðbundnar skrár

   - Flytja inn síðusettskrá (.sps) sem er geymt á staðbundnu tæki eða tengdu drifi.
6. Veldu **Næst** til að búa til nýtt síðusett.
7. Settu inn heiti fyrir nýja síðusettið.
8. Veldu **Búa til** til að búa til síðusett. Veldu **Hætta við** til að fara aftur í stillingar síðusetts án þess að búa til nýtt síðusett.

Ná í síðusett frá myTobiiDynavox

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu núverandi síðusett.
4. Veldu **Hlaða niður síðusetti**.

   Þú gætir verið beðin/n um að skrá þig inn á TobiiDynavox.
5. Veldu síðusett úr listanum, veldu síðan **Niðurhal**.
6. Þegar niðurhali er lokið skaltu setja inn heiti fyrir síðusettið, veldu síðan **Save**.

9.1.3 Endurnefna síðusett og breyta lýsingu

1. Veldu **Breyta** hnappinn.

2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Í lista yfir síðusett notanda velurðu **Breyta** hnappinn við hliðina á heiti síðusettsins sem þú vilt endurnefna. Breyta síðusettsupplýsingum svar opnast.
4. Breyttu textanum í **Heiti** reitnum og/eða **Lýsing** reitinn.
5. Veldu **Vista** til að vista breytingar. Veldu **Hætta við** til að fara aftur í lista yfir síðusett án þess að vista.

9.1.4 Eyða síðusetti

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Í lista yfir síðusett notanda velurðu **Eyða** hnappinn við hliðina á heiti síðusettsins sem þú vilt eyða.

   Þú getur ekki eytt síðusetti sem er verið að nota.

4. Veldu rauða **Eyða** hnappinn.
5. Veldu **Eyða** til að fjarlægja síðusettið varanlega. Veldu **Hætta við** til að fara aftur í lista yfir síðusett án þess að eyða.

9.1.5 Stilla heimasíðu

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Heimasíða**.
4. Veldu síðu úr listanum.

   Sláðu inn í leitarreitinn til að finna tiltekna síðu eða veldu nýlega opnað til að finna síðu sem þú heimsóttir nýlega.

   Ráðlögð heimasíða fyrir rúðustærð 1x1 upp í 2x3 er studd leiðsögn. Fyrir rúðustærðir 3x3 og stærri er stungið upp á kjarnaorðum sem heimasíðu.

9.1.6 Stilla inn lyklaborðssíðu

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Síða lyklaborðs**.
4. Veldu síðu úr listanum.

   Sláðu inn í leitarreitinn til að finna tiltekna síðu eða veldu nýlega opnað til að finna síðu sem þú heimsóttir nýlega.

   Notaðu leitarhugtakið „lyklaborð“ til að þrengja leitarniðurstöður við lyklaborðssíður.

9.2 Rúðustærð

Valin rúðustærð í stillingum síðusetts er sjálfvalin rúðustærð fyrir notandann. Allar síður verða með sjálfvaldar rúðustærðir í stillingum síðusetts nema annað sé tiltekið í stillingum síðu.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.

2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Rúðustærð** flokkur.
4. Veldu rúðustærð úr lista yfir fyrirfram tilbúnar rúðustærðir eða veldu fjölda raða og dálka til að búa til sérsniðna rúðustærð.

Ef þú ert ekki að búa til algjörlega sérsniðna síðu er þér eindregið ráðlagt að nota fyrirfram tilbúnar rúðustærðir síðusettsins. Fyrirfram tilbúnar rúðustærðir munu sýna forútfyllt síðuefnið eins og það er hannað af sérfræðiteymi okkar, en aðrar rúðustærðir gera það ef til vill ekki.

Ef þú vilt sýna skilaboðaslánna og/eða verkfærastiku verður þú að velja rúðustærð 3x3 eða stærri.

Til að breyta stærð bila á milli hnappa, sjá kafla *9.3.6 Rúðujaðar síðusetts*.

Tafla 9.1 Dæmi um rúðustærðir (ekki ítarlegt)

2x3

3x4

6x6

9.3 Stíll síðusetts

Stillingar sem gerðar eru í stíl síðusetts skilgreina útlit síðusettsins. Allar síður í síðusettinu, þ.m.t. nýjar síður, munu nota þessar stílstillingar nema þær séu hunsaðar handvirkt á síðu- eða hnappastigi.

9.3.1 Leturgerð merki hnappa síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Leturgerð** undir stíll.
5. Veldu leturgerð.

9.3.2 Stærð leturgerðar merki hnappa síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Leturgerð** undir stíll.
5. Veldu stærð leturgerðar.

9.3.3 Feitletruð merki hnappa síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Feitletrað** undir stíll.
5. Kveiktu eða slökktu á feitletrun.

9.3.4 Uppsetning hnappa síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Uppsetning hnappa** undir stíll.
5. Veldu uppsetningu úr listanum.

Merki efst, mynd neðst

Merki neðst, mynd efst



Merki vinstri, mynd hægri

Merki hægri, mynd vinstri

Aðeins merki



Aðeins mynd

9.3.5 Útlit tengla síðusetts

Stilltu inn útlit hnappa sem fara á aðrar síður.

Útlitsstíll tengils — enginn

Útlitsstíll tengils — Yfirlitstákn

Útlitsstíll tengils — Möppur

- **Ekkert** — passa við sjálfvalin stíl hnappa síðusetts.
- **Yfirlitstákn** — lítið tákn birtist í horni hnappsins sem sýnir hvað hann gerir (tengill á aðra síðu, heimsækja síðu, eða fara til baka)
- **Möppur fyrir tengla** — Tenglahnappar eru í laginu eins og möppur. (Stíll á aðeins við um tenglahnappa, ekki fara til baka eða heimsækja hnappa).

9.3.6 Rúðujaðar síðusetts

Stilltu inn stærð bilanna á milli hnappa.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Rúðujaðarstuðull** undir rúðujaðri.
5. Veldu stærð rúðujaðarstuðuls.

9.3.7 Sjálfvaldir bakgrunnslitir síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu hverja sem er af eftirfarandi röðum til að breyta tilteknum bakgrunnslit:
   - **Bakgrunnur síðu** — Sjálfvalinn litur fyrir bakgrunn síðunnar.
   - **Bakgrunnur tækjastiku** — Sjálfvalinn litur fyrir bakgrunn síðunnar.
   - **Bakgrunnur skilaboðaslóar** — Sjálfvalinn litur fyrir bakgrunn skilaboðaslárinnar (ekki skilaboðagluggann).

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

9.3.8 Leturgerð skilaboðaglugga síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Leturgerð** undir skilaboðaglugga.
5. Veldu leturgerð.

9.3.9 Stærð leturgerðar skilaboðaglugga síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Stærð leturgerðar** undir skilaboðaglugga.
5. Veldu stærð leturgerðar.

9.3.10 Litur texta skilaboðaglugga síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Litur texta** undir skilaboðaglugga.
5. Veldu lit texta

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

9.3.11 Bakgrunnslitur texta skilaboðaglugga síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Bakgrunnur** undir skilaboðaglugga.
5. Veldu lit.

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

9.3.12 Auðkennislitur texta skilaboðaglugga síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Auðkennislitur texta** undir skilaboðaglugga.
5. Veldu lit.

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

9.3.13 Bakgrunnslitur texta skilaboðaslár síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Stíll** flokkinn.
4. Veldu **Bakgrunnur skilaboðaslár** undir skilaboðaglugga.
5. Veldu lit.

Þú getur búið til þína eigin sérsniðnu liti! Sjá hluta *8.17 Sérsniðnir litir*.

9.4 Kjörstillingar síðusetts

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Kjörstillingar**.
4. Veldu hvað sem er af eftirfarandi til að breyta tilteknum stillingum:

Viðmót

- **Kveikt á skilaboðaslá** — þegar virkjað er sjálfvalið að skilaboðasláin er sýnd á hverri síðu.
- **Staðsetning verkfærastiku** — Veldu að sýna verkfærastiku vinstra eða hægra megin á hverri síðu eða slökktu á henni í verkfærastikunni.

Verkfærastikuraðir

- **Samsvörunarstillingar síðusetts:** — Þegar þetta er gert virkt verður fjöldi raða sem tiltækar eru á tækjastikunni sá sami og fjöldi raða í valda síðusettinu.
  Til að breyta fjölda raða í tækjastikunni óháð rúðustærð síðusettsins skal gera þessa stillingu óvirka og stilla fjölda raða sem óskað er eftir.

Síðusett skannaðra hópa

- **1. xxx, 2. yyy, 3. zzz** — Stilltu fyrirmælin á því hvernig skanna á síðusettsskönnunarhópana; Síðu, tækjastiku og skilaboðaslá.
  Stilltu stillingar fyrir skönnunarfyrirmæli, hljóðmerki og dvöl í hópi fyrir síðusettsskönnunarhópana; Síðu, tækjastiku og skilaboðaslá.

9.5 Aðlögunarhnappar

Þessi hluti á aðeins við um Tobii Dynavox I-13 og I-16 tæki.

Aðlögunarhnappar sem er að finna framan á Tobii Dynavox I-13 og I-16 tækjunum má velja með snertingu eða augnstýringu. Tvo þessara hnappa og hnappana má forrita með TD Snap aðgerðum sem eru framkvæmdar ef þeir eru valdir með augnstýringu á meðan TD Snap er notað.

Stilla inn augnstýringar aðgerðir aðlögunarhnappa

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Velja **Aðlögunarhnappar**.
4. Veldu eða úr listanum.
5. Veldu **Bæta við aðgerð**.
6. Veldu aðgerð.

Til að bæta við fleiri aðgerðum endurtekurðu skref 5 og 6.

Stilla inn snertiaðgerðir aðlögunarhnappa

Hegðun aðlögunarhnappa er stillt inn í Tobii Dynavox vélbúnaðarstillinga forritinu. Þú getur ræst þetta forrit beint með flýtileið sem má finna á skjáborðinu eða í gegnum TD Snap eins og lýst er að neðan.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Velja **Aðlögunarhnappar**.
4. Veldu **Sjá aðgerðir fyrir snertingu**. Tobii Dynavox vélbúnaðarstillingaforritið ræsist.
5. Notaðu fellivalmyndirnar í vélbúnaðarstillingaforritinu til að velja aðgerðirnar fyrir aðlögunarhnappana þegar þeir eru valdir með snertingu.

9.6 Um síðusett

Þessi kafli sýnir númer útgáfu síðusettsins og stillingar efnishönnuðar.

9.6.1 Stillingar efnishönnuða síðusetts

Sérstakar stillingar fyrir háþróaðri síðusettsskapara.

9.6.1.1 Stilla inn hámarkaða rúðustærð

Stilltu inn hvaða rúðustærðir birtast í lista yfir hámarkaðar rúðustærðir fyrir þetta síðusett.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Um**.
4. Veldu **Efnishönnuða stillingar**.
5. Veldu **Rúðustærðir**.
6. Til að bæta rúðustærð við listann skaltu skruna til hægri og velja **Bæta við nýrri stærð**. Bæta við hámarkaðri rúðustærð svarið birtist.

7. Veldu fjölda **Raðir** og **Dálkar** fyrir nýja hámörkuðu rúðustærðina (allt að 15 x 15), veldu síðan **Vista**.
8. Til að fjarlægja hármarkaða rúðustærð veldu **Eyða** táknið á rúðustærðinni í listanum. Eyða rúðustærð viðvörun birtist. Ef þú ert viss um að þú viljir eyða rúðustærð, velurðu **Eyða**. Annars velurðu **Hætta við** til að loka viðvöruninni án þess að eyða.

9.6.1.2 Málareglur síðusetts

Stillingar málareglna síðusetts stilla sjálfvirkar málareglur fyrir hnappa og síður í síðusettinu. Stillingar tungumálareglna stjórna tungumálinu sem verður notað fyrir táknaleit, táknmyndun, orðaspá, beygingu, sjálfvirka bræðingu og talrödd (ef tungumála-sértæk rödd er stillt inn fyrir tungumálið).

Hnappar erfa sjálfvaldar stillingar tungumálareglna frá stillingum á síðusettsplani eða stillingum síðusetts. Þegar þú stillir inn málareglur síðusetts taka allir hnappar sem eru í síðusettinu þá stillingu og nýir hnappar sem gerðir eru í síðusettinu verða líka sjálfkrafa með þá stillingu. Til að breyta málareglum fyrir tilteknar síður í síðusettinu, sjá kafla *8.13.3 Stillingar málareglna*. Til að breyta málareglum fyrir tiltekna hnappa, sjá kafla *8.11 Málareglur hnapps*.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Um**.
4. Veldu **Efnishönnuða stillingar**.
5. Veldu **Málareglur**.
6. Veldu tungumál úr listanum:
   a. **Tungumál sem eru studd að fullu** — hefur áhrif á tungumálaleit, táknmyndun, orðaspá, beygingu, sjálfvirka bræðingu og talrödd (ef tungumála-sértæk rödd hefur verið stillt inn fyrir tungumálið).
   b. **Önnur tungumál** — tungumálin í þessum flokki hafa breytilegt stuðningsstig innan TD Snap forritsins.

10 Prenta

Prentaðu eina eða fleiri síður á pappír eða á PDF.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Prenta** í tækjastikunni hægra megin á skjánum. Veldu síður til að prenta svar opnast.

   Þú getur einnig prentað frá **Prenta síður** svæðinu í síðuflipanum.

4. Núverandi síðu er bætt við prentunarröðina sjálfkrafa. Veldu fleiri síður úr listanum til að bæta þeim við prentunarröðina.
   Sláðu inn í leitarreitinn til að leita að heiti síðu.

   Til að bæta öllum síðunum úr núverandi leitarniðurstöðum í prentunarröðina, veldu **Velja allt**.

   Ef þú velur Velja allt og afhakar síðan Velja allt mun prentunarröðin endurstillast.

   Til að fjarlægja síður úr prentunarröðinni veldu **X**við hliðina á heiti síðu.

   Þegar búið að velja síður fyrir prentunarröðina veldu **Næst**.



5. Veldu þína prentarastillingar. Síðu forskoðun uppfærist til að sýna núverandi stillingar.

- Skilaboðaslá — Aftengdu þessar stillingar til að fela skilaboðaslána á prentuðu síðunni/síðunum.
- Tækjastika — Aftengdu þessar stillingar til að fela tækjastikuna á prentuðu síðunni/síðunum.
- Sýnileiki tengils — Aftengdu þessar stillingar til að fela tenglavísatákn á tenglahnöppum á prentuðu síðunni/síðunum.

- Hnappanotkunartalning — Virkjaðu þessa stillingu til að sýna núverandi hnappanotkunartalningu á prentuðu síðunni/síðunum. Athugið: Gagnarakning þarf að vera virkjuð til að sýna hnappanotkunartalningu.

Þegar þú hefur lokið að velja þínar prentarastillingar veldu **Prenta**.

6. Athugið: Þessi gluggi er breytilegur og fer eftir þínum vettvangi og sjálfvöldum prentarastillingum.
   Veldu þinn prentara (eða prentaðu á PDF), litastillingar og síðu prentstefnu. Pappírs stærðarstillingar er hægt að finna undir **Frekari stillingar**.

   Þegar þú hefur lokið við að fínstilla prentarastillingarnar þínar, veldu **Prenta**.



11 Google aðstoð

Uppgötvaðu kosti þess að hafa snjallaðstoð þökk sé samþættingu Google Assistant í TD Snap. Fáðu strax aðgang að upplýsingum, skemmtun, umhverfisstjórnun og meira beint í gegnum hugbúnaðinn.

Frábending: TD Snap, Google Assistant og öll tengd snjalltæki ættu aldrei að vera eina samskiptaleiðin fyrir notandann til að tjá mikilvægar upplýsingar.

TD Snap, Google Assistant og öll tengd snjalltæki eða hátalarar á ekki að nota sem lífshjálparbúnað eða í öðrum mikilvægum tilgangi og skal ekki treysta á þau ef ske kynni að virkni minnkaði vegna orkutaps eða af öðrum orsökum.

Tobii Dynavox tekur enga ábyrgð á háttsemi notanda og hafnar allri ábyrgð vegna tjóns/eða skaða (þ.m.t., en er ekki takmarkað við, eignatjón, meiðsli og andlát) í tengslum við notkun á TD Snap, Google Assistant, snjalltæki, hátalara eða einhver samsetning þeirra.

Ef einhver annar búnaður utan við Google hátalara er notaður, verður þú að hafa opið samskiptatæki. Fyrir aðstoð við að opna tækið hafðu þá samband við tækniaðstoð Tobii Dynavox.

11.1 Tengdu Google aðganginn þinn

Til að nota Google Assistant, snjallhátalara og snjalltæki verður þú fyrst að skrá þig inn á Google aðganginn þinn í TD Snap. Sjá hluta *13.11 Google aðgangur*.

11.2 Setja upp Google tækið þitt.

Farðu eftir leiðbeiningunum sem fylgdu tækinu þínu til að klára að setja það upp áður það er notað með TD Snap.

11.3 Tungumálastuðningur Google Assistant

Það er mikilvægt að þú setjir upp Google Assistant með sama tungumáli og er talað við notkun á TD Snap.

Áður en þú breytir tungumáli á Google Assistant skaltu athuga að farsíminn þinn og spjaldtölva séu tengd sama þráðlausa neti eða tengt sama reikning og Google Nest, Google Home hátalarinn þinn eða önnur tæki sem geta tengst Google Assistant.

Til að breyta tungumálinu fyrir Google Assistant:

1. Í farsímanum þínum, opnaðu **Google Home** eða **Google Assistant** forritið.
2. Efst til hægri, veldu reikninginn þinn > **Assistant stillingar**.
3. Veldu **Assistant** > **Tungumál.**
4. Veldu núverandi tungumál þitt.
5. Veldu nýtt tungumál.

Til að bæta við öðru tungumáli fyrir Assistant:

1. Í farsímanum þínum, opnaðu **Google Home** eða **Google Assistant** forritið.
2. Efst til hægri, veldu reikninginn þinn > **Assistant stillingar**.
3. Veldu **Assistant** > **Tungumál** >**Bæta við tungumáli.**
4. Veldu annað tungumál.

Þú getur tala við Google Assistant á hvoru tungumálinu en ekki blanda saman báðum tungumálunum í sama orðalagi.

11.4 Tala við Google Assistant

Við hvetjum við þig að byrja á að nota Google Assistant síðurnar okkar*. Þær má finna á stjórnborðinu á núverandi Core First síðusettinu, þú getur líka hlaðið niður síðunum og flutt inn af mytobiidynavox.com/PagesetCentral. Google Assistant síðan inniheldur hnappa til að finna upplýsingar með Google Assistant, spila tónlist og leiki, hringja símtöl, heimilisstjórnun og fleira. Ef þörf er á ítarlegri aðstoð við Google Assistant síðurnar og að tala við Google Assistant í gegnum TD Snap, sjá byrjunarleiðbeiningarnar Að nota Google Assistant með TD Snap.

**Google Assistant og Google Assistant síðurnar eru ekki fáanlegar á öllum svæðum og tungumálum.*

Til að búa til þína eigin Google Assistant hnappa, sjá fyrir neðan.

Til nota Google Assistant verður þú að hafa nettengingu og vera skráður inn á Google reikninginn þinn í TD Snap og öllum Google Assistant tengdum tækjum sem þú ætlar að nota.

Þú munt senda Google Assistant skipanir á aðeins mismunandi hátt, það er háð búnaði þínum. Vertu viss um að fylgja leiðbeiningunum fyrir tækið sem þú ert að nota. Skoðaðu táknin fyrir neðan til að finna skrefin sem eiga við þig.	
	Eingöngu Google Asssistant aðgangur, engin viðbótabúnaður.
	Google Nest Mini eða aðrir Google hátalarar.

Búðu til hnapp sem sendir fyrirfram forritaða Google Assistant skipun í Google hátalara.

Þessi valkostur hentar best fyrir Google Assistant skipanir sem verða notaðar oftar en einu sinni.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Í skilaboðareitnum, skrifaðu skipunina sem þú vilt senda til Google Assistant.

   Skilaboðin verða að byrja á „Ok Google“, síðan spurningin eða skipunin.

4. Í aðgerðarhlutanum, veldu aðgerðina **tala eða setja inn skilaboð**.
5. Veldu **Alltaf tala**.

   Til að senda sérstakar Google Assistant skipanir á ferðinni, fylgdu skrefunum hér að ofan til að búa til hnapp sem inniheldur eingöngu skilaboðin „Ok Google“, í notkunarham, semdu Google Assistant skipunina í skilaboðaglugganum, veldu Ok Google hnappinn og segðu síðan skilaboðagluggann til að senda skipunina.

Búðu til hnapp sem sendir skilaboðatexta hnappsins til Google Assistant á tækinu þínu.

Þessi valkostur hentar best fyrir Google Assistant skipanir sem verða notaðar oftar en einu sinni.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Í skilaboðareitnum, skrifaðu skipunina sem þú vilt senda til Google Assistant.

Ekki skrifa „Ok Google“, á undan spurningunni eða skipuninni.

4. Veldu **Bæta við aðgerð**.
5. Skrunaðu niður að umhverfisstjórnunarhlutanum og veldu **Senda Google Assistant skipun**.
6. Veldu **Senda skilaboðatexta hnapps til Google Assistant**.

Búðu til hnapp sem sendir texta skilaboðagluggans til Google Assistant á tækinu þínu.

Þessi tegund hnapps leyfir notandanum að semja sérstakar Google Assistant skipanir í skilaboðaglugganum og senda þær síðan til Google Assistant.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu hnapp.
3. Veldu **Bæta við aðgerð**.
4. Skrunaðu niður að umhverfisstjórnunarhlutanum og veldu **Senda Google Assistant skipun**.
5. Veldu **Senda texta skilaboðaglugga til Google Assistant**.

Ef þú færð ekki niðurstöðurnar sem þú gerðir ráð fyrir, prófaðu að orða á annan hátt. Til dæmis „Ok Google, kveiktu ljósin“ kveikti ekki á snjallperunni. Hins vegar, „Ok Google, kveiktu ljósin í stofunni“ kveikti á snjallljósinu af því það hafði verið sett upp í stofunni í Google Home forritinu.

Fyrir fleiri hugmyndir um hvernig þú getur notað Google Assistant með TD Snap sjá byrjunarleiðbeiningarnar Að nota Google Assistant með Snap Core First

12 Deila og vista

TD Snap býður upp á úrval þægilegra leiða til að deila og vista notendur þína, síðusett og síður. Hvort sem þú vilt halda öllum síðusettunum mótsagnalausum yfir öll tæki þín eða senda nýjar síður til vinar, erum við með leið til þess!

- **Flytja út/inn staðbundið** (Notandi, síðusett, síðubúnt) — Nota þegar skrá er geymd á staðbundinni vél, deilt á USB-drifi eða með fólki sem er ekki með myTobiiDynavox reikning.
- **Flytja út/inn í gegnum myTobiiDynavox*** (Síðusett, síðubúnt) — Deila síðusettum og síðubúntum með öðrum notendum myTobiiDynavox. Geymdu og fáðu einkaaðgang að skrám á þínum eigin myTobiiDynavox reikningi.
- **Samstilla*** (Síðusett) — deildu yfirstandandi breytingum á síðusetti með öllum tækjunum þínum og með sérstökum myTobiiDynavox notendum. Síðusett sem deilt er með samstillingum geymir dagrétta útgáfu af síðusettinu í skýinu, þannig að breytingar sem gerðar eru á síðusettinu á hverju sem er af samþykktum tækjum/reikningum er deilt yfir öll samstillt tæki/reikninga fyrir síðusettið.

*Þessar deiliaðferðir krefjast virkrar nettengingar.

Tafla 12.1 Skráargerðir fyrir deilingu og vistun — hvað innihalda þær

Skráargerðir	Síður	Kjörstillingar síðu	Kjörstillingar síðusetts	Kjörstillingar notanda	Kjörstillingar kerfis
Notandi	Já	Já	Já	Já	Nei
Síðusett	Já	Já	Já	Nei	Nei
Síðubúnt	Já (Ákveðnar síður)	Já	Nei	Nei	Nei

12.1 Notendur

Öryggisafrit notanda innihalda síðusett og stillingar sem tengjast notandanum. Öryggisafrit notanda innihalda ekki raddir. Hinsvegar eru raddstillingar geymdar og valinni rödd verður sjálfkrafa hlaðið niður ef hún er ekki tiltæk á tækinu (nettengingar krafist).

12.1.1 Taka öryggisafrit af notanda

Sjá hluta *13.3 Taka öryggisafrit af notanda*.

12.1.2 Endurheimta notanda

Sjá hluta *13.4 Endurheimta notanda*.

12.2 Síðusett

Síðusettskrá inniheldur allar síður sem tengjast síðusettinu. Það inniheldur engar notendaupplýsingar eða stillingar á notkunarstigi.

12.2.1 Flytja inn síðusett

Frá myTobiiDynavox

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu núverandi síðusett.
4. Veldu **Hlaða niður síðusetti**.

Þú gætir verið beðin/n um að skrá þig inn á TobiiDynavox.

5. Veldu síðusett úr listanum, veldu síðan **Niðurhal**.
6. Þegar niðurhali er lokið skaltu setja inn heiti fyrir síðusettið, veldu síðan **Save**.

Frá staðbundinni skrá

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu núverandi síðusett.
4. Veldu **Búa til síðusett**.
5. Veldu **Staðbundnar skrár** flipann.
6. Veldu **Vafra**.
7. Farðu í óskaða *.sps* skrá, veldu hana og veldu síðan **Opna**.
8. Veldu **Næst**.
9. Settu inn einkvæmt heiti fyrir síðusettið, veldu síðan **Búa til**.

12.2.2 Vista afrit af síðusetti

12.2.2.1 Vista síðusett hjá myTobiiDynavox

Síðusettskrá sem vistuð er hjá myTobiiDynavox má finna á myTobiiDynavox.com í Dótið mitt > Snap > síðusett

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu núverandi síðusett.
4. Veldu **Vista** tákn við hlið síðusettsins sem þú vilt vista.
5. Veldu **Vista afrit í myTobiiDynavox**.

Þú gætir verið beðin/n um að skrá þig inn á TobiiDynavox.

6. Settu inn einkvæmt heiti fyrir síðusettið og (valfrjálst) lýsingu, veldu síðan **Vista**.
7. Stöðuslá sýnir vistunarframvindu. Þegar þessu er lokið velurðu **Búið**.

12.2.2.2 Vista síðusett staðbundið

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu núverandi síðusett.
4. Veldu **Vista** tákn við hlið síðusettsins sem þú vilt vista.
5. Veldu **Vista afrit í staðbundna skrá**.
6. Settu inn einkvæmt heiti fyrir síðusettið og (valfrjálst) lýsingu, veldu síðan **Næst**.
7. Veldu **Vafra**. Farðu á skráasafnið þar sem þú vilt vista síðusettsskránna og veldu síðan **Vista**.
8. Veldu **Vista**.
9. Stöðuslá sýnir vistunarframvindu. Þegar þessu er lokið velurðu **Búið**.

12.2.3 Deila afriti af síðusetti (í gegnum myTobiiDynavox)

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Síðusett** flipann.
3. Veldu **Deila síðusetti** tákn við hlið síðusettsins sem þú vilt deila.
4. Veldu **Deila afriti**.

5. Settu inn einkvæmt heiti fyrir síðusettið og (valfrjálst) lýsingu, veldu síðan **Næst**.
6. Settu inn myTobiiDynavox notandanafnið eða netfangsreikning þess sem þú sendir síðusettið til, síðan velurðu **+** Til að bæta þeim við lista móttakenda. Endurtaktu þetta ferli til að bæta við fleiri móttakendum. Þegar þú hefur bætt við öllum móttakendum, velurðu **Deila**.
7. Stöðuslá sýnir deilingarframvindu. Þegar þessu er lokið velurðu **Búið**.

Ef þú vilt vista afrit af síðusetti staðbundið (til að deila með USB-drifi, tölvupósti o.s.frv.), sjá kafla *12.2.2.2 Vista síðusett staðbundið*.

12.2.4 Samstilla síðusett

Samstilling er auðveld leið til að viðhalda sömu útgáfu af síðusetti á mörgum tækjum. Samstilling vistar dagrétta útgáfu af síðusettinu í skýinu. Þegar þú ýtir á samstillingarhnappinn, sendir þú breytingarnar sem þú gerðir á síðusettinu á staðbundnu tæki og færð líka allar breytingar sem voru gerðar á öðrum (samstilltum) *. Þegar öll tæki hafa samstillst, eru þau öll með sömu útgáfu af síðusettinu.

Samstillingarhnappurinn í efstu slánni lætur þig vita þegar til er uppfærð útgáfa af síðusettinu eða þegar þú ert með staðbundnar breytingar til að vista í skýið.

*Samstilling styður ekki sameiningu breytinga frá mörgum tækjum á sömu síðunni í sömu samstillingu. Ef breytingar eru gerðar á sömu síðu á sama tíma frá mörgum tækjum, mun síðasta tækið sem samstillir uppfæra síðuna með sinni útgáfu. Fólkið sem tekur þátt í að breyta samstilltu síðusetti ætti að ræða um það sín á milli um hvaða síðu er verið að breyta og samstilla oft til að forðast samstillingarbreytingar á sömu síðu á sama tíma.

Þegar samstillt er yfir mörg tæki eða notendur, verða stillingar yfirlitsgerðar að vera eins hjá öllum tækjum/notendum sem verið er að samstilla. Sjá hluta *13.13 Aðgangsaðferð*.

12.2.4.1 Samstilla síðusett hjá myTobiiDynavox

Þegar þú samstillir síðu hjá myTobiiDynavox, verður þú með afrit að síðusettinu geymt á myTobiiDynavox miðlaranum. Þú getur notað þetta sem fljótvirkt og auðvelt öryggisafritunarkerfi fyrir síðusett og ef þú ert með önnur tæki sem nota TD Snap, getur þú samstillt síðusettin á þeim tækjum líka.

Stilling síðusetts á samstillingu

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku. Þú gætir verið beðin/n um að setja inn myTobiiDynavox notandanafn og aðgangsorð.
2. Veldu **Samstilla**.
3. Þetta er komið! Síðusettið er núna samstillt við myTobiiDynavox reikning þinn.

Í hvert skipti sem þú breytir síðusettinu verður þú að velja samstillingarhnappinn í efstu stiku til að senda breytingarnar í skýið.

Samstilla síðusett á aukatækjum

Ef síðusett er þegar stillt á samstillingu á einhverju af tækjum þínum getur þú samstillt fleiri tæki með því að fylgja skrefunum hér að neðan á hverju tæki fyrir sig.

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku. Þú gætir verið beðin/n um að setja inn myTobiiDynavox notandanafn og aðgangsorð.
2. Veldu **Hlaða niður síðusetti** tákn.
3. Veldu síðuna sem þú vilt flytja ná í og samstilla og veldu síðan **Niðurhal**.
4. Þegar niðurhali er lokið, veldu **Búið**.
   Niðurhalaða samstillta síðusettið er sjálfkrafa stillt á að vera virkt síðusett.

Í hvert skipti sem þú breytir síðusettinu verður þú að velja samstillingarhnappinn í efstu stiku til að senda breytingarnar í skýið og gera uppfærða síðusettið tiltækt til samstillingar fyrir önnur tæki. Það er best að samstilla áður en þú gerir breytingar á síðusettinu og samstilla svo aftur um leið og breytingum er lokið.

12.2.4.2 Bjóða einhverjum að samstilla við síðusettið þitt

Þegar aðrir myTobiiDynavox notendur samstilla við síðusett þitt geta þeir gert breytingar á síðusettinu á tækjum sínum og samstillt þær breytingar við skýið. Næst þegar þú samstillir á tækinu þínu færðu þeirra breytingar. Eins þegar þú gerir breytingar á síðusettinu verða þessar breytingar tiltækar hinum notendunum sem þú hefur leyft að samstilla við síðusett þitt.

Samstilling getur ekki sameinað breytingar frá mörgum notendum sem hafa breytt sömu síðu á sama tíma. Í þeim tilvikum verður yfirritar síðasti notandi sem gerði breytingar síðuna með sinni útgáfu. Þú ættir að samstilla strax áður og eftir að þú gerir breytingar á síðusetti og láta aðra notendur sem samstilla við síðusettið vita til að forðast að breyta sömu síðunni á sama tíma.

Þú ættir aðeins að samstilla við fólk sem þú treystir til að gera viðeigandi breytingar á síðusettinu.

Í hvert skipti sem þú breytir síðusettinu verður þú að velja samstillingarhnappinn í efstu stiku til að senda breytingarnar í skýið og gera uppfærða síðusettið tiltækt til samstillingar fyrir önnur tæki eða notendur.

Það er best að samstilla áður en þú gerir breytingar á síðusettinu og samstilla svo aftur um leið og breytingum er lokið.

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku. Þú gætir verið beðin/n um að setja inn myTobiiDynavox notandanafn og aðgangsorð.
2. Veldu **Deila síðusetti** tákn.
3. Settu inn myTobiiDynavox notandanafn eða netfang þess sem þú deilir síðusettinu með, síðan velurðu **+** til að bæta þeim við lista móttakenda. Endurtaktu þetta ferli til að bæta við fleiri móttakendum. Þegar þú hefur bætt við öllum móttakendum, velurðu **Deila**.
4. Þegar deilingarferlinu er lokið, veldu **Búið**. Móttakendur fá deilitilkynningar með tölvupósti og í TD Snap forritinu.

Samstillingartilkynningar gætu tekið allt að klukkutíma að birtast eftir að boð hefur verið sent. Þú getur hvenær sem er athugað með tilkynningar með því að velja samstillingartáknið.

12.2.4.2.1 Afturkalla samstillingarleyfi

Þú getur fjarlægt notendur úr samstilltum síðusettum (sem þú átt) hvenær sem er.

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku.
2. Veldu **Deila síðusetti** tákn.
3. Notendur með samstillingarleyfi fyrir núverandi síðusett eru taldir upp í bláa kassanum. Til að fjarlægja notanda velurðu **X** við hliðina á nafni/netfangi þeirra og velur síðan **Uppfæra**.
4. Veldu **Búið**.

12.2.4.3 Samstilla við síðusett í annarra eigu

Þegar einhver deilir með þér síðusetti til samstillingar sýnir samstillingartáknið í efstu stikunni tilkynningartákn . Fylgdu skrefunum hér að neðan til að samþykkja eða hafna boðinu

Samstillingartilkynningar gætu tekið allt að klukkutíma að birtast eftir að boð hefur verið sent.

Samþykkja samstillingarboð

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku.
2. Veldu **Hlaða niður síðusetti** tákn.
3. Veldu **skoða síðusett sem eru tiltæk á myTobiiDynavox reikningi þínum.**
4. Veldu síðuna sem þú vilt flytja ná í og samstilla og veldu síðan **Niðurhal**.
5. Þegar niðurhali er lokið, veldu **Búið**.

Hafna samstillingarboði

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku.
2. Veldu **Hlaða niður síðusetti** tákn.
3. Veldu **skoða síðusett sem eru tiltæk á myTobiiDynavox reikningi þínum.**
4. Veldu síðusettið sem þú vilt hafna og veldu síðan **Eyða** tákn.
5. Veldu **Hafna**.

12.2.4.4 Snúa samstilltu síðusetti aftur í áður vistaða útgáfu

Þú getur farið aftur í áður vistaða útgáfu af samstilltu síðusetti. Þessi eiginleiki er gagnlegur ef þú hefur gert breytingar á síðusetti sem þú vilt henda eða afturkalla.

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku.
2. Veldu **Vistaðar útgáfur**.
3. Finndu samstillingardagsetninguna sem þú vilt endurheimta í listanum og veldu síðan **Endurheimta**.

12.2.4.5 Rita yfir samstillt síðusett

Notaðu rita yfir til að tryggja að núverandi útgáfa þín af síðusettinu er sú útgáfa af síðusettinu sem er einnig geymd í skýinu (burtséð frá breytingum sem gætu hafa verið samstilltar frá öðrum notendum).

1. Veldu **Samstilla** hnappinn í efstu stiku.
2. Veldu **Ítarlegt**.
3. Veldu **Skrifa yfir**.

12.2.4.6 Sækja eingöngu samstilling

Þegar þú samstillir í sækja eingöngu ham færðu breytingar á síðusetti (sem gerðar eru á öðrum tækjum) en sendir engar breytingar á síðusettinu sem gerðar voru á núverandi tæki. Til að nota sækja eingöngu ham verður aðgangur að breytingarham að vera takmarkaður með aðgangskóða. Til að setja upp aðgangskóða og sækja eingöngu ham, sjá kafla *14.1.1 Aðgangskóði*.

12.3 Síðubúnt

Þú getur deilt undirsetti af síðusetti þínu (ein eða fleiri síður að þínu vali) sem síðubúnti. Síðubúnt innihalda aðeins tilteknar síður. Ef síðurnar innihalda hnappa með tengla á síður sem eru ekki til á tæki viðtakanda gera tenglarnir ekki neitt.

12.3.1 Flytja út síðubúnt

12.3.1.1 Flyttu síðubúnt út til myTobiiDynavox

1. Veldu **Breyta** hnappinn.

2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Flytja inn/út síður**.
4. Veldu **Flytja út síðubúnt**.
5. Veldu **Í myTobiiDynavox**.
6. Veldu síðurnar sem þú vilt hafa með í síðubúntinu. Valdar síður sýna gátmerki í listanum og birtast í bláu boxi.

   Núverandi síða er sjálfkrafa innifalin í síðubúntinu. Til að fjarlægja hana eða nokkra aðra síðu í síðubúntinu velurðu X við hliðina á heiti síðunnar í bláa boxinu.

7. Þegar þú hefur bætt viðeigandi síðum við síðubúntið, skaltu velja **Næst**. Gefðu síðubúntinu heiti svar opnast.
8. Settu inn heiti fyrir síðubúntið í heitireit og (valfrjálst) lýstu síðunum í lýsingarreitnum.
9. Veldu **Flytja út** til að vista síðubúntið hjá myTobiiDynavox.
10. Þegar útflutningi er lokið, veldu **Búið**.

12.3.1.2 Flyttu út síðubúnt í staðbundna skrá

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Flytja inn/út síður**.
4. Veldu **Flytja út síðubúnt**.
5. Veldu **Í staðbundna skrá**.
6. Veldu síðurnar sem þú vilt hafa með í síðubúntinu. Valdar síður sýna gátmerki í listanum og birtast í bláu boxi.

   Núverandi síða er sjálfkrafa innifalin í síðubúntinu. Til að fjarlægja hana eða nokkra aðra síðu í síðubúntinu velurðu X við hliðina á heiti síðunnar í bláa boxinu.

7. Þegar þú hefur bætt viðeigandi síðum við síðubúntið, skaltu velja **Næst**. Gefðu síðubúntinu heiti svar opnast.
8. Settu inn heiti fyrir síðubúntið í heitireit og (valfrjálst) lýstu síðunum í lýsingarreitnum.
9. (Aðeins Windows) Veldu **Næst**.
10. (Aðeins Windows) Veldu **Vafra**. Farðu á skráasafnið þar sem þú vilt vista síðusettsskránna og veldu síðan **Vista**.
11. Veldu **Flytja út**.
12. Þegar útflutningi er lokið, veldu **Búið**.

12.3.1.3 Flytja út síðubúnt til deilingar (í gegnum myTobiiDynavox)

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Flytja inn/út síður**.
4. Veldu **Flytja út síðubúnt**.
5. Veldu **Fyrir deilingu**.
6. Veldu síðurnar sem þú vilt hafa með í síðubúntinu. Valdar síður sýna gátmerki í listanum og birtast í bláu boxi.

   Núverandi síða er sjálfkrafa innifalin í síðubúntinu. Til að fjarlægja hana eða nokkra aðra síðu í síðubúntinu velurðu X við hliðina á heiti síðunnar í bláa boxinu.

7. Þegar þú hefur bætt viðeigandi síðum við síðubúntið, skaltu velja **Næst**. Gefðu síðubúntinu heiti svar opnast.
8. Settu inn heiti fyrir síðubúntið í heitireit og (valfrjálst) lýstu síðunum í lýsingarreitnum.
9. Veldu **Næst**. Deila síðubúnti svar opnast.
10. Settu inn myTobiiDynavox notandanafnið eða netfangsreikning þess sem þú sendir síðusettið til, síðan velurðu **+** Til að bæta þeim við lista móttakenda. Endurtaktu þetta ferli til að bæta við fleiri móttakendum. Þegar þú hefur bætt við öllum móttakendum, velurðu **Deila**.
11. Þegar útflutningi er lokið, veldu **Búið**.

Ef þú vilt vista síðubúnt staðbundið (til að deila með USB-drifi, tölvupósti o.s.frv.), sjá kafla *12.3.1.2 Flyttu út síðubúnt í staðbundna skrá*.

12.3.2 Flytja inn síðubúnt

12.3.2.1 Flytja inn síðubúnt frá myTobiiDynavox

Notaðu þennan valkost til að flytja inn síðubúnt sem þú hefur vistað á myTobiiDynavox reikning þinn eða síðubúnt sem annar myTobiiDynavox notandi hefur deilt með þér.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Flytja inn/út síður**.
4. Veldu **Flytja inn síðubúnt**.
5. Veldu **frá myTobiiDynavox**. Valið síðubúnt frá myTobiiDynavox svar opnast.
6. Veldu síðubúnt úr listanum.
7. Til að hlaða niður völdu síðubúnti, velurðu **Næst**.
8. Farðu yfir lista yfir síður sem eru í síðubúntinu. Til að halda áfram með innflutning síðubúnts, velurðu **Flytja inn**. Til að hætta við innflutning síðubúnts, velurðu **Hætta við**.

Síðuárekstur gerist þegar síðubúntið inniheldur eina eða fleiri síður sem eru þegar til á tækinu en eru ekki eins. Veldu hvert síðuárekstur tákn veldu síðan hvort þú heldur síðunni sem er til eða skrifa yfir með innfluttu síðunni úr síðubúntinu. Þú þarft að leysa úr öllum síðuárekstrum á þennan hátt áður en þú getur haldið áfram með innflutning síðubúntsins.

12.3.2.2 Flytja inn síðubúnt frá staðbundinni skrá

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **síðuflipann**.
3. Veldu **Flytja inn/út síður**.
4. Veldu **Flytja inn síðubúnt**.
5. Veldu **frá staðbundinni skrá**.
6. Veldu **Vafra**. Finndu síðubúntskránna (.spb) sem þú vilt flytja inn og veldu hana, veldu síðan **Opna**.
7. Veldu **Næst**. Skoða síðubúnt svar opnast.
8. Farðu yfir lista yfir síður sem eru í síðubúntinu. Til að halda áfram með innflutning síðubúnts, velurðu **Flytja inn**. Til að hætta við innflutning síðubúnts, velurðu **Hætta við**.

Síðuárekstur gerist þegar síðubúntið inniheldur eina eða fleiri síður sem eru þegar til á tækinu en eru ekki eins. Veldu hvert síðuárekstur tákn veldu síðan hvort þú heldur síðunni sem er til eða skrifa yfir með innfluttu síðunni úr síðubúntinu. Þú þarft að leysa úr öllum síðuárekstrum á þennan hátt áður en þú getur haldið áfram með innflutning síðubúntsins.

12.3.2.3 Flytja inn síðubúnt og tengja

Þú getur flutt inn síðubúnt og búið til tengil í einu lagi með flytja inn og tengja!

Sjá hluta *8.9.6 Flytja inn og tengja á síðu*.

13 Notandastillingar

Notandastillingar hjálpa til við að sérsníða notandaupplifun í TD Snap hugbúnaðinum. Hver notandi getur haft eigin sérsniðnar stillingar sem eru notaðar þegar þú hleður notanda inn í hugbúnaðinn.

13.1 Breyta notanda

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu núverandi notanda.
4. Veldu notanda úr velja notanda listanum.

Notandinn með gátmerkið er núverandi virkur notandi.

13.2 Búa til nýjan notanda

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Nýr notandi**.
4. Fylgdu skrefunum í notandauppsetning leiðsagnarforritinu til að búa til nýjan notanda. Veldu **X** til að hætta við að búa til nýjan notanda.

13.3 Taka öryggisafrit af notanda

Öryggisafrita í myTobiiDynavox

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu örina hægra megin við núverandi notanda.
4. Veldu **Öryggisafrita** hnappinn við hliðina á heiti notandans sem þú vilt taka öryggisafrit af.
5. Veldu **Öryggisafrita í myTobiiDynavox**.

Ef þú ert ekki skráð/ur inn á myTobiiDynavox reikninginn þinn verður þú beðin/n um að gera það núna.

6. Settu inn heiti fyrir öryggisafritaskrá af notanda, veldu síðan **Næst**.

Það gæti verið gagnlegt að láta dagsetningu öryggisafritunar vera hluta af skráarheitinu.

7. Veldu **Búið**.

Einnig má færa staðbundna öryggisafritunarskrá handvirkt til myTobiiDynavox. Notaðu vafrann þinn til að fara á myTobiiDynavox.com og skráðu þig inn, farðu síðan á *Snap* > *afrit* og veldu **Hlaða upp afriti**.



Öryggisafrita í staðbundna skrá

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu örina hægra megin við núverandi notanda.
4. Veldu **Öryggisafrita** hnappinn við hliðina á heiti notandans sem þú vilt taka öryggisafrit af.
5. Veldu **Öryggisafrita í staðbundna skrá**.
6. (Windows) **Vafra** til skrárinnar þar sem þú vilt vista öryggisafritsskránna, veldu síðan **Vista**.
   (iOS) Settu inn heiti fyrir öryggisafritskránna.
7. Veldu **Öryggisafrita**.

13.4 Endurheimta notanda

Endurheimta notanda frá myTobiiDynavox

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu örina hægra megin við núverandi notanda.
4. Veldu **Nýr notandi**.
5. Veldu **Endurheimta Núverandi Notanda**.
6. Þú ert ekki skráð/ur inn á myTobiiDynavox, settu inn netfangið þitt og aðgangsorð og veldu síðan **Næst**.
7. Veldu notandaöryggisafritaskrá úr listanum og veldu síðan **Næst**.

Endurheimta notanda frá staðbundinni skrá

Í iOS verður fyrst að færa staðbundnar notandaöryggisafritaskrár sem voru búnar til í öðru tæki inn í TD Snap forritið í gegnum iTunes:

a. Opnaðu iTunes á makkanum eða PC-tölvunni.
b. Tengdu iPad við tölvuna með USB-snúrunni sem kom með tækinu.
c. Veldu tækið í iTunes.



d. Í vinstri hliðarstiku velurðu **Forrit**. Síðan skrunarðu niður að skráadeilihlutanum neðst á síðunni.
e. Veldu **TD Snap**.



f. Dragðu notandaöryggisafritaskránna(skrárnar) inn í skjalasvæði TD Snap.
g. Fylgdu skrefunum hér að neðan til að endurheimta notanda á iPad-inum.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu örina hægra megin við núverandi notanda.
4. Veldu **Nýr notandi**.
5. Veldu **Endurheimta Núverandi Notanda**.
6. Veldu **Endurheimta frá staðbundinni skrá**.
7. (Windows) Leitaðu að notanda öryggisafritaskránni og veldu hana, veldu síðan **Opna**.
   (iOS) Veldu notandaöryggisafritaskrá úr listanum og veldu síðan **Endurheimta notanda**.

13.5 Breyta/Endurnefna notanda

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Breyta** hnappinn við hliðina á nafni notandans sem þú vilt breyta.
4. Sláðu inn **Heiti** reitinn.
5. Veldu **Vista** til að vista breytingarnar eða **Hætta við** til að henda breytingunum.

13.6 Eyða notanda

Eyðing notanda úr tækinu er varanleg aðgerð. Ef þú heldur að þú gætir þurft notandann síðar, skaltu búa til öryggisafrit af notanda *13.3 Taka öryggisafrit af notanda* áður en þú eyðir honum.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.

3. Veldu **Eyða** hnappinn við hliðina á nafni notandans sem þú vilt eyða.

   Þú getur ekki eytt notanda sem er virkur núna.

4. Veldu rauða **Eyða** hnappinn.
5. Veldu **Eyða** til að eyða notanda varanlega. Veldu **Hætta við** til að fara aftur í stillingavalmynd án þess að eyða notanda.

13.7 Innskráning á myTobiiDynavox reikning

Innskráning á myTobiiDynavox reikning krefst virkrar nettengingar.

Sum þjónusta í TD Snap, t.d. samstilling, krefst þess að þú skráir þig inn með myTobiiDynavox reikningi. Veldu **Skrá inn** til að setja inn myTobiiDynavox skilríki þín eða búa til nýja myTobiiDynavox reikning. Ef þú ert skráð/ur inn, sést myTobiiDynavox notandanafn þitt eða netfang í myTobiiDynavox reikningshlutanum.

13.8 Rödd

13.8.1 Talrödd

Talröddin er rödd sem les efni skilaboðaglugga og hnappaskilaboð.

Talrödd er sjálfgefin rödd, hún er ekki tengd sérstöku tungumáli. Ef tungumála-sértækum röddum hefur verið úthlutað verða tungumála-sértækar raddir notaðar í staðinn fyrir þau tungumál. Til að úthluta tungumála-sértækum röddum, sjá *13.10 Tungumála-sértækar raddir*.



Skýringarmynd 13.1 Notandaflipi — talrödd

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Talrödd**.

13.8.1.1 Uppsettar raddir

Þetta eru raddirnar sem eru núna tiltækar til tafarlausrar notkunar á tækinu. Þær ná bæði yfir foruppsettar raddir og raddir sem er halað niður á tækið.

Þú getur eytt röddum í uppsetningarlistanum en þú getur ekki eytt röddinni sem er virk núna.

13.8.1.2 Raddir sem hægt er að hala niður.

Ná í nýjar raddir.

Þú verður að vera með virka nettengingu til að ná í raddir.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Talrödd**.
4. Í lista yfir niðurhalanlegar raddir, skaltu velja **Niðurhal** við hliðina á viðeigandi rödd.

Í iOS, er hlé gert á niðurhali radda þegar TD Snap appið er falið.

13.8.1.3 Raddir sem hægt er að kaupa.

TD Snap (full) inniheldur eina talvél og aðgang að öllum röddum sem tilheyra þeirri talvél. Viðbótarraddir eru fáanlegar gegn gjaldi. Þegar þú kaupir talvél færðu aðgang að öllum 100+ tengdum röddum.

Forskoða og kaupa raddir

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Talrödd**.
4. Flettu niður á *Kaup* hlutann.
5. Veldu til að forskoða rödd.
   Veldu **Kaupa viðbótarraddir** til að kaupa.

13.8.1.4 Vettvangsraddir

Þetta eru raddir sem stýrikerfið þitt lætur þig hafa og SAPI5 raddir.

Sumar raddir koma tvisvar sinnum fyrir ef þær eru til bæði í innbyggðri vettvangsútgáfu og á SAPI5 útgáfu.

SAPI5 er eingöngu fyrir Windows

13.8.2 Raddtíðni

Raddtíðni er hraðinn sem orð eru sögð á.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Færðu **Raddtíðni sleðarofi** til vinstri til að tala hægar eða til hægri til að tala hraðar.

13.8.3 Undantekningar í framburði

Undantekningar í framburði eru orð eða skammstafanir sem þú kennir röddinni að bera fram á vissan hátt. Undantekningar í framburði eru tengdar röddinni sem er virk þegar undantekningar í framburði eru búnar til. Ef þú skiptir í aðra rödd og vilt nota áfram sömu undantekningar í framburði verður þú að flytja undantekningar í framburði inn frá fyrri röddu.

Undantekningar í framburði eru líka tiltækar fyrir tungumála-sértækar raddir. Sjá hluta *13.10 Tungumála-sértækar raddir*.

Undantekningar í framburði er ekki hægt að flytja inn á milli stýrikerfa (Windows ⇔ iOS).

Búa til nýja undantekningu í framburði

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Undantekningar í framburði**.
4. Veldu **Bæta við undantekningu í framburði**.

Bæta við undantekningu í framburði svarið birtist.



5. Í **Orð** reitnum skaltu skrifa orðið eins og það er skrifað.
6. Í **Framburður** reitnum skaltu slá orðið inn hljóðfræðilega eins og þú vilt að það sé borið fram.
   Til að prufa framburðinn velurðu forskoðunarhnappinn.
7. Veldu **Búið** til að vista undantekningu í framburði Veldu **Hætta við** til að henda breytingum og fara aftur í notandastillingar.

Flytja inn undantekningu í framburði

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Undantekningar í framburði**.
4. Veldu **Flytja inn frá annarri rödd**.



5. Veldu röddina sem hefur undantekningar í framburði sem þú vilt flytja inn.

   Aðeins raddir sem hafa tengdar undantekningar í framburði verða birtar í listanum.

6. Veldu **Flytja inn** til að flytja inn allar undantekningar í framburði sem tengjast valinni röddu. Veldu **Hætta við** til að fara aftur í notandastillingar án þess að flytja inn.

   Þegar þú hefur flutt inn undantekningar í framburði frá annarri röddu, er mælt með að þú prufir þær með núverandi röddu. Veldu Forskoða hnappinn á undantekningu í framburði til að heyra hana talaða með núverandi röddu.

13.9 Úttakstæki tals

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Úttakstæki tals**.
4. Stilla Nota sjálfvalið tæki á **kveikt** til að nota sjálfvalið úttakstæki Windows. Stilla Nota sjálfvalið tæki á **slökkt** til að sjá lista yfir tiltæk úttaksstæki.
   a. Veldu úttakstæki úr listanum til að nota tækið fyrir talúttak. Til að forskoða tæki skaltu velja spila hnappinn fyrir tækið.

13.10 Tungumála-sértækar raddir

Þú getur úthlutað rödd til tungumáls, þannig að efni á því tungumáli sé talað með réttum framburði.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Tungumála-sértækar raddir**.
4. Veldu **Bæta við rödd fyrir annað tungumál**.
5. Veldu **Tungumál**, veldu síðan tungumál úr tungumálalista radda. Veldu **Ný rödd** eftir að þú hefur valið tungumálið.
6. Veldu **Rödd**, veldu síðan rödd úr uppsett hluta raddalistans. Veldu **Ný rödd** eftir að þú hefur valið rödd þína.

   Sumar raddir eru tiltækar sem ókeypis niðurhal (nettengingar krafist). Veldu **Niðurhal** við hlið viðeigandi raddar.. Þegar niðurhali er lokið, skaltu finna og velja röddina í uppsetthluta raddalistans.

7. (Valfrjálst) stilltu raddtíðni fyrir valið tungumál/rödd.
8. (Valfrjálst) Bættu við undantekningum í framburði fyrir röddina. Sjá hluta *13.8.3 Undantekningar í framburði*.

13.11 Google aðgangur

Tengdu Google aðganginn þinn til að nota Google Assistant, snjallhátalara, og snjalltæki með TD Snap.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Skrunaðu niður og veldu **Tengjast Google** Sjálfgefinn vafri mun opnast.
4. Skráðu þig inn á Google aðganginn þinn.
5. Þegar beðið er um það, veldu **Leyfa** til að gefa TD Snap leyfi til að hafa samskipti við Google Assistant fyrir þína hönd.
6. Fara aftur í TD Snap.

   Til að skrá þig út úr Google aðganginum þínum í TD Snap, veldu **Aftengja**.

13.12 Kjörstillingar notanda

13.12.1 Talstillingar

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Kjörstillingar** flokkur.
4. Stilltu alltaf trufla tal fyrir nýtt tal á **Kveikt** (Tal sem er í gangi mun stöðvast til að tala nýja skipun) eða **Slökkt** (talskipanir fara í röð þannig að núverandi tal mun klárast, síðan mæla nýju talskipunina).

13.12.2 Stillingar skilaboðaglugga

Skýringarmynd 13.2 Nota tákn í skilaboðaglugga virkjað

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Kjörstillingar** flokkur.
4. Stilltu eftirfarandi kjörstillingar á annað hvort **Kveikt** (virkt) eða **Slökkt** (óvirkt):

- Nota tákn í skilaboðaglugga — þegar það er virkt verða orð og setningar í skilaboðaglugganum táknmyndaðar.
- Sýna alltaf bendilinn í skilaboðaglugganum — Þegar hann er virkur er bendillinn alltaf sýnilegur í skilaboðaglugganum. Þegar það er óvirkt er bendillinn aðeins sýnilegur þegar hann er færður frá sjálfgefinni stöðu í lok texta skilaboðagluggans.
- Tala við innsetningu í skilaboðaglugga — þegar þetta er virkt, verður hvert orð eða setning töluð þegar það er sett inn í skilaboðagluggann.
- Tala stafi — þegar þetta er virkt, verður hver stafur talaður og settur inn í skilaboðagluggann.

  Til að virkja „tala stafi“ þarf stillingin „tala við innsetningu í skilaboðaglugga“ að vera virkjuð.

- Hreinsa eftir tal — Eftir að búið er að tala texta í skilaboðaglugga er textinn hreinsaður út og næsti texti settur inn.
- Beygja sjálfvirkt málfræðihnappar — þegar þeir eru virkir munu málfræðihnappar uppfærast eftir þörfum til að passa við málfræðisamhengi efnisins í skilaboðaglugganum.
- Búa sjálfkrafa til styttingar — þegar þetta er virkt myndast algengar styttingar úr tveimur orðum (til dæmis „kom þú“ verður „komdu“).

13.12.3 Spástillingar

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Kjörstillingar** flokkur.
4. Stilla sýna tákn á spáhnöppum á **Kveikt** (Spáhnappar sýna tákn fyrir núverandi spáð orð) eða **Slökkt** (Spáhnappar sýna aðeins texta).

13.12.4 Stillingar samstillingar

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Kjörstillingar** flokkur.
4. Stilla Virkja samstillingu í notkunarstillingu á **Kveikt** (Samstillingarhnappur er sýnilegur í efstu stiku í bæði notkunarham og breytingaham) eða **Slökkt** (Samstillingarhnappur er falinn í efstu stiku í notkunarham en sýnilegur í breytingaham).

13.13 Aðgangsaðferð

Snerting

Hlutir eru virkjaðir með því að snerta hlutinn á skjánum með fingri eða, þegar mús er notuð, með því að smella á hlutinn með músabendlinum. Þessi aðgangsaðferð hentar fyrir notendur sem geta snert skjáinn hratt og af nákvæmni eða stjórnað og vinstrismellt með venjulegri tölvumús. Hlutir eru virkjaði um leið og þeir eru snertir eða smellt er á þá.

Snerting innsláttur

Hlutir eru virkjaðir með því að snerta þá líkamlega og halda niðri hlutnum á skjánum í lágmarkstíma eða, þegar mús er notuð, með því að smella og halda niðri hlutnum í lágmarkstíma. Biðtíminn er stilltur inn af notanda. Þessi aðgangsaðferð er gagnleg fyrir notendur sem gætu snert eða smellt hluti óvart.

Snerting hætta

Þessi aðferð er lík halda við, en valinn hlutur er virkjaður þegar valinu er sleppt. Þessi aðferð gerir notanda kleift að halda snertingu við snertiskjáinn án þess að velja óvart. Þetta þýðir að notandi getur rennt fingri eða bendli yfir snertiskjáinn eða haldið niðri músahnappi á meðan hann færir bendilinn. Val verður ekki gert fyrr en fingri eða bendli er sleppt af snertiskjánum, eða þegar músahnappi er sleppt. Þetta gerir snerta út valaðferðina upplagða fyrir manneskju sem gæti fundist það auðveldara að draga fingur eða bendil yfir snertiskjá á meðan hún færir sig frá vali til vals.

Músardvöl

(Aðeins Windows) Músadvalar aðgangsaðferð krefst þess að tölvumús, stýrikúla, eða höfuðmús stjórni bendlinum á skjánum. Hlutur er valinn þegar bendillinn staldrar við hlut í tiltekna tímalengd eða þegar notandi virkjar rofa. Þessi aðgangsaðferð er góður valkostur fyrir manneskju sem hefur líkamlega getu til að nota mús, en skortir getuna til að ýta niður á músahnappinn til að velja.

Augnstýring

(Aðeins Windows) Þessi aðferð gerir notanda kleift að stjórna TD Snap með augunum eingöngu. Val er gert með því annað hvort að festa augun á hlut í tiltekinn tíma (dvöl), virkja rofa eða með því að blikka. Augnstýring krefst augnstýringartækis frá Tobii Dynavox.

Skönnun

Þegar skönnun er virk valaðferð, eru hlutir á skjánum auðkenndir í sérstöku mynstri. Skönnun krefst rofa eða lyklaborðslykils til að velja þegar viðeigandi hlutur er auðkenndur. Þessi aðgangsaðferð er ætluð einstaklingi sem hefur ekki hreyfigetu til að nota beinar valaðferðir á áhrifaríkan hátt.

Til að fá að vita meira um aðgangsaðferðir geturðu horft á aðgangsaðferðamyndbönd sem er að finna í *Kerfi — Hjálp og leiðbeiningar*.

13.13.1 Sjá aðgangsaðferð

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Aðgangsaðferð** flokkur.
4. Veldu núverandi aðgangsaðferð.
5. Veldu aðgangsaðferð úr listanum.

13.13.2 Snerti valkostur

Snerting er sjálfvalin aðgangsaðferð.

Þegar snerti aðgangsaðferð er notuð eru hlutir virkjaðir með því að snerta hlutinn á skjánum með fingri eða, þegar mús er notuð, með því að smella á hlutinn með músabendlinum. Þessi aðgangsaðferð hentar fyrir notendur sem geta snert skjáinn hratt og af nákvæmni eða stjórnað og vinstrismellt með venjulegri tölvumús. Hlutir eru virkjaði um leið og þeir eru snertir eða smellt er á þá.



Yfirlitsgerð

Yfirlitsgerðin er hvernig notandi getur skrunað á síðunni og tækjastikunni. Þú getur valið að skruna með því að renna fingri eftir skjánum, velja yfirlitshnappana eða bæði.

Strokur

- Skrunaðu upp og niður síðuna og tækjastikuna með því að renna fingri á snertiskjánum. (Aðeins með snertiaðgangi.)

Yfirlitshnappar

- Örvahnappar birtast á síðunni og tækjastikunni þegar það er meira efni fyrir ofan eða neðan. Örvayfirlitshnappar eru aðgengilegir öllum aðgangsaðferðum.

Strokur og yfirlitshnappar

- Bæði strokur og yfirlitshnappar eru virkjaðir þannig að nota má hvora yfirlitsgerð sem er til að færa upp og niður í gegnum efnið. (Aðeins með snertiaðgangi.)

Val hljóðsvörun hljóð

Spila hljóð þegar hnappur sem talar ekki er valinn.

13.13.3 Halda við valkostur

Þegar halda við er valin aðgangsaðferð, eru hlutir virkjaðir með því að snerta þá og halda niðri hlutnum á skjánum í lágmarkstíma eða, þegar mús er notuð, með því að smella og halda niðri hlutnum í lágmarkstíma. Biðtíminn er stilltur inn af notanda. Þessi aðgangsaðferð er gagnleg fyrir notendur sem gætu snert eða smellt hluti óvart.



dvalartími

Dvalartími er lágmarks tími sem þarf til að velja og halda niðri hlut til að virkja hann.

Tengja marga smelli

Þessi stilling skynjar marga smelli sem eiga sér stað innan tiltekins tímaramma og tengir þá þannig að þeir séu skráðir sem einn langur smellur og bið. Þessi stilling er gagnleg ef notandi á erfitt með að halda vali stöðugt.

Þegar tengja marga smelli er virkt getur þú valið tímaramman sem smellirnir eru tengdir saman í. Til dæmis þegar stillt er á meðal eru allir smellir sem eiga sér stað innan 1,3 sekúndna tímabils (sem byrjar á fyrsta smellnum) skráðir sem einn langur smellur og bið.

Bið á milli vala

Þessi stilling gerir þér kleift að stilla inn tíma þar sem TD Snap hunsar tilraunir til vals eftir að val hefur verið gert. Virkjun bils á milli vala getur hjálpað til við að koma í veg fyrir óviljandi endurtekið val í hugbúnaðinum.

Þegar bil á milli vala er virkjað getur þú valið tímarammann sem valtilraunir eru hunsaðar eftir að val hefur verið gert. Til dæmis, þegar stillt á Medium, mun TD Snap hunsa allar valtilraunir sem eiga sér stað innan 2 sekúndna eftir val.

Auðkenning

Veldu viðeigandi auðkenningargerð og lit. Auðkenning er sjónrænt merki sem sýnir þegar hlutur er valinn. Auðkenning hættir þegar hluturinn hefur verið virkjaður.

1. Engin auðkenning
2. Útlína
   Valkostir: Litur, þykkt auðkenningar
3. Yfirlögn
   Valkostur: Litur
4. Umsnúa

Val hljóðsvörun hljóð

Spila hljóð þegar hnappur sem talar ekki er valinn.

13.13.4 Snerta út valkostur

Þegar snerta út er notað er valinn hlutur virkjaður þegar valinu er sleppt. Þessi aðferð gerir notanda kleift að halda snertingu við snertiskjáinn án þess að velja óvart. Þetta þýðir að notandi getur rennt fingri eða bendli yfir snertiskjáinn eða haldið niðri músahnappi á meðan hann færir bendilinn. Þegar bendillinn færir sig yfir hnappana verður hnappurinn sem er núna valinn auðkenndur. Hnappur er ekki virkjaður fyrr en fingri eða bendli er sleppt af snertiskjánum, eða þegar músahnappi er sleppt. Þetta gerir snerta út valaðferðina upplagða fyrir manneskju sem gæti fundist það auðveldara að draga fingur eða bendil yfir snertiskjá á meðan hún færir sig frá vali til vals. Þetta er líka gagnlegt fyrir fólk sem hagnast af sjónrænni svörun til að gera nákvæmt val.



dvalartími

dvalartími er lágmarks tími sem þarf til að velja og halda niðri hlut til að virkja hann við sleppingu.

Tengja marga smelli

Þessi stilling skynjar marga smelli sem eiga sér stað innan tiltekins tímaramma og tengir þá þannig að þeir séu skráðir sem einn langur smellur og bið. Þessi stilling er gagnleg ef notandi á erfitt með að halda vali stöðugt.

Þegar tengja marga smelli er virkt getur þú valið tímaramman sem smellirnir eru tengdir saman í. Til dæmis þegar stillt er að meðal eru allir smellir sem eiga sér stað innan 1,3 sekúndna tímabils (sem byrjar á fyrsta smellnum) skráðir sem einn langur smellur og bið.

Bið á milli vala

Þessi stilling gerir þér kleift að stilla inn tíma þar sem TD Snap hunsar tilraunir til vals eftir að val hefur verið gert. Virkjun bils á milli vala getur hjálpað til við að koma í veg fyrir óviljandi endurtekið val í hugbúnaðinum.

Þegar bil á milli vala er virkjað getur þú valið tímarammann sem valtilraunir eru hunsaðar eftir að val hefur verið gert. Til dæmis, þegar stillt á Medium, mun TD Snap hunsa allar valtilraunir sem eiga sér stað innan 2 sekúndna eftir val.

Auðkenning

Veldu viðeigandi auðkenningargerð og lit. Auðkenning er sjónrænt merki sem sýnir þegar hlutur er valinn. Auðkenning hættir þegar hluturinn hefur verið virkjaður.

1. Engin auðkenning
2. Útlína
   Valkostir: Litur, þykkt auðkenningar
3. Yfirlögn
   Valkostur: Litur
4. Umsnúa

Hljóðsvörun

Þegar hljóðsvörun er virk heyrir notandi hljóðmerki þegar það er auðkennt. Hljóðmerki er orð eða stutt skilaboð sem hjálpa til við að þekkja hlutinn. Hægt er að velja aðra rödd fyrir hljóðsvörun, auk sérsniðinnar hljóðtíðni og undantekningar í framburði.

Val hljóðsvörun hljóð

Spila hljóð þegar hnappur sem talar ekki er valinn.

13.13.5 Músadvöl valkostir

(Aðeins Windows) Músadvalar aðgangsaðferð krefst þess að tölvumús, stýrikúla, eða höfuðmús stjórni bendlinum á skjánum. Hlutur er valinn þegar bendillinn staldrar við hlut í tiltekna tímalengd eða þegar rofi er virkjaður.



Valtegund

Dvelja

- Val er gert með því að halda bendli á hlut í tiltekinn tíma (dvöl).
  - Dvalartími — stillir inn tímann sem bendillinn þarf að vera á hlutnum til að velja hann.

Rofi

- Val er gert með því að virkja rofa á meðan bendillinn er á viðeigandi hlut.
  - Rofainntak — stillir inn lyklaborðslykilinn sem virkar sem rofainntak.

Auðkenning

Veldu viðeigandi auðkenningargerð og lit. Auðkenning er sjónrænt merki sem sýnir þegar hlutur er valinn. Auðkenning hættir þegar hluturinn hefur verið virkjaður.

Fyrir þessa aðgangsaðferð er „Ekki auðkenna“ ekki valkostur.

1. Engin auðkenning
2. Útlína
   Valkostir: Litur, þykkt auðkenningar
3. Yfirlögn
   Valkostur: Litur
4. Umsnúa

Hljóðsvörun

Þegar hljóðsvörun er virk heyrir notandi hljóðmerki þegar það er auðkennt. Hljóðmerki er orð eða stutt skilaboð sem hjálpa til við að þekkja hlutinn. Hægt er að velja aðra rödd fyrir hljóðsvörun, tungumála-sértækar hljóðsvörunarraddir, auk sérsniðinnar hljóðtíðni og undantekningar í framburði.

Sýna hlé á aðgangsaðferð hnapp í notkunarham

Þegar þetta er virkt, birtist hlé/byrja aftur aðgangsaðferð hnappur á efstu slánni í notkunarham. Þegar þetta er óvirkt er hnappurinn falinn.

Val hljóðsvörun hljóð

Spila hljóð þegar hnappur sem talar ekki er valinn.

13.13.6 Stillingar augnstýringar

Þessi aðgangsaðferð gerir notanda kleift að stjórna TD Snap með augunum eingöngu. Val er gert með því annað hvort að festa augun á hlut í tiltekinn tíma (dvöl) eða með virkja rofa því að. Augnstýring sem aðgangsaðferð krefst augnstýringartækis frá Tobii Dynavox.

Valtegund

Dvelja

- Gerir notanda kleift að velja með því að festa augun á hlut í tiltekinn tíma (dvalartími).
  - Dvalartími — stillir inn tímann sem augntillitið þarf að vera á hlutnum til að velja hann.
  - Horfðu undan áður en þú velur aftur — þegar það er virkt getur notandinn ekki notað fleiri en einn valmöguleika á sama marki nema hann horfi undan áður en hann velur aftur. Þessi stilling nýtist notendum vel sem síendurtekið lenda í því að velja markgildi óvart.

Rofi

- Notandi beinir auðkenningu á skjánum með augntilliti og velur síðan með rofa.
  - Rofainntak — stillir inn lyklaborðslykilinn sem virkar sem rofainntak.

    Mögulega virkar rofaval með lyklaborðslykli eða Bluetooth rofa ekki fyrir utan TD Snap hugbúnaðinn.

  - Tímalengd þrýstings á rofa — tíminn sem þarf að virkja rofann í til að velja hlutinn sem núna er auðkenndur.
  - Tímalengd endurtöku rofa — tíminn sem notandi þarf að bíða á milli rofavirkjunar. Áður en þessi tími er búinn eru frekari rofavirkjanir hunsaðar.

Augnsvörun

Augnsvörun er sjónrænt merki sem sýnir notanda hvar augntillit þeirra er skráð á skjánum, hversu stöðugt og í hvað langan tíma.

Stilltu inn stíl, lit og stærð augnsvörunar.

Fresta eftir breytingu á síðu

Eftir að farið er á nýja síðu getur val ekki átt sér stað í tiltekinn tíma. Þetta kemur í veg fyrir óviljandi val þegar síða opnast fyrst.

Windows stjórnunartegund

Stillir inn aðgangsstjórnun skjáborðs fyrir yfirlit utan TD Snap hugbúnað. Ekki tiltækt í öllum tækjum.

- Augntillitsval — þetta er tveggja skrefa valaðferð sem dregur úr hættunni á óviljandi smellum.
- Músahermun — hermir eftir og stjórnar venjulegum PC-músabendli á skjánum.

Hljóðsvörun

Þegar hljóðsvörun er virk heyrir notandi hljóðmerki þegar það er auðkennt. Hljóðmerki er orð eða stutt skilaboð sem hjálpa til við að þekkja hlutinn. Hægt er að velja aðra rödd fyrir hljóðsvörun, auk sérsniðinnar hljóðtíðni og undantekningar í framburði.

Sýna hlé á aðgangsaðferð hnapp í notkunarham

Þegar þetta er virkt, birtist hlé/byrja aftur aðgangsaðferð hnappur á efstu slánni í notkunarham. Þegar þetta er óvirkt er hnappurinn falinn.

Val hljóðsvörun hljóð

Spila hljóð þegar hnappur sem talar ekki er valinn.

13.13.7 Skönnunar valmöguleikar

Þegar skönnun er virk valaðferð, eru hlutir á skjánum auðkenndir í sérstöku mynstri. Notandi virkjar rofa eða lyklaborðslykil til að velja þegar viðeigandi hlutur er auðkenndur. Þessi aðgangsaðferð er ætluð einstaklingi sem hefur ekki hreyfigetu til að nota beinar valaðferðir á áhrifaríkan hátt.



Skönnunartegund

Skönnunartegundarstilling ákvarðar hvernig skönnunar auðkenning fer áfram (sjálfvirkt eða með rofavali) og hvernig val er framkvæmt.

1 rofa sjálfvirk skönnun

- Þegar 1 rofa sjálfvirk skönnun er notuð, mun hugbúnaðurinn skanna hlutina á síðunni með þar til gerðu skönnunarmynstri. Notandi velur með rofa.
  - Rofainntak — veldu annað hvort skjásmell eða lyklaborðslykil.
  - Hraði — hversu hröð sjálfvirka skönnunin er.
  - Umbreytingartími — stilltu inn tímann á milli vals og áframhalds sjálfvirkrar skönnunar.
  - Skanna eftir — veldu hvenær sjálfvirk skönnun ætti að hefjast aftur: Val, síðubreyting, tal.
  - Segðu allt hljóðmerkið áður en farið er áfram — þegar þetta er virkt tefja löng hljóðmerki framgang skönnunarauðkenningar þar til allt hljóðmerkið hefur verið sagt.

2 rofa skrefa skönnun

- Þegar tveggja skipta skrefa skönnun er notuð mun notandi virkja einn rofa til að halda áfram með skönnunarauðkenningu og annan rofa til að velja.
  - Rofi 1 inntak — veldu annað hvort skjásmell eða lyklaborðslykil til að halda áfram með skönnunarauðkenningu.
  - Rofi 2 inntak — veldu annað hvort skjásmell eða lyklaborðslykil til að velja.

Rofi 1 inntak og rofi 2 inntak þurfa að vera mismunandi.

1 rofa skönnun

- Þegar 1 rofa skönnun skönnunar valkosturinn er virkur, notar notandi rofann til að fara áfram með auðkenninguna (hvert val fer með auðkenninguna áfram um eitt bil). Til að velja auðkenndan hlut velur notandi rofann og viðheldur valinu í tiltekinn hlétíma.
  - Rofi 1 inntak — veldu annað hvort skjásmell eða lyklaborðslykil til að halda áfram með skönnunarauðkenningu.
  - Hlétími — lágmarks tími sem þarf til að velja og halda niðri hlut til að virkja hann.

1 rofa dvalar skönnun

- Þegar 1 rofa dvalarskönnun skönnunar valkosturinn er virkur, notar notandi rofann til að fara áfram með auðkenninguna (hvert val fer með auðkenninguna áfram um eitt bil). Til að velja auðkenndan hlut gerir notandi hlé (gerir ekkert) í tiltekinn hlétíma.
  - Rofi 1 inntak — veldu annað hvort skjásmell eða lyklaborðslykil til að halda áfram með skönnunarauðkenningu.
  - Hlétími — lágmarks tími sem þarf til að dvelja á hlut til að virkja hann.

Öfug skönnun

- Einstaklingur sem notar öfuga skönnun heldur niðri rofanum til að fara áfram með skönnunarauðkenninguna (auðkenningin heldur áfram að færast áfram á meðan rofanum er haldið niðri). Þegar einstaklingur sleppir rofanum verður auðkenndi hluturinn valinn.
  - Rofi 1 inntak — veldu annað hvort skjásmell eða lyklaborðslykil til að halda áfram með skönnunarauðkenningu.
  - Hraði — hversu hratt skönnunarauðkenningin fer áfram (á meðan rofanum er haldið niðri).
  - Segðu allt hljóðmerkið áður en farið er áfram — þegar þetta er virkt tefja löng hljóðmerki framgang skönnunarauðkenningar þar til allt hljóðmerkið hefur verið sagt.

Skannahegðun

Skönnunarmynstrið er röðin sem hlutir á skjánum eru auðkenndir í fyrir val. Þessi hluti inniheldur einnig stillingar sem tengjast hverskonar hlutir eru skannaðir.

Mynstur

- Röð/dálkur — skannar raðir ofan frá og niður Þegar röð er valin eru hlutirnir í röðinni skannaðir frá vinstri til hægri.
- Dálkur/röð — skannar dálka frá vinstri til hægri. Þegar dálkur er valinn eru hlutirnir í dálknum skannaðir ofan frá og niður.
- Línulega — hlutir eru skannaðir hver fyrir sig frá vinstri til hægri, ofan frá og niður.

Fjöldi yfirferða

- Yfirferðir — stilltu hversu mörgum sinnum skönnunin mun skanna röð eða dálk án þess að valið sé.
- Eftir loka yfirferð — veldu hvað gerist þegar sjálfvirk skönnun hefur lokið tilteknum fjölda yfirferða (ekki tiltækt fyrir óendanlegar yfirferðir).

Hóp skönnun

- Þegar hún er virk eru síðuhnapparnir skannaðir í hópa.

Skannaðir hópar verða að vera tilgreindir fyrirfram. Sjá hluta *8.14 Skannaðir hópar*.

Skanna frá síðasta vali

- Þegar þetta er virkt mun skönnun hefjast aftur á síðunni þar sem síðasta val var gert. Þegar þetta er óvirkt byrjar skönnun aftur efst á síðunni eftir að valið er.

Skanna slá að ofan

- Þegar þetta er virkt eru hlutir sem hægt er að skanna í efstu stiku (til baka, heim og stjórnborð) skannaðir. Þegar þetta er óvirkt eru hlutir í efstu stiku ekki skannaðir.

Leita, samstilla, gera hlé á aðgangsaðferð og breyta hnapparnir í efstu stiku ekki skannaðir. Þá má alltaf nota með snertingu.

Skanna tóma hnappa

- Þegar þetta er virkt eru hnappar sem hafa ekkert efni skannaðir. Þegar þetta er óvirkt eru tómir hnappar ekki skannaðir.

Auðkenning

Veldu viðeigandi auðkenningargerð og lit. Auðkenning er sjónrænt merki sem sýnir þegar hlutur er skannaður. Auðkenning hættir þegar hluturinn hefur verið virkjaður.

Fyrir þessa aðgangsaðferð er „Ekki auðkenna“ ekki valkostur.

1. Engin auðkenning
2. Útlína
   Valkostir: Litur, þykkt auðkenningar
3. Yfirlögn
   Valkostur: Litur
4. Umsnúa

dvalartími

Dvalartími er lágmarks tími sem þarf til að velja og halda niðri hlut til að virkja hann.

Bið á milli vala

Bil á milli vala hjálpar til við að koma í veg fyrir að rofaval sé óvart tvítekið. Þegar rofaval er gert, getur næsta rofaval ekki átt sér stað fyrr en tíminn sem stilltur er inn í bið á milli vala er liðinn. Ef ýtt er á rofann á meðan biðtími er í gangi endurræsist niðurtalningin.

Hljóðsvörun

Þegar hljóðsvörun er virk heyrir notandi hljóðmerki þegar það er auðkennt. Hljóðmerki er orð eða stutt skilaboð sem hjálpa til við að þekkja hlutinn. Hægt er að velja aðra rödd fyrir hljóðsvörun, tungumála-sértækar hljóðsvörunarraddir, auk sérsniðinnar hljóðtíðni og undantekningar í framburði.

Þysjun

Þegar hún er virk eru þysjað að skjáhlutum þegar þeir eru skannaðir. Þegar margir hlutir eru skannaðir (raðir eða dálkar) er þysjað að fyrsta hlutnum í mynstrinu og hinir auðkenndir eins og tiltekið er í stillingum auðkennisstíl.

Sýna hlé á aðgangsaðferð hnapp í notkunarham

Þegar þetta er virkt, birtist hlé/byrja aftur aðgangsaðferð hnappur á efstu slánni í notkunarham. Þegar þetta er óvirkt er hnappurinn falinn.

Val hljóðsvörun hljóð

Spila hljóð þegar hnappur sem talar ekki er valinn.

13.14 Gagnarakning

13.14.1 Vöktun hnappanotkunar

Þegar vöktun hnappanotkunar er virk eru upplýsingar um hnappanotkun í TD Snap skrásettar. Þessar upplýsingar innihalda tíma hnappanotkunarinnar, skilaboðin, tungumál, síðusett, síðu, rúðustaðsetningu, aðgangsaðferð (t.d. augnstýringu), sýningarham og hvort hnappurinn talaði eða setti inn í skilaboðagluggann.

Hnappanotkunarupplýsingar eru ekki skrásettar í breytingarham.



Virkja vöktun hnappanotkunar

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Gagnarakning** flokkur.
4. Setja **Vöktun hnappanotkunar** á kveikt.
5. Lestu gagnaverndarviðvörunina og veldu **Já** til að virkja vöktun hnappanotkunar. Ef þú vilt ekki virkja vöktun hnappanotkunar, skaltu velja nei.

Hægt er að skoða hnappanotkunartalningu í TD Snap hugbúnaðinum með því að virkja sýna hnappanotkunartalningu og/eða sýningartalningu. Fyrir frekari upplýsingar sjá kafla *13.14.3 Sýna hnappanotkunartalningu* og *13.14.4 Sýna sýningartalningu*. Frekari gagnasjónsköpun er tiltæk í **notkunarskýrsluhluta** myTobiiDynavox.com reikningi þínum.

Þegar vöktun hnappanotkunar er virk á hún sér alltaf stað þegar TD Snap hugbúnaðurinn er notaður. Fyrir nákvæm notkunargögn er mikilvægt að aðgreina á milli hnappavals notanda og sýningarvals umönnunaraðila eða tjáskiptafélaga. Ef notandi á tjáskipti við TD Snap í gegnum aðgangsaðferð sem byggir ekki á snertingu (músadvöl, augnstýring, eða skönnun) er hverskonar hnappaval sem gert er með snertingu sjálfvirkt skrásett sem sýning. Ef notandi á tjáskipti við TD Snap í gegnum aðgangsaðferð sem byggir á snertingu verður umönnunaraðili að virkja sýningarham áður en hann sýnir eitthvert val og afvirkja hann síðan aftur áður en notandi velur næst.

Ef vöktun hnappanotkunar er virkjuð og notandi hefur aðgangsaðferð sem byggir á snertingu skaltu passa að sýna hnappa á efstu stiku sé líka virkjuð. Sjá hluta *13.14.2 Sýna hnappa á efstu stiku*.

Þegar þú deilir síðusetti sem hefur notkunargögn hefur þú möguleika á að hafa notkunargögnin með eða ekki.

Virkja sýningarham (aðeins nauðsynlegt ef aðgangsaðferð er stillt á snertingu, halda við, snerta út eða þegar skjárinn er notaður sem rofi)

Ef núverandi aðgangsaðferð inniheldur gera hlé á aðgangsaðferð hnapp í efstu stiku, skaltu gera hlé á aðgangsaðferð áður en þú byrjar á skrefunum hér að neðan. Hættu við hlé á aðgangsaðferð áður en þú ferð úr sýningarham.

1. Veldu **Gagnarakning** hnappinn í efstu stiku.
   Til að virkja gagnarakningar hnappinn í efstu stiku, sjá kafla *13.14.2 Sýna hnappa á efstu stiku*.
2. Virkja **Sýningarhamur**.
   Þegar þú hefur lokið sýningu skaltu muna að afvirkja sýningarham.

Þú getur einnig kveikt og slökkt á sýningarham með því að gera langan smell (smella og halda) á gagnarakningarhnappinn í efstu stiku. Þegar sýningarhamur er virkur lítur gagnarakningarhnappurinn svona út . Þegar sýningarhamur er óvirkur lítur gagnarakningarhnappurinn svona út .

13.14.2 Sýna hnappa á efstu stiku

Þegar hann er virkjaður, mun Birtist gagnarakningarhnappurinn í efstu stiku. Gagnarakningarhnappurinn í efstu stiku gefur fljótlegan aðgang að eftirfarandi stillingum: Sýningarham, sýna hnappanotkunartalningu, sýna sýningartalningu og stjórna gögnum.



13.14.3 Sýna hnappanotkunartalningu

Þegar hann er virkjaður sýna hnappar hvítt merki með fjölda skipta sem hnappurinn var valinn af notanda (á meðan vöktun hnappanotkunar var virkjuð) í tilteknum tímaramma. Sjálfvalinn tímarammi er allt.

Virkja sýna hnappanotkunartalningu (í notandastillingum)

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Gagnarakning** flokkur.
4. Setja **Sýna hnappanotkunartalningu** á kveikt.

Til að breyta tímabili notkunartalningar, skaltu velja **Tímabil**, og nota síðan fellilistavalmyndina eða reitina með upphafs- og lokadagsetningu/-tíma.

Virkja sýna hnappanotkunartalningu (í gegnum gagnarakningarhnappinn í efstu stiku)

Til að virkja gagnarakningar hnappinn í efstu stiku, sjá kafla *13.14.2 Sýna hnappa á efstu stiku*.

1. Veldu **Gagnarakning** hnappinn í efstu stiku.
2. Virkja **Sýna hnappanotkunartalningu**.

Til að breyta tímabili notkunartalningar, skaltu velja **Tímabil**, og nota síðan fellilistavalmyndina eða reitina með upphafs- og lokadagsetningu/-tíma.



Skýringarmynd 13.3 Hnappur sýnir notkunartalningu (hvítt) og sýningartalningu (appelsínugult).

13.14.4 Sýna sýningartalningu

Þegar hann er virkjaður sýna hnappar appelsínugult merki með fjölda skipta sem hnappurinn var valinn í sýningarham (á meðan vöktun hnappanotkunar var virkjuð) í tilteknum tímaramma. Sjálfvalinn tímarammi er allt.

Virkja sýna sýningartalningu (í notandastillingum)

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Gagnarakning** flokkur.
4. Setja **Sýna sýningartalningu** á kveikt.

Til að breyta tímabili sýningartalningar, skaltu velja **Tímabil**, og nota síðan fellilistavalmyndina eða reitina með upphafs- og lokadagsetningu/-tíma.

Virkja sýna sýningartalningu (í gegnum gagnarakningarhnappinn í efstu stiku)

Til að virkja gagnarakningar hnappinn í efstu stiku, sjá kafla *13.14.2 Sýna hnappa á efstu stiku*.

1. Veldu **Gagnarakning** hnappinn í efstu stiku.
2. Virkja **Sýna sýningartalningu**.

Til að breyta tímabili sýningartalningar, skaltu velja **Tímabil**, og nota síðan fellilistavalmyndina eða reitina með upphafs- og lokadagsetningu/-tíma.

13.14.5 Stjórna gögnum

Endurstilla hnappanotkunartalningu og sýningartalningu á núll fyrir núverandi síðu, hnappa á skilaboðaslá, hnappa á tækjastiku eða allt síðusettið.

Endurstilling hnappanotkunartalningar eyðir ekki fyrri notkunargögnum. Ef þú vilt eyða öllum notkunargögnum sem hafa verið geymd á mytobiidynavox reikningi þínum varanlega, skaltu nota vefvafra og fara á *mytobiidynavox.com* > *Snap* > *notkunargögn*.

Endurstilla notkunartalningu (í notandastillingum)

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Velja **Notandi** flipann.
3. Veldu **Gagnarakning** flokkur.
4. Veldu **Stjórna gögnum**.
5. Veldu svæðið sem þú vilt endurstilla hnappanotkunartalningu og sýningartalningu á núll.
6. Veldu **Endurstilla** til að endurstilla notkunar- og sýningartalningu fyrir valið svæði. Til að hætta við endurstillingaraðgerð velurðu hætta við.

Endurstilla notkunartalningu (í gegnum gagnarakningarhnappinn í efstu stiku)

Til að virkja gagnarakningar hnappinn í efstu stiku, sjá kafla *13.14.2 Sýna hnappa á efstu stiku*.

1. Veldu **Gagnarakning** hnappinn í efstu stiku.
2. Veldu **Stjórna gögnum**.
3. Veldu svæðið sem þú vilt endurstilla hnappanotkunartalningu og sýningartalningu á núll.

4. Veldu **Endurstilla** til að endurstilla notkunar- og sýningartalningu fyrir valið svæði. Til að hætta við endurstillingaraðgerð velurðu hætta við.

14 Kerfisstillingar

14.1 Kjörstillingar

14.1.1 Aðgangskóði

Þegar þetta er virkjað þarf fjögurra stafa aðgangskóða til að fara í breytingarham, leitarham og samstillingu. Virkjun aðgangskóða getur hjálpað til við að koma í veg fyrir óheimilar breytingar á síðusetti og stillingum.

Virkja aðgangskóða

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Kerfi** flipann.
3. Stilltu nota aðgangskóðarofann á **Kveikt**.
4. Settu inn fjögurra stafa aðgangskóða sem aðeins þú veist og er ekki auðvelt að giska á.



5. Settu inn aðgangskóðann aftur til að staðfesta hann.
6. Þegar þú virkjar nota aðgangskóða, er aðgangskóði sjálfvalið virkjaður fyrir breytingarham, samstillingu og leitarham. Stilltu hann á slökkt fyrir hvern sem er af þessum eiginleikum ef þú vilt að þeir séu aðgengilegir án aðgangskóða.

Ef aðgangskóði er virkjaður og samstillingareiginleikaaðgangskóði er óvirkur mun samstillinga aðeins virka í sækja eingöngu ham. Þegar þú samstillir í sækja eingöngu ham færðu breytingar á síðusetti (sem gerðar eru á öðrum tækjum) en sendir engar breytingar á síðusettinu sem gerðar voru á núverandi tæki.

7. Þegar þú ferð úr breytingarham þarf aðgangskóða til að fá aðgang að kaupum í forriti og ef hann er virkjaður, breytingarham, samstillingu og/eða leitarham.

Ef þú hefur þegar virkjað aðgangskóða getur þú endurstillt aðgangskóða með því að velja **Breyta** hnappinn.

Ef þú gleymir aðgangskóðanum skaltu nota master-aðgangskóða (0250) til að fá aðgang að breytingarham og setja inn nýjan aðgangskóða tafarlaust.

14.1.2 Skjástillingar (aðeins fyrir Windows)

Þegar heilskjáhamur er virkjaður fyllir TD Snap hugbúnaðurinn út í allan skjáinn á tækinu. Þegar heilskjáhamur er afvirkjaður fellist TD Snap hugbúnaðurinn inn í sníðanlegan skjá á tækinu.

14.1.3 Breytingarstilling tungumáls

Veldu tungumál fyrir viðmót breytingarhams.

14.2 Tæki

Tækjahlutinn er aðeins tiltækur á Tobii Dynavox I-13 og I-16 tækjum.

14.2.1 Stillingar félagsgluggavísis

Félagaglugginn er skjár aftan á Tobii Dynavox I-13 og I-16 tækjunum. Félagaglugginn upplýsir tjáskiptafélagann að notandi sé að undirbúa sig undir að tala og sýnir texta sem félaginn les.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Kerfi** flipann.
3. Veldu **Tæki**.
4. Veldu úr valkostum félagaglugga:
   - **Sýna skilaboðagluggatexta** — sýna skilaboðagluggatexta í félagaglugga í rauntíma.
   - **Sýna texta sem verið er að tala** — sýna aðeins texta í félagaglugga þegar hann er talaður. Á meðan verið er að semja í skilaboðaglugga sýnir félagaglugginn röð punkta sem sýnir að notandi undirbýr skilaboð sín. Þegar skilaboðaglugginn er talaður skrunar félagaglugginn textanum um leið og hann er talaður.

     Félagaglugginn sýnir bara texta. Hann sýnir ekki tákn.

5. Veldu í stöðu útlits félagaglugga:
   - **Spegill** — sýnir minni útgáfu af félagaglugganum í efstu stiku.
   - **Tákn** — sýna tákn þegar kveikt er á félagaglugga. Fela tákn þegar slökkt er á félagaglugga.
6. Setur straum félagaglugga á **Kveikt** eða **Slökkt**. Þegar straumur félagaglugga er stilltur á slökkt, sýnir hann ekki neinn texta.

   Þú getur einnig notað aðgerðir hnapps til að stjórna birtustigi skjás félagaglugga og kveikja og slökkva á félagaglugga. Sjá hluta *8.6.2 Virkt efni* og *8.7 Aðgerðir hnapps*.

14.3 Búð

Kauptu hluti og stjórnaðu virkjunarlyklinum þínum.

14.3.1 Innkaup

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Kerfi** flipann.
3. Veldu **Búð**.
4. Veldu **Kaupa** á hlutnum sem vilt kaupa.
5. Kláraðu öruggu viðskiptin þín.

Internettenging er nauðsynleg til að kaupa í búðinni.

14.3.2 Endurheimta innkaup (Aðeins Windows)

Ef keyptu hlutirnir þínir birtast ekki í Windows útgáfunni af TD Snap forritinu, skaltu endurheimta kaupin með virkjunarlyklinum þínum.

Internettenging er nauðsynleg til að endurheimta innkaup.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Kerfi** flipann.
3. Veldu **Búð**.
4. Veldu **Endurheimta innkaup**.
5. Sláðu inn **Virkjunarlykilinn** þinn.
6. Veldu **Búið**.

14.3.3 Afvirkja lykil (Aðeins Windows)

Fjarlægðu virkjunarlykilinn þinn úr núverandi Windows tæki til þess að hægt sé að nota hann á öðru tæki.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Kerfi** flipann.
3. Veldu **Búð**.
4. Veldu **Afvirkja lykil**. Staðfestingargluggi mun opnast.
5. Staðfestu að þú viljir afvirkja lykilinn þinn á þessu tæki.

14.4 Táknasett

14.4.1 Leitarstillingar

Þegar örugg táknleit er virkjuð birtast berorð tákn ekki í táknleit, (táknmynduðum) skilaboðaglugga eða leitarham. Þegar örugg táknleit er óvirk, notar táknleit, skilaboðagluggatákn og leitarhamur öll tiltæk tákn.

14.4.2 Uppsett og niðurhalanleg tákn

Táknasettin sem talin eru upp í uppsett tákn hlutanum eru táknasett sem eru þegar uppsett og tiltæk á tækinu.

Til að eyða uppsettu táknasetti skaltu velja **Eyða** hnappinn og velja síðan **Eyða** til að staðfesta.

Snap kjarnatáknum er ekki hægt að eyða.

Táknasettin sem talin eru upp í niðurhalanleg tákn hlutanum eru ókeypis táknasett sem eru ekki þegar uppsett á tækinu. Til að hlaða niður og setja upp táknasett skaltu velja **Niðurhal** við hliðina á viðeigandi táknasetti.

Þú verður að vera með virka nettengingu til að ná í táknasett.

Sum táknasett frá þriðja aðila má kaupa í gegnum verslunina. Sjá hluta *14.3 Búð*.

14.4.3 Endurraða táknasettum

Röð táknaleitarniðurstaðna er ákvörðuð af röð táknasetta í uppsettum táknalista. Ef þú notar, til dæmis, mest há-andstæðutákn í síðusetti þínu, gætir þú fært há-andstæðutáknasettið efst í lista yfir uppsett táknasett til að forgangsraða há-andstæðutáknum (þegar þau eru tiltæk) í táknleit.

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Kerfi** flipann.

3. Veldu **Táknasett** flokkur.
4. Veldu og haltu niðri haldi táknasetts í lista yfir uppsett tákn.
5. Dragðu táknasettið í nýja staðsetningu á listanum.



14.5 Hjálp og leiðbeiningar

14.5.1 Myndbönd

Horfðu á myndbönd til að læra meira um notkun TD Snap.

14.5.2 Pathways fyrir Core First

Pathways fyrir Core First er ókeypis forrit sem kennir þér öflugustu aðferðirnar við að nota TD Snap fyrir tjáskipti, læsi, hegðunarstuðning og fleira! Fylgdu tenglunum í þessum kafla til að læra meira.

14.5.3 Snögg yfirferð

Endurræstu snögga yfirferð til að læra að nota TD Snap hugbúnaðinn.

14.5.4 Ytri hjálp

Fáðu aðgang að notandaleiðbeiningum, þjálfunarspjöldum, frekari myndböndum, þekkingargrunni á netinu og leyfissamningi endanlegs notanda.

14.6 Um

TD Snap útgáfuupplýsingar.

14.6.1 Senda endurgjöf

Notaðu hnappinn fyrir senda endurgjöf til tilkynna vandamál í sambandi við TD Snap eða senda ábendingu um eiginleikaósk til þróunarteymsins. Þetta er ekki rauntímaspjall eða tækniaðstoð.

14.6.2 Hugbúnaðaruppfærslur

Gildir eingöngu fyrir Windows

TD Snap forritið framkvæmir reglulega sjálfvirkar uppfærslur.

Til að athuga handvirkt hvort ný útgáfa sé komin og hala niður uppfærslunni:

1. Veldu **Breyta** hnappinn.
2. Veldu **Kerfi** flipann.
3. Veldu **Kjörstillingar** flokkinn.
4. Ef uppfærsla er fáanleg mun hún birtast fyrir neðan EAN númerið. Til að fá uppfærða útgáfu skal velja **Setja upp uppfærslu**.

Höfundarréttur ©Tobii Dynavox AB. Ekki eru allar vörur og þjónustur fáanlegar á öllum mörkuðum. Tæknilýsingar geta breyst án fyrirvara. Öll vörumerki eru í eigu hlutaðeigandi eiganda.

Stuðningur fyrir Tobii Dynavox tækið þitt

Fáðu hjálp á netinu

Sjáðu vörusértækar stuðningssíður fyrir Tobii Dynavox tæki þitt. Hún inniheldur dagréttar upplýsingar um vandamál og ábendingar og ráð sem tengjast vörunni. Finndu stuðningssíður okkar á netinu á: *www.TobiiDynavox.com/support-training*

Hafðu samband við lausnaráðgjafa þinn eða endursöluaðila

Sértu með spurningar eða vandamál varðandi vöruna, skaltu hafa samband við lausnaráðgjafa Tobii Dynavox eða heimilaðan endursöluaðila. Þeir hafa mesta þekkingu á persónulegri uppsetningu þinni og eiga þess vegna best með að hjálpa þér með ábendingum og þjálfun í notkun vörunnar. Tengiliðaupplýsingar færðu hjá: *www.TobiiDynavox.com/contact*

#12005874 TD Snap Notandahandbók v.1.18 - is-IS